

BRYNDÍS SVEINSDÓTTIR

### Heldur til Parísar í starfsnám í fatahönnun

• Tíska • Heimili

allt í MIÐJU BLAÐSINS




SVANHILDUR HÓLM

### Opnar húsið á Fiskideginum mikla

Reiðir fram súpu fyrir tvö hundruð manns

FÓLK 50



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. ágúst 2007 – 213. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## FIMMTUDAGUR

### Pestóréturinn leynivopnið

Lóa Hlín eldar upp úr einstakri matreiðslubók.

FÓLK 38



### Smápústrar?

„Löggæzlan í miðbænum er þannig vaxin, að íbúarnir í hverfinu þora fæstir út fyrir dyr á síðkvöldum um helgar,“ skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 26



### Nýtt Harry-hneyksli

Bandaríska pressan reynir að koma höggi á bresku hirðina.

FÓLK 40



KIRKJUSTÆÐIÐ BLESSAÐ Karl Sigurbjörnsson biskup tók fyrstu skóflustunguna að nýrri kirkju við Kirkjustétt í Grafarholti í gær. Honum til aðstoðar voru börn og unglingar úr Grafarholtssöfnuði, en kirkjan á að rísa í árslok 2008.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Árleg skemmtihátíð:

## Hinsegin dagar hefjast í dag

**HÁTÍÐAHÖLD** Hinsegin dagar, hátíðahöld samkynhneigðra á Íslandi, hefjast við Q-bar í Ingólfsstræti á hádegi í dag. Þar verður minnst uppþota samkynhneigðra sem urðu við Stonewall-barinn í New York 27. júní 1967.

Þétt dagskrá verður alla daga til sunnudagsins er hátíðinni lýkur. Af því tilefni að 40 ár eru liðin frá uppötunum og jarðarför Judy Garland munu hátíðarhaldarar heiðra minningu Garland. Páll Óskar mun syngja nokkur lög söngkonunnar.

Hápunktur hátíðarinnar er Gleðigangan sem fer fram á laugardaginn. Gengið verður frá Hlemmi klukkan tvö, sem leið liggur niður Laugaveg. Að göngunni lokinni fer fram hátíðardagskrá við Arnarhól.

Á síðasta ári mættu yfir 50 þúsund manns og fylgdust með þessari litskrúðugu skrudgöngu í blíðskaparveðri.

- avi

## Íbúar á Kársnesi reiðir

Íbúðablokkir munu rísa á svæði sem nú geymir atvinnuhúsnæði á Kársnesi í Kópavogi. Deiliskipulag var samþykkt á sérstökum aukafundi bæjarstjórnar í gær. Formaður byggðarsamtaka segir bæjarstjórn ganga gegn vilja íbúa á svæðinu.

**SKIPULAGSMÁL** „Það eru mikil vonbrigði fyrir okkur að þetta skyldi vera samþykkt,“ segir Arna Harðardóttir, formaður samtakanna Betri byggð á Kársnesi. Deiliskipulag fyrir svokallaðan reit fjögur á Kársnesi var samþykkt á fundi bæjarstjórnar Kópavogs í gær.

Í skipulaginu er gert ráð fyrir 105 íbúðum í fjögurra hæða blokkum við Hafnarbraut og Bakka-braut, þar sem nú eru atvinnuhúsnæði. Tillagan sem samþykkt var varðar einn tíunda þess svæðis sem stendur til að breyta á Kársnesi.

Íbúar á Kársnesi fjölmenntu á fundinn og ræddu við bæjarfulltrúa að honum loknum. Hávær mót-mæli hafa verið gegn væntanlegum

skipulagsbreytingum á Kársnesinu upp á síðkastið.

„Þessi reitur var partur af rammaskipulagi sem var kynnt fyrir okkur í desember og við teljum að það eigi að skoða þessa fjölgun heildstætt og afgreiða í einu lagi,“ segir Arna. Hún telur ljóst að bæjarstjórn gangi með þessu gegn vilja íbúa Kársness.

Bæjarráð starfar í umboði bæjarstjórnar þegar hún er í fríu. Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks boðaði hins vegar til aukafundar í bæjarstjórn með sólarhrings fyrirvara til að afgreiða málið, eftir að minnihlutinn fór fram á það að málinu yrði frestað og það tekið fyrir í bæjarstjórn.

Guðrífur Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar, var stödd úti á landi þegar fundurinn var haldinn og komst ekki á hann. Hún segist hissa á vinnubrögðunum. „Það er bæjarstjórnarfundur á dagskrá 28. ágúst. Nú er verið að kalla fólk saman úr sumarfrí til þess að afgreiða þetta eina mál. Hvað getur verið svona brýnt við að afgreiða þessa skipulagstillögu að það þoli ekki bið til 28. ágúst? Mér finnst þetta mjög furðulegt.“

Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokks, segir að einungis hafi verið brugðist við kröfu minnihlutans um að málið yrði tekið fyrir í bæjarstjórn.

- sh / sps

Rekstrargjöld aukast á árinu:

## Bankamenn fimmtungi fleiri

**VIÐSKIPTI** Álíka margir starfa nú hjá viðskiptabönkunum þremur og Straumi fjárfestingarbanka og nemur íbúafjöldi Mosfellsbæjar. Starfsmönnum í þessum fjórum félögum hefur fjölgað um fimmtung frá áramótum. Nú starfa hjá þeim 7.740 manns, en voru í ársbyrjun 6.445.

Fjórfalet fleiri vinna nú hjá Straumi en í ársbyrjun, en fjölgunin er þó mest hjá Glitni sem bætt hefur við 500 meðalstöðugildum frá áramótum.

Fjölgun starfsfólks, bónus og meiri umsvif skýra aukin gjöld stóru bankanna sem hafa hækkað um 45 prósent á milli ára. Þar með talinn er 700 milljóna króna kostnaður Glitnis á öðrum ársfjórðungi vegna starfsloka Bjarna Ármannssonar.

- óká / eþa / sjá síðu 24


## VEÐRIÐ Í DAG



**HLÝTT** Í dag verða yfirleitt austan 3-8 m/s en heldur stífar með suðurströndinni. Víða rigning eða skúrir en þurrkt að kalla norðaustan og austan til. Hiti 12-20 stig, hlýjast til landsins á Norðaustur- og Austurlandi.

## Fimmtudagur

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu



\*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í maí 2007

Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður sýnir fjölda fólks verk sín:

## Verðlaunuð á danskri tískuviku

**MENNING** Fatahönnuðurinn Steinunn Sigurðardóttir hlaut norrænu hönnunarverðlaunin Gínuna á tískuvikunni í Kaupmannahöfn í gær.

Steinunn segist afar ánægð með verðlaunin, og segir tískuvikuna í Kaupmannahöfn góðan vettvang fyrir íslenska hönnuði. „Hingað koma allir af Norðurlöndunum,“ sagði hún.

- sun / sjá síðu 50



DAGANA 8.-26. ÁGÚST **SPARI DAGAR** ORMSSON **ORMSSON** ..og þú gerir frábær kaup! TÓLF VERSLANIR OG UMBODSMENN UM LAND ALLT

hotel edda **KYNNTU ÞÉR NETTILBOÐIN Á** www.hoteledda.is **ORMSSON** Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000.



# Útsala

Götumarkaður!



Stærstu og fjölbreyttustu útsölu landsins lýkur nú um helgina með enn meiri afslætti af öllum útsöluvörum. Komdu og gerðu frábær kaup á götumarkaðinum og upplifðu stemninguna!

**Opið til 21 í kvöld**

<b>Mán. til mið.</b>	<b>Fimmtudagur</b>	<b>Föstudagur</b>	<b>Laugardagur</b>	<b>Sunnudagur</b>
10.00–18.30	10.00–21.00	10.00–19.00	10.00–18.00	13.00–17.00

[www.kringlan.is](http://www.kringlan.is) / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Kringlan

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	63,13 63,43
Sterlingspund	128,02 128,64
Evra	86,87 87,35
Dönsk króna	11,669 11,737
Norsk króna	10,902 10,966
Sænsk króna	9,406 9,462
Japanskt jen	0,5289 0,5319

SDR	96,77	97,35
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	117,603	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

## Vísindamenn hafa fundið einstakt eldfjall á hafsbotni á Reykjaneshrýgg: Getur gosið á hverri stundu

**VÍSINDI** Vísindamenn hafa fundið tvö gömul rekbelti og eldfjall á hafsbotni á Reykjaneshrýgg sem er hið eina sinnar tegundar í heiminum. Þessar merku uppgötvanir eru niðurstöður rannsóknarleiðangurs sem fræðimenn frá Háskóla Íslands og Háskólanum á Hawaii héldu í í sumar á rannsóknarskipinu Knorr.

„Þetta hefur fyrst og fremst mikla fræðilega þýðingu og hjálpar okkur að skilja jarðsögu Íslands,“ segir Ármann Höskuldsson eldfjallafræðingur og einn leiðangursmannanna. Hann segir að ekki hafi verið vitað um tilvist rekbeltanna og eldstöðvarinnar áður þar sem



**MERKAR UPPGÖTVANIR Á KNORR** Ármann býst við að fleira óvænt eigi eftir að koma í ljós á Reykjaneshrýgg.

FRÉTTABLAÐIÐ/SVAVAR

svæðið hafi aldrei verið skoðað með þessari nákvæmni.

Eldfjallið sem leiðangursmennirnir fundu hefur hlotið nafnið Njörður. Eldstöðin er engin smásmíð því fjallið rís um 1.100 metra upp af hafsbotni.

„Við þekkjum sambærileg eldfjöll á landi en svona stórt eldfjall á rekás úti í sjó þekkest ekki. Það vissi enginn að þetta væri til,“ segir Ármann sem segir að fjallið geti gosið hvenær sem er.

„Það mun gjósa þarna. Þessi askja hefur myndast í stóru gosi en það er óvíst hvort svo stórt gos verði þarna aftur,“ segir Ármann sem býst við að fleira eigi eftir að koma í ljós þegar svæðið verður kannað frekar.

## Sat föst á 600 metra dýpi: Tábrotin í helli í fjóra daga

**SPÁNN, AP** Belgískum hellafræðingum var bjargað í gærmorgun heilum á húfi eftir að hafa setið fastur í fjóra daga í helli á sex hundruð metra dýpi.

Annetta van Houtte var á ferð með fjórum öðrum hellafræðingum í helli í Navarre-héraði á Spáni þegar hún slasaðist á sunnudaginn og braut þrjár tær á vinstri fæti. Við svo búið gat hún ekki fylgt hópnunum aftur upp á yfirborðið.

Björgunarlið var sent af stað seinnipart sunnudags til að leita önnur, sem er 49 ára gömul. Aðstæðum var lýst sem mjög erfiðum og hættulegum.

- sfg



**STÓR ÁFANGI** Össur Skarphéðinsson tekur fyrstu skóflustunguna ásamt bæjarstjóranum í Geretsried.

MYND/ENEX

Jarðvarmavirkjun Enex:

## Framkvæmdir hafnar í Bæjaralandi

**IBNAÐUR** Í gær hófust framkvæmdir við fyrstu jarðvarmavirkjun íslenska fyrirtækisins Enex í Geretsried í Þýskalandi. Össur Skarphéðinsson iðnaðar ráðherra var viðstaddur athöfnina og tók fyrstu skóflustunguna.

Enex ætlar að reisa sex jarðvarmavirkjanir í Bæjaralandi á næstu misserum og er ráðgert að sú fyrsta taki til starfa eftir tvö ár. Félagið er að mestu í eigu Geysir Green Energy, Landsvirkjunar, Jarðborana og Orkuveitu Reykjavíkur.

Virkunin í Geretsried verður með framleiðslugetu á bilinu tíu til fimmtán megavött af raforku.

- þo

### LEIÐRÉTTING

Mishermt var í Fréttablaðinu í gær að einungis sé heimilt að gera ökutæki upptækt ef líkamlegur skaði eða mannlát hefur hlotist af. Það gildir einungis ef viðkomandi er án ökuleyfis. Gera má ökutæki upptækt undir mörgum öðrum kringumstæðum. Einnig var rangt að ljúka mætti máli með sektargerð þegar um er að ræða fikniefnaakstur. Öll þau mál fara fyrir dóm.

# Minna vitað um eftirlit íslenska ríkisins

Rannsóknir á eftirliti íslenska ríkisins með þegnum í kalda stríðinu eru styttra á veg komnar en á hinum Norðurlöndunum. Gagnaeyðing og áhugaleysi ríkisvaldsins meðal orsaka. Gögn um eftirlitið líklega til á Norðurlöndunum.

**SAGNFRÆÐI** Minna er vitað um eftirlit íslenska ríkisins með þegnum landsins á dögum kalda stríðsins en á hinum Norðurlöndunum, segir Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur. Guðni stýrir málstofu sex norræna sagnfræðinga um efnið sem haldin verður á norrænu sagnfræðingapingi í Háskóla Íslands í dag.

„Ástæðan fyrir þessu er fyrst og fremst sú að miklu magni gagna um eftirlit íslenska ríkisins á dögum kalda stríðsins var eytt árið 1976. Ef þessum gögnum hefði ekki verið eytt þá myndum við vita betur hvernig þessu eftirliti var háttað. Stjórnvöld á Íslandi hafa ekki heldur tekið ákvörðun um að ráða fræðimenn til að rannsaka þessi mál ofan í kjölinn eins og á hinum Norðurlöndunum, til dæmis í Noregi. Íslensk stjórnvöld ákváðu það auk þess fyrst í fyrra að veita fræðimönnum aðgang að þeim heimildum sem eru til um þetta



**SETNING SAGNFRÆÐINGAPINGSINS** 26. norræna sagnfræðingapingið var sett í hátíðasal Háskóla Íslands (HI) í gær. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Kristín Ingólfssdóttir, rektor HI, voru viðstaddar setningu þingsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ROSA

eftirlit,“ segir Guðni. Hann bætir því við að stjórnvöld á hinum Norðurlöndunum hafi ákveðið það í byrjun tíunda áratugarins, strax og kalda stríðinu lauk, að rannsaka hvernig ríkisvaldið hafði eftirlit með þeim þegnum sem taldir voru ógna öryggi þess í kalda stríðinu.

Guðni segir að eftirlit ríkisins með þegnum hafi verið mismunandi eftir löndum, til dæmis hafi verið reynt að ráða ekki „harða kommúnista“ í vinnu á Keflavíkurflugvelli eftir að Bandaríkjamenn komu þangað árið 1951. „Það virðist hins vegar vera ljóst að öll slík skráning manna eftir pólitískri hugmyndafræði þeirra var minni hér en á hinum Norðurlöndunum. En aftur á móti kann að vera að sú skoðun sé ekki rétt því svo miklu magni gagna var eytt árið 1976. Þessi staðreynd gerir allan samannburð á eftirliti íslenska ríkisins við eftirlitið á hinum Norðurlöndunum

erfiðan,“ segir Guðni. Hann bætir því við að þrátt fyrir heimildaskortinn á Íslandi ætli sagnfræðingarnir að reyna að átta sig á því hvað var sameiginlegt í eftirlitinu á Norðurlöndunum.

Guðni segir að til dæmis sé vitað að lögreglustjórnir á Norðurlöndunum hafi fundað reglulega á dögum kalda stríðsins og rætt um öryggismál. „Það er eitthvað til um þessa fundi á einhverju skjalasafni á Norðurlöndunum, en ég veit ekki hvar,“ segir Guðni og bætir því við að það hjálpi sagnfræðingum sem skrifa um þessi mál að hittast og skiptast á skoðunum. „Til dæmis er verið að skrifa sögu dönsku öryggisþjónustunnar um þessar mundir. Í skjalasöfnunum hennar eru örugglega til skjöl þar sem minnst er á Ísland því yfirmenn öryggismála hér á landi höfðu mikil samskipti við Danina,“ segir Guðni.

ingifrey@frettabladid.is

## Mistök ollu rafmagnsleysi: Óvart þrýst á rangan rofa

**ÓHAPP** Rafmagnsleysið í stórum hluta landsins í um klukkustund í fyrradag varð vegna mannglegra mistaka. Líklega hefur það orsakast af því að óvart var þrýst á rangan jarðbundinn rofa í stjórnstöð Landsnets. Yfir helmingur landsins, Vesturland, Vestfirðir og Austurland, varð rafmagnslaus í um klukkustund á milli tvö og þrjú og stóriðja var án rafmagns enn lengur, eða í tæpar tvær klukkustundir.

Stóriðjufyrirtækin urðu ekki fyrir teljanlegu tjóni, en álver þola að jafnaði um fjögurra tíma rafmagnsleysi áður en ál tekur að storkna í kerum. Ef það gerist hlýst mikið tjón af.

- sh

## Karl Bjarni Guðmundsson: Laus úr gæsluvarðhaldi

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn er lokið á máli Karls Bjarna Guðmundssonar, sem handtekinn var í Leifsstöð aðfaranótt 1. júní síðastliðinn með tvö kíló af kókaíni í fórum sínum. Málið hefur verið sent Ríkissak-



**KARL BJARNI GUÐMUNDSSON**

sóknara sem mun gefa út ákæru. Karl losnaði úr gæsluvarðhaldi á föstudaginn var og mun ganga laus þar til dómur gengur í máli hans. Ekki þótti ástæða til að óska eftir framleggingu á gæsluvarðhaldinu þar sem málið telst að fullu upplýst. Kílóin tvö eru mesta magn fikniefna sem yfirvöld hafa lagt hald á það sem af er ári. Komið hefur verið í veg fyrir smygl á tæpum fjórum og hálfu kíló af kókaíni til landsins í ár.

- sh

Gæða sængur og heilsukoddar.

**LYSTADÚN**  
*Maro*

Opíð virka daga: 10–18, lau: 11–15 Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

### VEÐURSPÁ

**um hádegi »**

**» á morgun**

3-8 m/s, stífastur vestan til.

**» laugardagur**

3-8 m/s, stífastur vestan til.

**um hádegi »**

Kaupmannahöfn	22°C skúrir	London	22°C léttskýjað	Friedrichshafen	16°C skúrir
Billund	25°C hálfskýjað	Paris	20°C alskýjað	Basel	15°C rigning
Oslo	23°C rigning	Amsterdam	19°C hálfskýjað	Alicante	27°C hálfskýjað
Stokkhólmur	25°C skúrir	Frankfurt	20°C skúrir	Algarve	27°C heiðskírt
Gautaborg	25°C léttskýjað	Berlín	29°C hálfskýjað	Las Palmas	26°C hálfskýjað

\*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

**13.190**

**Hurð**  
Fura, 4 spjalda,  
60-90 sm, án karms og gerefta  
93171-4  
**Karmur 8,5 sm 5.339**

**11.190**

**Hurð**  
Fura, 3 spjalda,  
60-90 sm, án karms og gerefta  
93171-4  
**Karmur 8,5 sm 5.339**

**Nýtt**

**HARVIA<sup>®</sup>**  
Sauna S

**Gufubaðsklefi**  
Stærð: 1945x1505 mm  
Grenipanill að innan og utanverðu  
Hurð: 70x190 cm  
Ofn: 6,0kW 1. fasa  
Allir fylgihlutir fylgja: Fata, hitamælir, ljós  
Kemur í einingum og tekur um 4 klst. að setja saman  
Eigum einnig aðrar stærðir og sérpöntum.  
599100

**299.900**

# Líttu á verðið!

**25%**  
afsláttur af öllum  
panil og vatnslæðningum  
út ágúst



**Bútsög**  
**Metabo**, 1350W, 210 m/m  
blað, með laser  
5159453

**9.979**

**1.099**  
~~1.799~~

**Handsög**  
**Stanley Jet Cut**  
5001649

**Áltrappa**  
3 þrep  
5078885

**Áltrappa**  
4 þrep  
5078886

**Áltrappa**  
5 þrep  
5078888

**2.299**

**2.599**

**2.999**

**Rafhlöðuborvél**  
**Hitachi**, 12 V, ljós og bitasett,  
í góðri tösku, 3 rafhlöður  
5247480

**12.999**

**3 rafhlöður**

## KJÖRKASSINN



Hefur þú ekið undir áhrifum?

Já	51%
Nei	49%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú að taka þátt í hinsegin dögum?

Segðu skoðun þína á [visir.is](http://visir.is)

Kæra Skógræktarfélagins á hendur Kópavogsbæ vegna rasks í Heiðmörk:

## Sáttaleiðin er ekki útilokuð

**UMHVERFISMÁL** „Menn eru að vinna saman að því að leggja lögnina og einnig er unnið að því að fá ásættanlegar bætur fyrir tjónið, eins og við höfum farið fram á frá fyrsta degi,“ segir Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur.

Náist samkomulag um bætur komi því til greina að falla frá kæru á hendur Kópavogsbæ og verktakafyrirtækinu Klæðningu vegna rasks og skemmda á gróðri vegna vatnslagnar, meðal annars í Þjóðhátíðarlundinum í Heiðmörk.

Félagið kærði framkvæmdaraðila í febrúar á þessu ári, en þeir höfðu að auki hafið framkvæmdir



**FRAMKVÆMDIR Í HEIÐMÖRK** Hér sjást ummerki eftir framkvæmdirnar á reiti Sinawik-kvænna. MYND/HJÁLMAR HLÖÐVERSSON

á svæðinu án leyfis frá Reykjavíkurborg.

Eftir að leyfið var loks veitt hafa framkvæmdaraðilar unnið að lögninni í samráði við Skógræktarfélagið.

Upphaflega taldi félagið að um 1.000 plöntur hefðu verið fjarlægðar eða eyðilagðar. Helgi segir að hlutlausir matsmenn hafi síðan úrskurðað að tjónið hefði ekki verið langt frá þessu, en þó eitthvað minna.

Næstu skref verði tekin í samráði við lögfræðing.

„En kærnan er enn hjá lögreglunni og við höfum enga stjórn á því,“ segir Helgi.

Styrkir frá ríkisstjórninni:

## 100 milljónir í íslenskukennslu

**MENNTUN** Ríkisstjórnin ætlar að veita hundrað milljónum króna í styrki til námskeiða í íslensku fyrir útlendinga á síðari hluta þessa árs. Styrkirir verða auglýstir á næstunni.

Á fyrri hluta ársins var níutíu milljónum króna úthlutað í styrki af þessu tagi, og voru þeir auglýstir í janúar síðastliðnum.

Samkvæmt tilkynningu frá menntamálaráðuneytinu vakti umsóknafjöldinn athygli á því hversu mikill áhugi er á íslenskukennslu hjá útlendingum og fyrirtækjum.

- sþs

HVAÐ ER SÍMINN?

## Óskum eftir starfsfólki

Starfsfólk óskast í sal á veitingastaðina Banthai og Na na Thai sem fyrst.

**Við notum:**  
Vel valið hráefni t.d.  
-kjúklingabringur  
-nauta fillet  
-svína fillet  
-Lamba fillet  
-ferskt grænmeti  
-gæða krydd  
(innflutt af okkur)  
-litla olíu  
-og fleira

Viðkomandi verður að tala íslensku.  
**Upplýsingar í síma 896 3536**

Matseðill á  
[www.thaimatur.com](http://www.thaimatur.com)

**na na thai**  
Thai Restaurant & Store

**BANTHAI**  
Laugavegi 130



**BEIÐ EFTIR AÐSTÖÐ** Íbúar í þorpinu Manikgonj í Bangladesi bíða í gær eftir hjálparstarfsfólki, sem kom færandi hendi með mat, vatn og lyf.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Hjálparstarf í kapphlaupi við tímann

Þrjátíu milljónir manna hafa orðið fyrir áhrifum af monsúnflóðunum í Suður-Asíu. Milljónir hafa misst heimili sín. Hjálparstarf miðast nú að því að koma í veg fyrir sjúkdóma. Fólk hefur ekki aðgang að drykkjarvatni og skortir lyf.

**INDLAND** Hjálparstarfsfólk þarf að hafa hraðar hendur við að koma aðstoð til íbúa á flóðasvæðunum í Suður-Asíu. Þótt vatnið sé farið að sjatna þá verður það hættulegra heilsu fólks með hverjum deginum sem líður. „Vandamálið núna er að fólkið hefur ekki ferskvatn. Það hefur flætt yfir alla brunna og fólk er jafnvel að drekka bara flóðavatn. Þannig fara sjúkdómarnir af stað,“ segir Alistair Grétarsson, upplýsingafulltrúi hjá UNICEF á Indlandi.

Hjálparstarfsmenn hafa verið að dreifa klórtöflum og sótt-hreinsa vatnsból, auk þess sem þeir dreifa matvælum, vatni og lyfjum til íbúanna.

„Það kemur ekki almennilega í ljós fyrr en eftir nokkra daga hve þetta er alvarlegt í raun,“ segir Alistair.

Margir íbúanna fóru heim til sín strax og vatnið fór að sjatna, og hunsuðu viðvaranir um að bíða í einn eða tvo daga í viðbót í neyðar-búðum meðan gengið yrði úr skugga um að öruggt væri að snúa heim.

Í Suður-Asíu eru monsúnflóðin árviss viðburður, en nú í ár hafa þau verið miklu meiri en venja er til. Síðasta hálf mánuðinn hafa þau kostað hátt í fimm hundruð manns lífi á norðanverðu Indlandi, í Bangladesi og í Nepal.

„Ástandið hefur verið verst í þremur fylkjum hér á Indlandi, það er í Assam, Bihar og Uttar Pradesh. Sem stendur er það verst í Bihar, en það er þó að lagast aðeins,“ segir Alistair, sem staddur er í Nýju-Delí en fer á flóðasvæðin í næstu viku.

Hjálparstofnanir, sem starfa á

svæðinu, segja mikla hættu á því að alvarlegt ástand geti skapast innan fárra daga ef íbúunum berst ekki aðstoð. Þótt vatnsmagnið í ánum sé að minnka þá liggur flóðavatnið víða kyrrt áfram og rennur hægt í burtu.

Þorpsbúar í héraðinu Uttar Pradesh á Indlandi hafa margir fengið klórtöflur til að hreinsa drykkjarvatnið, en hætt var við að varpa drykkjarvatni á belgjum niður úr þylrum vegna fjölmargra kvartana um að belgirnir hafi sprungið við fallið.

Um 40 prósent íbúanna á flóðasvæðunum eru á barnsaldri og ástandið kemur verst niður á þeim. Í Uttar Pradesh hafa um þúsund manns veikt og vitað er um 1.400 manns í Bangladesi sem veikt hafa.

[gudsteinn@frettabladid.is](mailto:gudsteinn@frettabladid.is)

Deila Georgíu og Rússlands:

## Segja sekt Rússa sannaða

**TÍBLISI, AP** Utanríkisráðuneyti Georgíu segir að gögn frá ratsjárstöðvum í landinu sýni fram á að rússnesk SU-24 orrustubota hafi farið ólöglega inn í lofthelgi landsins á mánudag og skotið flugskeyti að þorpi. Flugskeytið, sem er rússneskt að gerð, lenti nærri þorpi en sprakk ekki. Yfirvöld í Rússlandi hafa neitað ásökuninni.

- ifv



**FLUGSKEYTIÐ** Starfsmaður georgískra stjórnvalda rannsakar flugskeytið, sem fannst í Gori-héraðinu, um sextíu kílómetrum norðvestur af höfuðborginni Tíblisi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**ÞÚ GRÆÐIR EKKERT**  
Á því að versla annars staðar

**Nokia N95 - sá öflugasti**

Íslensk valmynd  
GPS staðsetningartæki  
5 MP myndavél með Carl Zeiss linsu  
2,6 tommu skjár  
MP3 og vídeó spila  
Nálægt DVD gæðum í video upptöku  
640x480 píxlar, 30 rammar á sek.  
Allt að 6,5 klst. í tali  
3G kerfi og WiFi  
og svo miklu meira

Almennt verð: 84.995 kr.  
Farsímalagersverð: 77.990 kr.  
Tilboðið gildir til 15. ágúst 2007



Tilboðsverð  
kr. 69.990

[Farsimalagerinn.is](http://Farsimalagerinn.is)

**5125050**  
Auglýsingasími

OPIÐ TIL

21

Í KVÖLD

Smáralind er **troðfull af vörum** sem skólafólk á öllum aldri þarf á að halda áður en skólinn byrjar.

Í Smáralind færðu fatnað, skó, tölvur, skólatöskur, pennaveski, ritföng, bækur og allt annað sem þig vantar til að ganga menntavegin.

**Njóttu Skóladağanna í Smáralind!**

9. - 27. ágúst

# SKÓLADAGAR í Smáralind



Verlanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,  
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18  
smaralind.is / 528 8000



1. Hvaða ríki sakar Rússa um að hafa skotið flugskeyti á land sitt?
2. Hverjir munu stýra spurningakeppni sveitarfélaganna á RÚV í vetur?
3. Hvenær verður komið GSM-samband á öllum hringvegnum?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Hundaeigendum ber að hreinsa upp skít hunda sinna á almannafæri:

## Minni skítur á gangstéttum

**UMHVERFISMÁL** „Það var hundur búinn að skila stórum skít á gangstéttina við innganginn í galleríið í fyrrakvöld. Ekki nóg með það heldur var búíð að stinga tannstongli í hann,“ segir Lóa Guðjónsdóttir sem á gallerí við Hringbraut.

Í gærmorgun hafði óheppinn vegfarandi stigið í hundaskítinn og dreift úr honum að sögn Lóu. Hún segir þetta ekki vera í fyrsta skiptið sem hundur hafi skítið á gangstéttina á svipuðum stað. „Hundaeigendur verða að hreinsa upp eftir hundana sína,“ segir hún.

Vaskir menn frá hreinsunar-

deildinni komu og hreinsuðu skítinn upp. Þeir vilja meina að vandamálið hafi ekki aukist undanfarið. „Ég held að þetta hafi jafnvel minnkað á gangstéttunum. Að minnsta kosti er þetta minna áberandi núna þegar allir eru komnir með þessa litlu tískuhunda,“ segir Jón Bergvinsson, rekstrarfulltrúi hverfastöðvarinnar í Vesturbæ. „Þetta eru svo mikil spörð hjá þessum litlu hundum að fólk nennir ekki að hreinsa þetta upp. Eins tekur fólk minna eftir þessu á gangstéttinni,“ segir hann.

Jón segir að hans menn lendi stundum í því eftir helgar að

þurfa að hreinsa skít úr mannfólki. „Við höfum lent í því að þurfa að hreinsa skít úr strætóskýlum. Mennt hafa jafnvel gerst svo djarfir að kúka á bekkina,“ segir hann að lokum.

- aví

**HVIMLEITT** Lóa Guðjónsdóttir stendur í anddyri gallerísins að Hringbraut. Stór hundaskitur er á gangstéttinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



## Landhelgisgæsla Íslands: Sjósmælingar við Surtsey í 40 ár

**SIÁVARÚTVEGUR** Sjósmælingar hafa verið gerðar árlega við Surtsey í fjörutíu ár á þessu ári.

Nýverið var Baldur, mælingarbatúr landhelgisgæslunnar, við sjósmælingar við eyna. Að sögn skipverja gengu mælingarnar vel og var veður með besta móti.

Við fyrstu skoðun mæligagna kom í ljós að hrúnið hafði úr grynningum norðan eyjunnar.

Árið 1991 fékk gæslan mælingabátinn Baldur. Með tilkomu hans varð bylting í afköstum sjósmælinga við Íslands.

- aví

Gazprom og Hvíta-Rússland semja um greiðslur:

## Gasið streymir enn

**MOSKVA, AP** Ríkisstjórn Hvíta-Rússlands hefur greitt rússneska gasfyrirtækinu Gazprom tæplega þrjátíu milljarða króna skuld. Gazprom hótaði því í síðustu viku að minnka gassendingar sínar til landsins um helming ef Hvíta-Rússland greiddi ekki skuldina. Hvíta-Rússland borgaði Gazprom 1.200 milljónir króna inn á skuldina á föstudag og fékk viku til að greiða hana að fullu.

Alexander Lúkasjenko, forseti Hvíta-Rússlands, hefur sagt að rússnesk stjórnvöld vilji reyna að þröngva yfirvöldum í landinu til

að selja fyrirtækjum eins og Gazprom, sem er ríkisrekið, iðnfyrirtæki í landinu. Stjórnvöld í Moskvu neita þessu.

- ifv



**ALEXANDER LÚKASJENKO** Forseti Hvíta-Rússlands telur að rússnesk stjórnvöld reyni að beita yfirvöld í landinu þrýstingi.



**BÓKAÚTGÁFA** Edda útgáfa ætlar að draga sig út úr bókaútgáfu og einbeita sér að bókaútgáfunni. Engu að síður heldur félagið Almenna bókaútgáfunni inn útgáfunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## AB fylgir ekki í sölu Eddu

Samkomulag hefur náðst um kaup Máls og menningar á Eddu útgáfu. Almenna bókaútgáfið fylgir ekki með í kaupunum að kröfu Björgólfs Guðmundssonar. Kaupverð verður ekki gefið upp.

**VIÐSKIPTI** Sjálfseignarstofnunin Mál og menning-Heimskringla hefur skrifað undir samkomulag um kaup á bókaútgáfuhluta Eddu útgáfu. Að kröfu aðaleiganda Eddu fylgir Almenna bókaútgáfið (AB) ekki með í kaupunum.

Samkomulagið er með ýmsum fyrirvörum, en stefnt er á að ljúka samningum fyrir 1. október næstkomandi með formlegum aðskilnaði félaga. Kaupverðið er ekki gefið upp.

Edda mun starfa áfram og reka bókaútgáfu sem félagið hefur byggt upp á undanförunum árum. Aðaleigandi Eddu útgáfu er Ólafsfell ehf., sem er að fullu í eigu Björgólfs Guðmundssonar, stjórnarformanns Landsbanka Íslands.

Samkomulagið var kynnt starfsmönnum Eddu útgáfu í gær. Starfsfólkið mun fá störf áfram hjá félaginu, segir Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Ólafsfells.

Edda útgáfa hefur gefið út bækur undir merkjum Almenna bókaútgáfu, Máls og menningar, Vöku-Helgafells, Forlagsins og Iðunnar.

Öll þessi vörumerki munu fylgja með í kaupunum nema Almenna bókaútgáfið, sem verður eftir hjá Eddu að ósk Björgólfs Guðmundssonar, segir Árni Einarsson, forstjóri Eddu útgáfu. Árni verður

áfram forstjóri útgáfunnar.

Velta almennu bókaútgáfunnar hjá Eddu útgáfu var 950 milljónir króna á síðasta ári, en velta bókaútgáfunnar var 370 milljónir króna, segir Ásgeir Friðgeirsson.

„Það eru ýmsir fyrirvarar á þessum samningi sem við munum ganga í að uppfylla, á báða bóga. Stefnt er að því að vera búinir að því fyrir 1. október,“ segir Þröstur Ólafsson, formaður Máls og menningar. Fyrirvararnir kveða meðal annars á um samþykki fulltrúar Máls og menningar, og að Máli og menningu takist að fjármagna kaupin.

Þröstur segir að það verði að koma í ljós hvernig kaupin verði fjármögnuð. Félagið hafi vonandi lánstraust og eigi eignir, til dæmis hluta húsnæðis við Laugaveg. Árni tekur undir það, og segir koma til greina að selja húsnæðið við Laugaveg, eða veðsetja það.

Edda útgáfa hefur gefið út bækur fjölda rithöfundar, en fulltrúar Máls og menningar hafa ekki rætt við nema hluta þeirra höfunda sem verið hafa hjá Eddu. Árni segir að reynt verði að ræða við þá á næstunni. Vonir standi til að þeir kjósi að vera áfram hjá forlaginu, enda verðmæti forlags bæði rithöfundar og starfsfólkið.

brjann@frettabladid.is

BÓNUS

# Störf við vörumóttöku

FYLGIST MED OKKUR

VIÐ FYLGJUMST MED VERÐINU!

BÓNUS


Við óskum eftir starfsfólki í vörumóttökur í eftirtaldar Bónusverslanir:

Bónus í Kjörgarði, Hraunbæ og á Seltjarnarnesi. Snyrtimennska, lipurð í mannlegum samskiptum, og öguð vinnubrögð æskileg.

STARF SEM HENTAR FÓLKI Á ÖLLUM ALDRI.

## Vinnutími 8-14

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst og hafi vinsamlegast samband við Svan starfsmannastjóra s: 588 8699 eða skrái sig inná bonus.is.



## Slökkviliðsmenn á Bretlandi: Björguðu önd

**BRETLAND** Þrír slökkviliðsmenn, átján slökkviliðsmenn, jeppi og björgunarbátur voru kölluð út til að bjarga önd í sjálfheldu í bænum Earlwood á Bretlandi á dögnum. Kona hringdi í neyðarlínuna þegar hún fann öndina, sem kölluð er Daffy, fasta í niðurfalli. Slökkviliðsmenn keyrðu rúmlega 50 kílómetra leið að vettvangi og tók björgunin þrjá klukkutíma.

Íbúar mótmæltu aðgerðinni og kölluðu hana peningasóun. „Þetta var ótrúlegt,“ sagði fyrrverandi slökkviliðsmaður. „Öndin fékk betri meðferð en þeir sem lentu í flóðunum í júlí.“

- sjg



# Aftur í skólann

Skólafatnaður  
í úrvali

ÚLPA  
3.999.-

→ ÚLPA  
4.999.-

TASKA  
1.795.-

↓ ÚLPA  
3.999.-

→ BAKPOKI  
2.499.-



Skólavörur í úrvali



GOTT VERÐ  
1.995.-

Skólabakpokar, frábært verð



GOTT VERÐ  
495.-

GOTT VERÐ  
395.-

Pennaveski á ótrúlegu verði



Skólavörur í úrvali



Vandaðar skólatöskur í úrvali



Mikið úrval af pennaveskjum

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



**BÍLL HLADINN HÚSGÖGNUM** Ekki er vitað hvort eigandi bifreiðarinnar var að flytja, henda gömlum húsgögnum eða jafnvel næla sér í „ný“, en svona ók hann um göturnar í Tíblisi, höfuðborg Georgíu, í gærmorgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Skipulagsráð Reykjavíkurborgar samþykkir niðurrif á Laugavegi 4-6:

## Harma að húsin verði rifin

**SKIPULAGSMÁL** Skipulagsráð Reykjavíkurborgar samþykkti í gær að heimila niðurrif húsanna við Laugaveg 4-6. Fulltrúar Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs og F-lista lögðust gegn niðurrifinu.

„Þessi hús eru vissulega óttalegir hjallar en þetta eru ein elstu hús borgarinnar,“ segir Svandís Sigmarsdóttir, fulltrúi Vinstri grænna, en hún og Ásta Þorleifsdóttir, fulltrúi F-lista, lögðu fram bókun á fundinum. Þar segir að húsin séu „ein örfárra húsa sem eru í upprunalegum anda Laugavegarins, dönsk hús með einni hæð og bröttu þaki“. Í bókuninni er mælt með að húsin verði frekar endurbýggð í uppruna-



**HÚSIN VERÐA RIFIN** Húsin við Laugaveg 4-6 þar sem Nike-búðin og Lífstykkja-búðin hafa verið til húsa verða rifin.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

legri mynd.

Magnús Skúlason, forstöðumaður húsafríðunarnefndar, segist harma þessa niðurstöðu.

„Það hefur lengi legið fyrir í skipulaginu að það ætti að rífa þessi hús og húsafríðunarnefnd hefur ekki gert athugasemdir við það. Það er hins vegar leiðinlegt að sjá hvernig Laugavegurinn hefur þróast. Þar er allt að hverfa,“ segir Magnús sem hefur áhyggjur af því að byggingar sem í staðinn koma verði úr takt við götumynd Laugavegarins.

Til stendur að reisa hótél á lóðinni sem verður sambyggt húsinu við Skólavörðustíg 1a.

- þo

Hátíðahöld um helgina:

## Árbæjarsafn fimmtíu ára

**MENNING** Haldið verður upp á fimmtíu ára afmæli Árbæjarsafns um næstu helgi. Enginn aðgangseyrir verður inn á safnið alla helgina og ýmiss konar tónleikahald og sýningar verða í boði fyrir gesti og gangandi.

Íslenski fáninn var dreginn að húni við Árbæjarsafn í fyrsta sinn 11. ágúst 1957 eftir að Minjasafni Reykjavíkur, sem stofnað var árið 1954, hafði verið fundinn staður við Árbæ. Búskapur hafði lagst af á bænum níu árum áður, en ákveðið var að bærinn skyldi varðveittur í upprunalegri mynd.

- sps

### BJÖRGUNARMÁL

#### Erill hjá björgunarsveitum

Björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar voru kallaðar út í átta verkefni um verslunarmannahelgina. Í fjórðu tilfellum var um að ræða leit að týndu fólki og í þrjú skipti þurfti að aðstoða slasaða. Að síðustu aðstoðaði björgunarsveit þegar flugvél hlekkist á í Nýjadal. Björgunarsveitir voru víða um land í viðbragðsstöðu til að hjálpa ferðalöngum í vandræðum.

### LÖGREGLUFRETTIR

#### Afstýrði árekstri við kind

Bíll þýskra ferðamanna valt nyrst á Melrakkasléttu á sjötta tímanum í fyrradag. Að sögn varðstjóra lögreglunnar á Húsavík hljóp kind út á veginn og valt bíllinn þegar ökumaður reyndi að forðast að keyra á hana. Enginn meiddist en bíllinn skemmdist nokkuð. Nokkur umræða hefur verið um akstur ferðamanna og hafa margir áhyggjur af því hve oft þeir lenda í óhöppum. Fræðsla um íslenska vegi fækki slysum.

# Lægri sekt fyrir að aka skakkur en ölvaður

Sektir fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna eru jafnan lægri en sektir fyrir alvarlegan ölvunarakstur. Magn fíkniefna í blóði eða tegund þeirra hefur ekki áhrif á sektarupphæð. Svipta má ökuleyfi í þrjú mánuði til tvö ár fyrir brotið.

**LÖGREGLUMÁL** Algengasta upphæð sekta fyrir fíkniefnaakstur hefur verið 50 þúsund krónur síðan lögum var breytt í fyrra. Sektir fyrir ölvunarakstur eru frá 70 til 140 þúsund krónum samkvæmt reglugerð. Svipta má ökumann ökuréttindum í allt frá þremur mánuðum upp í tvö ár fyrir fíkniefnaakstur.

„Það hefur ekki myndast ennþá dómvenja. Það á eftir að koma í ljós hvað sektir eiga að vera háar,“ segir Laufey Kristjánsdóttir, lögfræðingur hjá ákærudeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hún segir lagagreinina vera nýtilkomna, en mörg mál hafi farið fyrir dómstóla.

Fjöldi dóma fyrir fíkniefnaakstur hefur fallið og hafa sektir verið frá 50 þúsund krónum upp í 100 þúsund krónur. Sektirnar hafa byggst á mati dómsins hverju sinni, en 50 þúsund hafa verið algengasta niðurstaðan.

Engar reglur hafa verið settar um sektarupphæðir fyrir fíkniefnaakstur eins og gert hefur verið fyrir ölvunarakstur. Ekki liggur fyrir neins konar mælikvarði á hvort og hvernig þyngja eigi refsingu eftir tegund fíkniefna eða magni þeirra.

Sekt fyrir ölvunarakstur þyngist eftir því sem meira áfengismagn

### VIÐURLÖG VIÐ ÖLVUNAR- OG FÍKNIEFNAAKSTRI

#### Miðað við fyrsta brot

Vægustu viðurlög við ölvunarakstri: 70.000 krónur og tveggja mánaða ökuleyfisvöpting

#### Ströngustu viðurlög við ölvunarakstri:

140.000 krónur og árs ökuleyfisvöpting

#### Viðurlög við fíkniefnaakstri samkvæmt dómvenju:

50-100 þúsund krónur og allt frá þriggja mánaða til tveggja ára ökuleyfisvöptingar



**ÖLVUN MÆLD** Nú er hægt að athuga á vettvangi hvort fíkniefni eru í líkama ökumanns á svipaðan hátt og hægt er að mæla ölvun.

er í blóðinu og ökuleyfisvöpting lengist sömuleiðis. Svipta má ökuleyfi í allt frá tveimur mánuðum til tólf fyrir ölvunarakstur.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að 216 mál í brotaflokknum „akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna“ hefðu komið upp á fyrstu sex mánuðum ársins á landinu. Fíkniefni geta mælst í líkama neytandans í daga eða vikur eftir neyslu.

Lögreglu er skylt að gera ökutæki upptækt ef ökumaður gerist sekur um fíkniefnaakstur í þriðja skipti á innan við þremur árum. Jafnframt er heimilt að gera ökutæki upptækt ef ökumaður raskar umferðaröryggi og stofnar mannslífum í hættu, meðal annars með akstri undir áhrifum fíkniefna.

steindor@frettabladid.is

HVAÐ ER SÍMINN?



KRÓKUR BÍLASTÖÐ

# bilauppbod.is

Dalvegi 24, 201 Kópavogur · Sími 564 3800

HVAÐ ER SÍMINN?

Nýrnadeild Landspítalans:

## Opnuð á ný

**HEILBRIGÐISMÁL** Nýrnadeild Landspítalans hefur verið opnuð á ný eftir tveggja vikna sumarleyfi í júlí.

Biðlistar eftir aðgerð í nýrnasteinbrjóti eru nokkuð styttri en venjulega. Yfirleitt bíða 25 manns aðgerðar en nú eru þeir tuttugu talsins.

„Biðlistinn er minni en venjulega og ef einhver er að bíða núna er bréfið á leiðinni. Þeir sem að mati lækna þurftu nauðsynlega að komast að hafa fengið þjónustu,“ segir Hrafnhildur Baldvinsdóttir, deildarstjóri á Landspítalanum.

- kóp

ÚTSALA

ÚTSALAN  
BYRJAR Í  
DAG!

*Frábær tilboð*

allt að

50%  
afsláttur

*Fyrstir koma fyrstir fá!*



GÆÐI Á LÆGRA VERÐI



**KNATTSPYRNUGÖB** Diego Maradona, sem margir telja besta knattspyrnumann allra tíma, tók fram skóna og sýndi gamalkunna takta í sýningarleik í Argentínu um helgina. NORDICPHOTOS/AFP

Fjórir menn máluðu yfir merkingar flugvélar og létu ekki ná í sig í tvo daga:

## Vildu vernda orðstírinn í flugheimi

**LÖGREGLUMÁL** Svo virðist sem fjórir erlendir ferðamenn hafi málað yfir merkingar flugvélar sem hlekkist á í flugtaki á sunnudag svo hún myndi ekki þekkjast á myndum sem kynnu að birtast í fjölmiðlum. Þetta segir yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Hvolsvelli.

Vélinni hlekkist á í Nýjadal á Sprengisandsleið þegar flugmaðurinn reyndi flugtak langt utan flugbrautar á gljúpu undirlagi. Lögregla náði tali af mönnum strax um kvöldið, en fljótlega varð málið allt hið dularfyllsta.

Í ljós kom að málað hafði verið yfir merkingar vélarinnar, þó ekki þannig að þeir sem komu að ættu í erfiðleikum með að greina þær. Næstu tvo daga átti lögregla síðan örðugt með að ná sambandi við mennina fjóra, tvo Ástrala, Bandaríkjamann og Breta, og virtist sem þeir hefðu látið sig hverfa.

Samband náðist loks við þá í fyrrakvöld og reyndust



**CESSNA-VÉLIN** Mennirnir höfðu reynt að taka á loft utan flugbrautarinnar í Nýjadal. Undirlagið hentaði ekki.

MYND/KJARTAN P. SIGURDSSON

þeir þá hafa farið aftur norður í land, þaðan sem þeir höfðu áður flogið í Nýjadal. Að sögn Sveins K. Rúnarssonar, yfirlögregluþjóns á Hvolsvelli, virðist sem mennirnir hafi gripið til þess að úða málningu yfir merkingarnar svo orðstír þeirra í flugheiminum myndi ekki bíða hnekki ef myndir af óhappinu rötuðu í fjölmiðla og á vefinn. Rannsóknarnefnd flugslysa kannaði vettvang óhappsins í fyrrakvöld.

- sh

Óshlíðargöng á Vestfjörðum:

## Fimm verk-takar tóku þátt

**SAMGÖNGUMÁL** Fimm aðilar tóku þátt í forvali vegna gerðar Óshlíðarganga. Frestur til að skila inn gögnum rann út á þriðjudag.

Óshlíðargöng eru göng sem gera á milli Hnífisdals og Bolungarvíkur og verða þau rúmir fimm kílómetrar að lengd. Auk ganganna á að byggja rúmlega 300 metra langa steinsteypa vegskála, tvær brýr og leggja þriggja kílómetra langan veg.

Akvörðun um hvaða verk taki eða verktakahópur verður fyrir valinu mun að öllum líkindum liggja fyrir í haust.

- þeb

Grunaður um hrottaskap:  
**Einn í haldi**

**LÖGREGLUMÁL** Einn maður hefur verið handtekinn vegna alvarlegrar líkamsárásar fyrir utan skemmtistaðinn Trix í Keflavík aðfaranótt sunnudags. Hann var yfirheyrður í gær.

Klukkan þrjú aðfaranótt sunnudags var ráðist á mann fyrir utan staðinn og hann barinn með þeim afleiðingum að kinnbein og ennisbein brotnuðu. Hann gekkst undir aðgerð á sjúkrahúsi.

- sh

Endurbýgging á þjóðlendu:  
**Engin beiðni**

**ÞJÓÐLENDUR** Beiðni um endurbýggingu og stækkun veiðihúss við Grænalón í Skaftárhreppi hefur enn ekki borist inn á borð samstarfsnefndar um þjóðlendur.

Þórhallur Vilhjálmsson, formaður nefndarinnar, segir því of snemmt að taka afstöðu til framkvæmdanna. Almenn séð eru slíkar framkvæmdir þó háðar leyfi samkvæmt lögum og bann við þeim ella.

- kóp

# Hallgrímskirkja ekki lengur í sprengihættu

Fallið hefur verið frá áformum um bílakjallara á Skólavörðuholti á milli Hallgrímskirkju og Iðnskólans. Sóknarnefnd Hallgrímskirkju og foreldrar barna í Austurbæjarskóla anda léttar. Möguleika á kjöllurum í nágrenni Hlemms er haldið opnum.

**SKIPULAGSMÁL** „Ég er afskaplega ánægð yfir að það skuli hafa verið fallið frá þessu ofan í skóla barnanna okkar,“ segir Hlín Íris Arnþórsdóttir, formaður foreldrafélags Austurbæjarskóla. Félagið mótmælti fyrr í sumar harðlega fyrirhuguðum bílakjallara fyrir 130 bíla á Skólavörðuholti, milli Iðnskólans og Hallgrímskirkju, á þeim forsendum að mjög mörg börn kæmu í Austurbæjarskóla um Vitastíg, þar sem aðkoma að kjallaranum átti að vera. Skipulagsráð Reykjavíkur hefur nú fallið frá tillögu um að byggja kjallaran.

„Þetta hefði verið alveg hræðilegt. Ég mátti ekki til þess hugsa, þetta var svo galin hugmynd,“ segir Hlín.

Að sögn Dags B. Eggertssonar, sem á sæti í skipulagsráði, náðist samstaða allra fulltrúa ráðsins um að falla frá tillögunni. Hann segir einnig aðra kosti í boði sé talin þörf fyrir bílakjallara. „Það er búið að samþykka skipulag allt í kringum Hlemm þar sem er gert ráð fyrir möguleika á nokkrum nýjum bílakjöllurum, þótt það sé ekki búið að ákveða í hvað eigi ráðast. Þessi kostur var bara síðri en hinir og sársaukalaust að fella hann út.“

Borgaryfirvöldum bárust athugasemdir frá ýmsum hagsmunaaðilum sem mótmæltu bílastæðahúsinu. Auk foreldrasamtaka Austurbæjarskóla lýsti sóknarnefnd Hallgrímskirkju áhyggjum sínum yfir því að framkvæmdirnar og sprengingar sem þeim hefðu fylgt gætu valdið skemmdum á kirkjunni og orgeli hennar og vísuðu í mat verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen á áhrifunum sér til stuðnings.

Aðalheiður Valgeirsdóttir, varaformaður sóknarnefndar, segir nú allt líta út fyrir að kirkjan sé óhult. „Við erum bara mjög fegin. Þetta hefði verið meiriháttar rask.“

Þá óttaðist forstöðumaður Listasafns Einarssonar við Eiríksgötu að gifsmýndir í safninu þyldu ekki sprengingarnar, auk þess sem íbúasamtök í hverfinu og aðstandendur leikskóla gerðu athugasemdir við fyrirætlanirnar.

Í tillögunni var einnig gert ráð fyrir viðbyggingum við Iðnskólann, aðallega til vesturs inn á lóð við Barónsstíg en einnig lítilla til suðurs hjá núverandi inngangi skólans og til norðurs út að Bergþórugötu. Ekki hefur verið fallið frá þeim hluta tillögunnar, en henni var frestað og verður hún tekin fyrir næsta fundi skipulagsráðs.

stigur@frettabladid.is

**HALLGRÍMSKIRKJA** Kjallarin átti að vera á svæðinu norðan Hallgrímskirkju, sem hér sést. Í baksýn er Listasafn Einarssonar. Gifstytturnar þar eru líklega óhultar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



HVAÐ ER SÍMINN?



**KRÓKUR BÍLASTÖÐ**

**bilauppbod.is**

Dalvegi 24, 201 Kópavogur · Sími 564 3800

HVAÐ ER SÍMINN?

Norræna ráðherranefndin:

## Auglýsir eftir genabankastjóra

**LANDBÚNAÐUR** Norræna ráðherranefndin hefur auglýst lausa stöðu forstjóra fyrir NordGen. Stofnunin varð til þegar Norræni genabankinn fyrir nytjaplöntur í landbúnaði og garðyrkju sameinadist Norræna genabankanum fyrir búpening og skógræktarsamstarf um fræðflun og trjákyrbætur.

Í fréttatilkynningu frá landbúnaðarráðuneytinu segir að Íslendingar hafi tekið virkan þátt í starfseminni. Umsóknarfrestur er til 3. september.

- sjps

## Bílbeltin björguðu fimm: Marokkósk fjöl- skylda slapp vel

**LÖGREGLUMÁL** Fimm manna fjölskylda frá Marokkó slapp ómeidd úr harkalegri bílveltu á Landsvegi í fyrradag. Fólkið, hjón með þrjá unglínga, var allt í bílbeltum og er það talið hafa valdið því að ekki fór verr. Bíllinn, jeppi af bílaleigu, er hins vegar talinn ónýtur.

Að sögn lögreglu á Hvolsvelli missti ökumaðurinn stjórn á bílnum í lausamöl með þeim afleiðingum að hann tók að rása og valt. Varðstjóri lögreglu segir veginn afar varasaman og erfiðan fyrir ökumenn sem eru óvanir íslenskum akstursskilyrðum. - sh



**BORGARSTJÓRI GÆÐIR SÉR Á VÖFFLUM** Þórólfur Antonsson og Hrónn Vilhelmsdóttir eru meðal þeirra sem ætla að opna hús sín á menningarnótt.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Menningarnótt 18. ágúst:

## Íbúar Þingholta bjóða heim

**FÓLK** Að minnsta kosti tólf húseigendur í Þingholtunum ætla að opna hús sín fyrir gestum og gangandi á menningarnótt í ár. Ætla íbúarnir að veita vöflur og kaffi. Þetta er meðal nýjunga í dagskrá menningarnætur, sem kynnt var í gær.

Gestasveitarfélag á menningarnótt í ár er Þórshöfn í Færeyjum og kemur fjöldi færeyskra listamanna fram í tilefni af því. Einnig munu listamenn frá Bretlandi, Svíþjóð, Hollandi og Suður-Afríku koma fram.

Viðburðir verða sem fyrr innan dyra og utan víðs vegar um miðborgina á menningarnótt. - þeb

Pólsk bæjarstjórn:

## Lögðu veg í bakgarði konu

**PÓLLAND** Pólsk kona sneri aftur úr sumarfríu og komst að því að bæjaryfirvöld höfðu byggt umferðareyju og lagt veg í gegnum bakgarðinn hennar.

Hin 48 ára gamla Alicja Ziemowit kvartaði, en var sagt að samkvæmt nýjum lögum mættu bæjaryfirvöld nota einkalóðir til að leggja vegi án samþykkis eigandans og án þess að þurfa að greiða skaðabætur.

„Ég veit ekki hvað hún er að kvarta,“ sagði talsmaður bæjarins. „Það er ekki mikil umferð og hún kemst auðveldlega í garðinn sinn. Hún á ennþá landið, það er bara vegur á því núna.“ - sgi

### LÖGREGLUFRÉTTIR

#### Mætti öðrum bíl og ók út af

Á sjöunda tímanum í fyrrkvöld ók erlendur ferðamaður út af Hólsfjalla-vegi austan Jökulsár þegar hann mætti öðrum bíl á veginum. Ekki urðu þó slys á mönnum. Að sögn lögreglu á Húsavík eru óhöpp á veginum mjög tíð, þótt þau hafi verið í lágmarki í ár.

**NÝR SVALANDI  
TOPPUR®**

FERSKT BRAGÐ  
ÁN KOLSÝRU

- Án kolsýru
- Íslenskt bergvatn
- Svalandi sítrónubragð
- Hressandi skógarberjabragð

Berg Toppur® is a trademark of The Coca-Cola Company.  
© 2007 The Coca-Cola Company. All rights reserved.

HVAÐ ER SÍMINN?

# ÚTSALA Í DAG KLU



30 - 70% afsláttur

Húsgögn - sófar, stólar, borð, hillur, kommóður o.fl.



60 - 80% afsláttur

Lín Design - íslensk hönnun - textílvara, gjafavara, handklæði, rúmföt, matar- og kaffistell

Hreinlætistæki

Heimilistæki

Raftæki

Ljós

## Rýmum fyrir nýjum vörum

# NI HEFST

# UKKAN 10



30 - 70% afsláttur

Húsgögn - sófar, stólar, borð, hillur, kommóður o.fl.



50% afsláttur

Kersten - glös, kertastjakar og gjafavara í miklu úrvali

Smávara

Búsáhöld

Húsgögn

Gjafavara

# Allt að 80% afsláttur

 **EGG**  
SMÁRATORGI

## „ORÐRÉTT“

## Refsigleði

„Bönkum verður ekki veitt refsivald yfir neytendum.“

GÍSLI TRYGGVASON, TALSMANNAUR NEYTENDA, UM KOSTNAÐ SEM HLÝST AF ÞVI AÐ FARA YFIR Á REIKNINGNUM.

Fréttablaðið, 8. ágúst.

## Sérstök staða

„Það væri sérstök staða ef það kostaði ekkert að fara yfir á reikningnum.“

GUDJÓN RÚNARSSON, FRAM-KVEMDASTJÓRI SAMTAKA FJÁRMÁLAFYRIRTEKJA, UM SAMÁ MÁL.

Fréttablaðið, 8. ágúst.

# tilveran

nær og fjær

## HVAD ER AÐ FRÉTTA? ÁSA BRIEM FRÉTTAMAÐUR Á RÚV

## Velti snjósleða á Snæfellsjökli

„Ég var í Kaupmannahöfn um verslunarmannahelgina. Við ákváðum nokkur saman að nýta helgina í það,“ sagði Ása Briem fréttamaður á Ríkisútvarpinu. „Annars er ég bara alltaf hérna í útvarpinu, á Morgunvaktinni og fréttastofunni. Mér líkar það mjög vel. Það er alltaf nóg að gera og fullt af skemmtilegu fólki í kringum mann, bæði vinnufélögum og viðmælendum.“



Ása stóð í flutningum í sumar. „Sumarfríið fór svoltið í það en veðrið var svo gott að maður er feginn að hafa ekki skipulagt neinar utanlandsferðir. Ég naut þess bara að vera í Reykjavík í góða veðrinu. Ég fór reyndar í nokkrar

stuttar ferðir, fór á Snæfellsnesið og Snæfellsjökul í fyrsta sinn í rosalega fallegu veðri með útsýni yfir allt. Ég fór á snjósleða sem mér tókst að velta sem er víst mjög erfitt og nærri ómögulegt en mér tókst það samt. Svo fór ég líka í brúðkaup í Bárðardal fyrir norðan hjá vinnufólki mínu. Þannig að það varð smá ferðalag úr því líka. Ég fór því út fyrir borgarmörkin en ekkert í nein löng ferðalög, Ég fór svo meira milli herbergja heima hjá mér.“

Ása býr á Högunum og líkar það vel. „Þetta er æðislegur staður í borginni og notalegt hverfi. Hérna er fallett útsýni og maður fær nýtt sjónarhorn á tilveruna í nýjum heimkynnum.“

Þegar Ása kemur heim úr Kaupmannahafnarferðinni taka fastir liðir við. „Ég ætla bara að njóta sumarsins áfram með vinnunni, sem er ekki erfitt því vinnan er mjög skemmtileg og býður upp á fjölbreytileika.“

## SKÁK

## Í EVRÓPU Í 500 ÁR

Skákin kom fyrst fram á Indlandi á 6. öld og á 10. öld hafði hún náð útbreiðslu til Evrópu. Veigamiklar breytingar voru gerðar á henni á 15. öld þegar drottningin varð sterkasti maðurinn á borðinu í stað þess veikasta. Fyrstu skipulögðu skákmótin voru haldin á 16. öld. Árið 1886 varð Wilhelm Steinitz fyrsti heimsmeistarinn í skák. Núverandi heimsmeistari er Rússinn Vladimir Kramnik.



## SJÓNARHÓLL

VERSLUNARMANNAHELGIN

## Breytt viðhorf þjóðarinnar



HELGI ÁRNASON  
Skólastjóri Rimaskóla

„Þjóðin hefur svo sannarlega breytt viðhorfi sínu til útihátíða um þessa helgi,“ segir Helgi Árnason, skólastjóri Rimaskóla, um fréttir af verslunarmannahelginu. Árni sótti unglingsmót UMFÍ á Höfn um helgina.

„Jákvætt yfirbragð helgarinnar er ein jákvæðasta frétt ársins og það í samburði við fréttir af góðri afkomu bankanna og góðviðrissumrinu 2007. Fjölmíðlar, sem af gömlum vana settu sig í stellingar til að fjalla um neikvæðar hliðar helgarinnar, höfðu úr litlu að mæla. Nánast enginn var kyldur í svaðið. Jú, þremur einstaklingum var stungið inn í Eyjum. Það fylgdi ekki fréttinni að hinir 9.997 gestirnir hefðu sýnt á flestan hátt fyrirmyndarhegðun.“

Það var allt í öfni á Akureyri í fyrra, ekki í fyrsta sinn. Þar gripu bæjaryfirvöld til aðgerða sem voru

gagnrýndar af einsleitum hópi. Vonandi tekst Akureyringum að ná áttum og þjóða í framtíðinni upp á Eina með öllu, hátíð sem stenst væntingar þeirra sem heimsækja þennan fallega bæ. Sjálfur sótti ég tíunda landsmót UMFÍ á Höfn. Þangað mættu allir aldurshópar til að taka þátt í leik og keppni. Í hugum allra þátttakenda var notkun vímuefna óþörf og á allan hátt á skjön við skemmtun og dagskráratíði sem í boði voru.“



Yamaha FZ1 1000 Fazer '02 Ek. 30.000. Svart. Snilldartæki í toppstandi s. 825 0725.

### Kerrur



Bilaflutningavagn árg 2006 heildar burðargeta 3,5 ton eigin þyngd 1,450 kg lengt á kassa 580. aftur hleri H,178.B 218. verð 2,5 milljón uppl. 899 9423

### Hjólhýsi



Calavelair 6 manna'06 kójuhús m/ Isabella fortj.+dúk, 2 gaskútar og rafg. TILBOÐ 1790 þús GSM: 893-5577. Mögull. að taka lítið hjólh./tjaldv. uppl.



Eigum aðeins eitt Rubis hjólhýsi eftir, létt og meðfærilegt hús með upphækk-anlegum topp. Tilboð aðeins 1.450.000. Combi Camp, Smíðjuvegur 8, (græn gata) S. 517 22 22.


Tilboð Hobby hjólhýsi til sölu 560 UFE. Árg '06. V. 1.850. Uppl. í s. 894 2460.

Hjólhýsi staðsett á Flúðum, gamalt í ágætu standi. Selst m. öllu. S. 848 3616 & 421 5789.

### Fellihýsi



12" Bayside fellihýsi til sölu. árg. 2006 ónótað. Sólsælla, útlarp/cd, loftþúðar, hús í toppstandi. Myndir á www.isfoss.com/sala, Uppl. Ágúst 893 5414.



Til sölu 12 feta fellihýsi árg. 05 lítur út sem nýtt. Verð aðeins 1100 þ. S. 892 4624.



Esterel Top Volume árg 90. Gott og vel með farið fellihýsi með hörðum hliðum. Tilboð 570.000. Combi Camp, Smíðjuvegur 8, (græn gata) S. 517 22 22.

Fleetwood Resolute 10fet árg. 05 til sölu. Fortjald, vatnshitari, sólsælla, ísskápur og Turma miðstöð. Uppl. í s. 894 7424.

12 feta Fleetwood fellihýsi 2006. Skyggni, fortj, CD ofl. Tilboðsverð 1480 þ. S 663 5808.

Fleetwood Resolute 10 fet 05, skyggni, sælla og fl.mjög vel farið verð, 1.390.000 upl.8611267

### Ódyrt ódyrt

Fleetwood Taos. Upphækkað. Fortjald, árg. 2001. Vaskur, gas, miðstöð. Vel með farinn. Verð 590 þús. Uppl. í s. 663 0710.

Til sölu Esterel Topvolume árg.'95. Uppl. í s. 861 5023.

### Tjaldvagnar



Raclet Escapade árg 2000. Áfast fortjald og geymslukassi. Tilboð 290.000. Combi Camp, Smíðjuvegur 8, (græn gata) S.517 22 22.



Combi Camp Venezia árg 2003. Tilboð 370.000 án fortjalds, og 450.000 með fortjaldi. Combi Camp, Smíðjuvegur 8, (græn gata) S.517 22 22

Til sölu mjög nýlegur Ægirs tjaldvagn árg.'04 Lítur mjög vel út. Verð 250 þús. Uppl. í s. 557 2448 & 698 7271.

### Vinnuvélar

Hjólgröfudekk á góðu verði. 315/80R22.5 með eða án felgu (8 eða 10 gata). Alorka sími 577 3080.

Komacsu pc 15. Keyrð 2500 tíma til sölu. Tilboð óskast. S. 860 5417.

### Bílaþjónusta



### Bátar



Inga Dís Marex 330 Scandinavia '01. 2x260hp Volvo Penta - Duo prop. Fullbúinn bátur með öllu sem þarf, vel búinn siglingatækjum. Vagn fylgir bátnum. Báturinn er með íslenski skráningu. Verð 18 milljóni. Allar frekari upplýsingar í síma 896 1947 Eyvindur.



Campion Allante 825LX. Vel búinn 28 feta bátur með 260 hestafla Volvo Penta vél og Volvo Duo prop. Íslenski skráning. Árg. 2006 með 40 tíma á vél. Kerra fylgir. Verð kr. 14 milljónir. Uppl. í s. 892 9287.



Til sölu Campion Explorer, Mercruiser dísel vél. Mjög vel útþúinn. Fullgilt haf-færisskýrteini. Skráð kerra fylgir. Verð 5.2 millj. Uppl. hjá Bjarka í s. 664 6867.



470.000. Stgr. Til sölu Sea Doo Bombardier XP 1000cc Rotax 2 Stroke 130hp vagn fylgir verð aðeins 470 þús. Uppl. í s. 896 5290.

**SG**  
BÍLAR  
**BÍLASALA**  
Sími: 421 4444  
Bolafót 1 • 260 Reykjanesbær • www.sgbilar.is



**Land Rover Discovery 3**  
árgerð 08.2005 ekinn 45 þús. sjálfskiptur dráttabesli. Skipti á ódyrari. verð 4.860.000



**BMW 320 i**  
árgerð 07.2005 ekinn 35 þús. toppeintak verð 3.750.000 lán 3.000.000



**Renault Megane Scenic**  
árgerð 03.2003 ekinn aðeins 37 þús. topplúga sjálfskiptur. möguleiki á 100% láni skipti á ódyrari.



**Grand Cherokee Laredo**  
árgerð 2005 ekinn 45 þús. Verð kr. 2090.000. Ekkert áhvilandi.



**Hyundai Santa Fe dísel lux.**  
dráttarbesli, ekinn 35 þús. árgerð 08.2005 100% lán.



**BMW 3 330XI**  
árgerð 2006. Ekinn 13 þús. nýskr. 5/2006. Verð kr. 5750.000. Ekkert áhvilandi. Skipti á ódyrari.

### HÚSBÍLAR TIL SÖLU

**VERÐFALL Á SÝNINGAREINTÖKUM**  
5 stjörnu gistirými sem þú tekur með þér hvert á land sem er...  
...og jafnvel lengra ef það gripur þig!

**FERDAVAL**  
Lundi við Vesturlandsveg Sími 578 5500

www.ferdaval.is



Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 [www.eco.is](http://www.eco.is)

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. [www.halldorabjarna.is](http://www.halldorabjarna.is) S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frian prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 [www.lifstill.is](http://www.lifstill.is)

**Fæðubótarefni**

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, [olsiar@hotmail.com](mailto:olsiar@hotmail.com)

Léttari og hressari með Herbalife. [www.dagamunur.is](http://www.dagamunur.is) Ásta s. 891 8902.

**Nudd**

Nudd nudd nudd. Uppl. í s. 616 6469.

Nudd nudd. Uppl. í s. 662 0841.

**SKÓLAR & NÁMSKEIÐ**

**Námskeið**

Microsoft kertifstjóránamið hefst 3. sept. Rafiðnaðarskólinn [www.raf.is](http://www.raf.is) s. 863 2186.

**Kennsla**

**Viltu verða stílisti?**

Nám í útlitsráðgjöf. The Academy of Colour and Style - útlits- og fördunar-skóli. Uppl. í síma 533 5101.

**HEIMILIÐ**

**Húsgögn**

Amerískur svefnsófi til sölu frá Listadún Markó nýlegur og vel með fairn. Uppl. í s. 893 2215.

**Heimilistæki**



**Ryksugukerfi - Tilboð 99.800 kr !**

Settu sjálfur upp kerfið í allt að 350fm (eldra) húsnæði á einni helgi. Auðveld uppsetning. 100% rykhreinsun með 9 m sogbarka. Pokalaus vél. Útblástur beint út. [www.rafheimilid.is](http://www.rafheimilid.is) Uppl í s. 567 8909 & 863 8909.



**Gufustrauborð fyrir kröfuharða !**

60% styttri strautími. Blástur, kælisog og hiti í borði. 2 lítra vatnstankur. 3,8 bar gufuþrýstingur. Professional straubolti. Tilboð 68.400 kr. Sendum um land allt. Símar 567 8909 eða 863 8909. [www.rafheimilid.is](http://www.rafheimilid.is)

**Ýmislegt**



**- Beachcomber -**

**Kanadískir heitir pottar**  
Sumartilboð á heitum pottum. Eigum potta til afgreiðslu strax. Mest einangruðu pottar á markaðnum, lokað 24 tíma hreinsikerfi o.m.fl. Fimm ára ábyrgð. Fri heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs.

11 ára reynsla á Íslandi. Opið alla daga frá 14 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða [mvehf@hive.is](mailto:mvehf@hive.is)

**Dýrahald**

Bolabíthvolpar til sölu, skráðir hjá HRFÍ. Uppl. í s. 662 0500 og á boli.is

Óska eftir að koma 6 ára irskur Shetter hundi í pössun. Sem fyrst. Uppl. í s. 866 7363.



Dvergschnauzer yndislegur svart og silfur strákur til sölu. Afhendast með ættbók frá HRFÍ, heilsufarsskoðaðir og tryggðir hjá VÍS. Uppl. í síma 898 8621 og 865 2320 eða á <http://helguhliðar.vortex.is>



Þessi fallega þrillita kisa fæst gefins til kattavina hún er 10 vikna kassavön og bóluset. S. 846 9919 & 421 2521.

Til sölu. King Cavalier.F06 Þrillit. Verð. 180.þ Staðgreitt. 100.þ afs.80.þ Uppl. 8465340

Beagle hvolpar til sölu, uppl í s. 8609233 myndir á: [www.blog.central.is/beagle](http://www.blog.central.is/beagle)

Gull falleg 10 vikna Rottweiler tik til sölu. Heilsufarsskoðuð, örmerkt og með ættbók. Uppl. í s. 869 5792.

**Enskir Cocker spaniel**

Yndislegir hvolpar til sölu. Bólus., örm. m/ættb. HRFÍ. Frábærir fjölsk.hundar. S. 663 5521.

**TÓMSTUNDIR & FERÐIR**

**Ferðapjónusta**



**Sjóstangveiði - Andrea**

Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 892 8433. Nánari upplýsingar [www.sjostong.is](http://www.sjostong.is), [hvalalif@hvalalif.is](http://hvalalif@hvalalif.is)

**Gisting**



**Sumarhús í Varmahlíð í Skagafirði**

Til leigu 50-60fm bústaðir með heitum potti við skóginn fyrir ofan Varmahlíð. Helgar & vikuleiga. Hestaleiga, rafting omífl. Uppl. í s. 862 2129.

Til leigu á Spáni allan ársins hring -Barcelona, Costa Brava, Menorca, Valladolíd. Uppl. í s. 899 5863 [www.helenjonsson.ws](http://www.helenjonsson.ws) & [www.spainapartments.ws](http://www.spainapartments.ws)

**Gistiheimili sólheimar 1. 601 Akureyri**

Gisting í lengri eða skemmri tíma. Uppl. í s. 897 7613.

**Fyrir veiðimenn**

**Góðir maðkar**

til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5135.

Laxamaður! Maður til sölu. Uppl. í s. 898 3950.

**HÚSNÆÐI**

**Húsnæði í boði**

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á [www.leigulistinn.is](http://www.leigulistinn.is) eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 100fm 3ja herb. íbúð á góðum stað í Keflavík. Uppl í síma 866 6123.

Herb. til leigu í miðbæ Hafnarfjarðar. Stutt í lónskólann, Stutt í miðbæinn. Aðgangur að WC og eldhúsi. 25 þús. kr á mán. Uppl. í s. 846 0698.

**Skipta.is**  
Eignir-skipti Viltu skipta á einhverju sem þú átt og vilt eitt-hvað í staðinn?  
Farðu á [www.skipta.is](http://www.skipta.is) og skráðu þína eign. Mikil hreyfing! Góð skipti! Láttu hlutina gerast og farðu á [www.skipta.is](http://www.skipta.is)

**Leigusalar auglýsa frítt.**  
Skráðu eignina þína beint á [www.leiga.is](http://www.leiga.is) eða hringdu í síma 534-1020.

**Leigjendur leita frítt.**  
Kíktu núna á [www.leiga.is](http://www.leiga.is).

**Leiga.is býður**

- ✓ leit að leigjanda
- ✓ leiguráðgjöf
- ✓ tryggingaráðgjöf
- ✓ gerð leigusamninga fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði.

**Leiga.is**  
Löggilt leigumáttun

37 fm. íbúð á Baldursgötu til leigu. Leiguverð 85.000 kr. Ólafur, s. 895 8956.

Til leigu 150 m2 hæð sem er 3 herb. + eldhús, þvottahús, borðstofa, stofa og baðherbergi. Ein önnur íbúð er í húsinu sem er í Suðurhíðum Kópavogs. Langtímaleiga. Uppl. í síma 896 0305.

Til leigu 2 herbergja íbúð í 101 verð 55.000 896 9908.

Wynajme mieszkanie 2 pokojowe. Tel. 660 6224.

**ZÚÚBER**

**FM957**

**FRÁ 7 TIL 10 ALLA VIRKA DAGA**

**NÚ GETURÐU LÍKA HORFT Á OKKUR Á FM957.IS!**

ROLLING STONES

# Hvað er að fréttar?

90 11 6 44 9



Fréttir af fólki\_

www.visir.is

**VISIR**  
Fyrstur með fréttirnar!

## 2ja herb. íbúð til leigu í 108 Rvk.

Hugguleg nýuppgerð íbúð með 2 svölum og miklu útsýni. Íbúðin leigist út frá 1/9 - 31/12 2007, með öllum húsbúnaði og tækjum. Meðmæli og trygging skilyrði. Uppl í s. 557 3346 og 691 9975.

## 110 fm glæsileg íbúð til leigu í Keflavík

Ný og glæsileg íbúð til leigu. laus starx 110 fm 4 herb. Reyklaust og reglusamt fólk óskast. Nánari uppl. í s. 860 1929.

## Húsnæði óskast

Vantar 2-3 herb. íbúð til leigu hið snarasta. Á skit nóg af peningum, en er samt ekki að fara að eyða þeim í óþarfa bull. Garðar í s. 895 6535.

**Óska eftir hæð, raðhús** eða einbýlishúsi í kópavogi, langtíma-leiga, frá og með 1.sep. eða sem fyrst. Uppl. í s. 820 7065.

Óska eftir einstaklingsíbúð eða 2ja herb. Er reglusamur, skilvísium greiðslum heitið. S. 892 9168.

Herb. óskast á leigu með sér wc-aðstöðu. er reglusöm og reyklus. hef góð meðmæli. Uppl. í s. 893 2215.

## Atvinnuhúsnæði

Ódýrustu geymslu m2 á markaðnum í nýstandsettu húsnæði Á Eyrbakka 250 m2 á 495 m2, og 1.500 m2 á 465 m2 Sími: 661 6800.

Vantar ca 25-80 fm atvinnu/ iðnaðarhúsnæði. Inkeyrsluhurð kostur en ekki skilyrði. Skoða allt. Uppl. í s. 844 5222.

Get haft til leigu 30-60 fm iðnaðarpláss. 20 mín. sunnan Hafnarfjarðar. Uppl. í s. 894 0431.

## Geymsluhúsnæði

Geymslurími (háaloft) til leigu í R 105. Til dæmis bókaakassar búslóð og smærri húsgögn. S. 864 0535.

## Bílskúr

32 fm bílskúr til leigu við Kársnesbraut í Kóp. Uppl. í s. 869 0139, Óddi.

23 fm upphitaður bílskúr til leigu í kóp, 25þús á mán uppl í síma 6607675

## ATVINNA

## Atvinna í boði



**Starfskraftar óskast**  
Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu, á tvískiptar vaktir. Getum einnig bætt við helgarstarfsfólki. Umsóknareyðublöð á staðnum & í s. 555 0480, Sigurður.

Sölu/þjónustufulltrúi. Spennandi starf og góðar tekjur við markaðssetningu nýrra bíla. Símasala/fyrirtækjakynningar. Also wanted US/English native for Buying Dept. Nánari Uppl./More info www.islandus.com/atvinna

**Búr ehf - Vaktstjóri**  
Búr ehf óskar eftir að ráða vaktstjóra með lyftararéttindi. Vaktvinnu. Framtíðarstarf. Ekki yngri en 25 ára. Góð íslenskukunnátta skilyrði. **Upplýsingar í síma 510 9414 á skrifstofutíma. Umsóknir einnig á staðnum, Bæjarflöt 2, Grafarvogi.**

**JC Mokstur**  
Óskum eftir mönnum með vinnuvélaréttindi. Góð laun í boði, næg vinna. **Uppl. í s. 693 2607.**

**Wilson's pizza leitar af starfsfólki í eftirfarandi stöður.**  
Aðstoðarmann í eldhús (fullt starf) - Pizzabakara - Sendla - afgreiðslufólk í sjoppu. Um er að ræða hentugan vinnutíma í bæði hlutastarf og fullt starf. Góð laun fyrir rétta fólkið. **Umsóknareyðublöð á staðnum Wilson's Pizza, Gnoðarvogi 44 & Austurströnd 1 eða í síma 581 1515.**

**Húsasmiðjan**  
Óskar eftir föstum starfsmönnum og helgarstarfsmönnum á kassa í verslun Húsasmiðjunnar í Grafarholti. **Upplýsingar í síma 660 3193.**

**Húsasmiðjan Grafarholti**  
Óskar eftir föstum starfsmönnum og föstum starfsmönnum í timbursölu. **Upplýsingar í síma 660 3193.**

**Húsasmiðjan Grafarholti**  
Óskar eftir föstum starfsmönnum og helgarstarfsfólki í málningardeild. **Upplýsingar í síma 660 3193.**

**AU-PAIR ÍTALÍA**  
Íslensk/Ítölsk fjöldskýlda óskar eftir jákvæðri, samvirkusamri og barngóðri stelpu til þess að gæta 7.ára stúlku ásamt heimilistörfum sem fyrst til lengri eða skemmi tíma, viðkomandi þarf að vera 19 ára eða eldri áhugasamar hafa samb. í s. 896 1918

## DÝRARÍKIÐ

### Dýraríkið Starfsfólk óskast

Okkur vantar starfsfólk í heilsdags og/eða hálf dagsstarf. Viðkomandi þarf að hafa staðgöða þekkingu á dýrum og/eða brennandi áhuga á dýrum. Við leitum að fólki til lagerstarfa, afgreiðslu í verslun og við umhirðu á dýrum. **Nánari upplýsingar í síma 56 87170 eða í versluninni.**

**Bílstjórar óskast**  
Pósthúsið óskar eftir duglegum og hraustum bílstjórum til starfa sem fyrst. Um er að ræða akstur og dreifingu á fjölbreytilegum verkefnum Pósthússins og er vinnutíminn frá 08-16 virka daga, yfirvinna skv. samkomulagi. **Nánari upplýsingar veittar eingöngu á staðnum, Suðurhrauni 1, Garðabæ milli 8 og 16 eða á www.posthusid.is, hægt er að senda umsóknir á umsoknir@posthusid.is**

**JC Mokstur**  
Óskum eftir mönnum með vinnuvélaréttindi. Góð laun í boði, næg vinna. **Uppl. í s. 693 2607.**

**Wilson's pizza leitar af starfsfólki í eftirfarandi stöður.**  
Aðstoðarmann í eldhús (fullt starf) - Pizzabakara - Sendla - afgreiðslufólk í sjoppu. Um er að ræða hentugan vinnutíma í bæði hlutastarf og fullt starf. Góð laun fyrir rétta fólkið. **Umsóknareyðublöð á staðnum Wilson's Pizza, Gnoðarvogi 44 & Austurströnd 1 eða í síma 581 1515.**

**Mosfellsbakari**  
Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í eftirtalin störf. Frá 06.30 - 14.00 virka daga, og einn dag aðra hverja helgi. Einnig eftir hádegi frá 12:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi. **Nánari upplýsingar veita Áslaug í síma 566 6145 & 660 2155.**

## ATVINNA



**Mosfellsbakari**  
Mosfellsbakari á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Ýmsar vaktir í boði. Einnig vantar helgarstarfsfólk. **Nánari upplýsingar veitir Ellisif í s. 660 2153 eða á staðnum.**

**Keiluhöllin Öskjuhlíð.**  
Óskar eftir starfsfólki í eldhús í kvöld- og helgarvinnu **Upplýsingar í síma 617 2929 og á keiluhollin.is**

**Keiluhöllin Öskjuhlíð**  
Keiluhöllin Öskjuhlíð óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu. 100% staða. Óskum einnig eftir fólki á bar og í afgreiðslu um kvöld og um helgar. **Upplýsingar í síma 617 2929 og keiluhollin.is**

**Prikið auglýsir.**  
Vantar starfsfólk sem fyrst við afgreiðslustörf. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Hentar vel með skóla. **Áhugasamir hafi samband í s. 694 5553, Þórhildur.**

**Bakaríð Hagamel 67**  
Óskar eftir að ráða hresst og duglegt starfsfólk til afgreiðslustarfa. Um er að ræða vaktavinnu, 75-100%. Vinnutími eftir frekara samkomulagi. Ekki yngri en 16 ára. **Nánari uppl. veita Anna Rósa í s. 869 3320 og Gunnar í s. 897 8101.**

**Veitingahúsið Nings Stórhöfða & Hlíðarsmára**  
Óskar eftir að ráða vaktstjóra. Unnið er 15 vaktir í mánuði. Ekki yngri en 20 ára. Einnig óskum við eftir manneskju í fullt starf, unnið er 15 vaktir í mánuði.  
Upplýsingar í síma 822 8840, 822 8870 og einnig inn á [www.nings.is](http://www.nings.is)



**Laus störf.**  
Vaktstjórar Almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum auk þess að hafa umsjón með vaktinni. Vaktavinnna. Afgreiðslufólk Afgreiðslustörf á kassa ásamt tilfallandi störfum. Vaktavinnna. Næturvaktir Afgreiðslustörf á Select á næturna. Unnið í viku og fri í viku. Hlutastörf Almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum. Tilvalið fyrir skólafólk.  
Nánari upplýsingar veitir Rebekka í síma 444 3000 eða á [ri@skeljungur.is](mailto:ri@skeljungur.is). Umsóknareyðublað má nálgast á [www.skeljungur.is](http://www.skeljungur.is).

**ERT ÞÚ NÆTURDÝR?**  
Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða fullt starf í næturvinnu, unnið 7 nætur og 7 nætur fri. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.  
Hægt er að sækja um á [subway.is](http://www.subway.is) eða á viðkomandi stað. Aldurstakmark er 18 ár.

**Hefur þú reynslu af að reka heimili?**  
Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki á besta aldri með mikla þjónustulund. Um er að ræða fullt starf í dagvinnu. Sveigjanlegur vinnutími í boði sem hægt er að aðlagga að þínum þörfum.  
Hægt er að sækja um á [subway.is](http://www.subway.is) eða á viðkomandi stað. Umsækjendur eldri en 25 ára eru sérstaklega velkomnir.

**Bakarí Sandholt Hverafald**  
Vanntar duglegt og ábyggilegt fólk í störf við afgreiðslu ofl. Sem fyrst. Uppl. í s. 567 9090. Asta.

**Smiðir óskast.** Mikil vinna framundan. Upplýs. í síma 892-0053

**Bakarí Hafnarfjörður**  
Vort daglegt brauð. Vantar hress og duglegt starfsfólk. tvískiptar vaktir. Uppl. hjá Þóru í síma 891 8258.

**Bakarí Garðabær**  
Kökubankinn vantar hress og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig laus störf um helgar hentar vel skólafólki. Uppl. hjá Þóru í síma 891 8258 eða á staðnum 565 8070.

Starfskraftur óskast í mötuneyti. Góð laun í boði. Uppl. í s. 691 5976.

Vantar fólk í vinnu í bóndstöð og verkstæði. Upplýsingar gefur á síma 567 0660 eftir kl.18

Vanar Háset vantar strax á 160 tonna netabát frá Þorlákshöfn. Uppl. í s. 892 0367.

**Au pair óskast!**  
Á suðurland. Uppl í s. 865 5613.

Framtíðarstörf - móttaka og afgreiðsla Islandsþóstur hf. óskar eftir afgreiðslufólki til starfa á pósthús víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu. Við leitum að sjálfstæðu, úrræðagóðu og þjónustulundu starfsfólki sem geta hafið störf fljótlega. Nánari upplýsingar gefur Heiða í síma 580-1263 og Herdis í síma 580-1128. Umsókn skal skilafull til: Islandsþóstur hf. Stórhöfða 29 110 Reykjavík Merkt: Afgreiðslustarf. Starfsúmsókn er einnig hægt að fylla út á [www.postur.is](http://www.postur.is)

Tapasbarinn óskar eftir þjónustufólki í sal um helgar. Reynsla æskileg, en ekki skilyrði. Upplýsingar á staðnum milli 13:00 og 18:00.

Glæsilega stelpur og stárkar óskast í skemmitlega helgarvinnu. Uppl. í s. 894 4141.

**Verslunin Tiger**  
Óskar eftir starfskrafti í verslunir sínar á Laugavegi og í Smáralind. Uppl. veitir Sandra í síma 660 8211.

— RIZZO PIZZERIA — óskar eftir starfsfólki, í boði er fullt starf, hlutastarf, við símsvörum og bakstur. Uppl. gefur Diddi í síma 840 6670.

Bón og Þvottastöðin Sóltúni óskar eftir að ráða starfsmann tímabundið. Uppl. í síma 664 1099.

Sendingstjórar óskast á stöð. Uppl. í s. 555 1111 8-18 virka daga. Sendabílastöð Hafnarfjarðar.

**Sólbaðstofa**  
Óskum eftir starfsfólki í hlutastarf. Upplýsingar á staðnum. Sólbaðstofan Sælan, Bæjarlind 1. S. 544 2424.

**Landbrot hf.**  
Vantar vanan grófumann og meira-prófsbilstjóra. Uppl. í s. 893 7320.

**Árbæjabakarí**  
Starfsfólk óskast í afgreiðslu. Vinnut. 7-13 eða 13-18:30. Einnig vantar í helgarvaktir. Uppl. í s. 869 0414.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða starfsmenn í áfyllingar í fullt starf til framtíðar. Leitað er að samviskusömum og stundvísu einstaklingum. Lágmarksaldur 18 ár og bilpróf skilyrði. Áhugasamir sendi umsókn á netfangið [leo@egils.is](mailto:leo@egils.is) fyrir 13. ágúst n.k.

**Atvinna óskast**

**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?**

Útvegum starfsfólk frá Póttendi í allar stættir atvinnuþeirra. Erum einungis með tættar fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu. Veitum trausta og góða þjónustu. Verð 39.000,- m/vsk

**UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888**

**FAGRÁÐNING**

Sími 534 8888 - Fax 534 8887  
Stangarhlutur 7 - 110 Reykjavík

22 ára kvk. óskar eftir vel launaðri dagvinnu frá 13 sept Sýlvía 868 1803 [bumbulina@hotmail.com](mailto:bumbulina@hotmail.com)

Smiður óskar eftir vinnu. S. 6619137.

33 ára karlmaður óskar eftir aukastarfi aðra hverja helgi í dag- eða kvöldvinnu. Get einnig unnið 1 kvöld í viku. Er samviskusamur, stundvís og verð sjaldan frá vegna veikinda. Áhugasamir hringi í Gunnar í s. 8615777.

**TILKYNNINGAR**

**Tilkynningar**

**Celebrity.is**  
Núna 12.000+ myndir af fræga fólkinu á flottum vef. Nýjar myndir daglega.

**Matseld.is**  
Nýjar uppskriftir daglega á fallegum uppskriftavef.

**Kaffihús Sandholt Laugavegi**  
Vanntar duglegt og ábyggilegt fólk í störf við afgreiðslu ofl. Sem fyrst. Uppl. í s. 551 3524. Saga eða Ásgeir.

Viltu læra áhrifaríkan hlaupestil með minni áreynslu? S. 896 2300 / [fit-pilates.is](mailto:fit-pilates.is)

**Einkamá**

**18plús.is.**  
XXX samfélag Íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkominn/ n. [www.18plus.is](http://www.18plus.is).

**Auglýsingasími**

**512**

**5050**

– Mest lesið

**ÞÓRSAFL**  
Sendill óskast til framtíðarstarfa hjá Þórsafl hf. Meirapróf kostur, lágmarksaldur 23 ár. Upplýsingar í síma 511 7050 eða 862 9192. [hannes@thorsafli.is](mailto:hannes@thorsafli.is)

**ÞÓRSAFL**  
Vélamann - meiraprófsbilstjórar óskast til starfa í jarðvinnuflókki Þórsafls hf. 3-5 ára reynsla æskilegt. Getum útvegað húsnæði fyrir utanbæjarmenn Upplýsingar í síma 511 7050 eða 862 9192 [hannes@thorsafli.is](mailto:hannes@thorsafli.is)

**ERT ÞÚ AÐ LEITA AÐ SKEMMTILEGRI VINNU MEÐ SKÓLA Í VETUR?**  
Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla.  
Hægt er að sækja um á [subway.is](http://www.subway.is) eða á viðkomandi stað. Aldurstakmark er 16 ár.

**RE/MAX**  
**EIGNASTÝRING**

Síðumúla 27 108 Reykjavík sími 534 4040

**OPIÐ HÚS 09. 08. 2007**  
**MILLI KL. 17 OG 18**  
**BÆJARGIL 23, GARÐABÆ**

Frum

Glæsilegt 2ja hæða 190 fm. einbýli auk 34 fm sérbyggðs bílskúrs. Húsið er teiknað af Vifili Magnússyni og er byggt 1989 og er innst í lokuðum botnlanga, með stórrímburverönd og skjólveggjum. Á neðri hæð er eldhús, gestasnyrting, þvottaherb., stofa, þorðst. Á efri hæð eru 4 svefnherb. auk baðherb. Mjög vel staðsett og fallegt húsr.

Erlendur Davíðsson, lögg. fasteignasali og verðbréfamiðlari • [www.eignastyring.is](http://www.eignastyring.is)

**Til leigu í Kaupmannahöfn**  
Björt 3 herbergja íbúð með öllu!  
Til leigu í september og október

Glæsileg 3 herbergja íbúð á fjórðu hæð í nýju fjölbýlishúsi með lyftu. Íbúðin er 86m², 2 svefnherb., eldhús, stofa þar sem hægt er að opna helan vegg út á svalir og baðherbergi með sturtu, þvottavél og þurrkari. Íbúðin er innviðtú smekklæga. Bamarrúm, matarstóll og kerra geta fyllt. Íbúðin er á góðum stað við Suðurlind og er einungis 10 mín. frá Kastur, á Stráð, Tvol og verslunarmarkaðshólar Fjelds og Fisketónvet. Góngaflan í lestarstöð. Til leigu í skemmi eða lengri tíma í sept og okt

Upplýsingar veitir Konráð í síma 0045 3069 3680 eða [konrad@remax.dk](mailto:konrad@remax.dk)


**ATVINNA**

**Aðstoð á tannlæknastofu**  
Aðstoð vantar frá 1. september á tannlæknastofu í miðbæ Reykjavíkur.  
Áhugasamir sendi á [box@frettt.is](mailto:box@frettt.is) merkt Tannlæknastofa-311

**MÚRARAR**  
Ernum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.  
Kraftafl ehf S: 840-1616

**Kórstjóri barnakórs Grafarholtssóknar**  
Grafarholtssókn óskar eftir kórstjóra barnakórs frá byrjun september í hlutastarf. Barnakór kirkjunnar hefur starfað frá 2005 og er nú skipaður um 30 börnum á aldrinum sjö til tíu ára. Upplýsingar um starfið veita Hrönn Helgadóttir organisti í síma 695 2703 og séra Sigríður Guðmarsdóttir sóknarprestur í síma 895 2319.

**TILKYNNINGAR**



**MARGMIÐLUN UPPLÝSINGATEKNI**

Borgarholtsskóli býður upp á ítarlegt dreifnám í margmiðlunarhönnun annars vegar og bókasafnstækni hins vegar. Námið er hægt að stunda með vinnu og hentar vel þeim sem vilja ná tökum á stafrænni tækni við úrvinnslu og miðlun upplýsinga á sjónrænan hátt. Margmiðlunarhönnun er góður undirbún-ingur undir frekara nám í listaháskólum og bókasafnstækni undirbýr fólk undir störf á bókasöfnum og upplýsingamiðstöðvum.

ljósmyndun  
vefhönnun  
teiknimyndagerð  
myndbygging  
útvarp  
sjónvarp  
umbrot  
litafræði  
kvikmyndun  
safnafræði  
grafísk hönnun

Innritun framlengd til 15. ágúst

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar: <http://dreifnam.multimedia.is>

**Borgarholtsskóli**  
v/Mosaveg 112 R. Sími 535 1700 [www.bhs.is](http://www.bhs.is)

### Vaktstjóri á Pizza Hvt:

Pizza Hvt leitar að öflugum vaktstjórum í eldhús og veitingasal. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samvirksemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. **Lágmarksaldur er 22 ár.**

Áhugasamir sendi inn umsókn á [www.pizzahvt.is](http://www.pizzahvt.is).

Nánari uppl. hjá veitingastjórum á Pizza Hvt, Nordica sími 533-2002, Sprengisandi sími 568-8088, Smáralind sími 533-2005.



### FASTEIGNIR

Opið hús í dag frá kl. 17:00 til 18:00.  
Kvistavellir 55-61 – 221 Hafnarfirði



Fróm

Sýnum í dag sérlega falleg og vel skipulögð raðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Húsin verða afhent fullbúin að utan, steinuð í ljósum lit, og rúmlega fokheld að innan eða tilbúið til innréttinga. **Verð frá 27,9 millj. Möguleiki á hagstæðri fjármögnun.**

Ásmundur sölumaður Höfða,  
s: 895 3000, verður á staðnum  
í dag á milli kl. 17:00 og 18:00.



Suðurlandsbraut 20  
Sími 533 6050  
Bæjarhrauni 22  
Sími 565 8000

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.sali – Kristín Pétursdóttir, lögg. fast.sali

**LYNGVÍK**  
FASTEIGNASALA

SÍÐUMÚLA 33 • 108 REYKJAVÍK.  
SÍMI 588 9490 • FAX 568 4790  
WWW.LYNGVIK.IS  
LYNGVIK@LYNGVIK.IS

Sigrún Gissuradóttir, löggiltur fasteignasali

### PORLÁKSGEISLI - LAUS STRAX



Fróm

Vorum að fá í sölu mjög góða 4ra herbergja 140 fm íbúð á 3.hæð í lyftuhúsi, ásamt stæði í bílgeymslu. Parket og flísar á gólfum. Þvottahús innan íbúðar. **Verð 32,9 m.**

**LYNGVÍK**  
FASTEIGNASALA

SÍÐUMÚLA 33 • 108 REYKJAVÍK.  
SÍMI 588 9490 • FAX 568 4790  
WWW.LYNGVIK.IS  
LYNGVIK@LYNGVIK.IS

Sigrún Gissuradóttir, löggiltur fasteignasali

### LOGAFOLD - 112 Reykjavík MJÖG GOTT EINBÝLISHÚS



Fróm

Mjög gott og vel staðsett 198 fm einbýlishús á 900 fm jadalóð með miklum og fallegum gróðri, ásamt afgritum pöllum. Fimm svefnherbergi. Innbyggður 35 fm bílskúr með hellulagðri innkeyrslu fyrir framan. **Verð 61,4 m.**

### Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

**Kraftafl ehf**

### Múrarakar

Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616.

**Kraftafl ehf**

# Sveigjanlegur vinnutími!

**NÓATÚN**



## Spennandi störf í boði fyrir fólk með lífsreynslu!

Í Nóatúni vinnur hæfileikaríkt fólk sem myndar samheldinn hóp og leggur sig fram við að veita viðskiptavinum Nóatúns fyrsta flokks þjónustu. Vilt þú vinna hluta úr degi eða nokkra daga í viku? Við leitum nú eftir ábyrgu og jákvæðu fólki í fjölbreytt störf.

Nánari upplýsingar veitir Guðríður starfsmannastjóri í síma 585 7000 eða sendið umsókn á [Kaupás hf. Bildshöfða 20, 110 Reykjavík b.t. Guðríður](http://Kaupás hf. Bildshöfða 20, 110 Reykjavík b.t. Guðríður).



## Leikskólakennarar og annað fagfólk

óskast í leikskólann Rofaborg, Skólalabæ 6, Árbæ.

## Lærum saman í leik

Rofaborg er fjögurra deilda leikskóli við Elliðaárdalinn. Einkunnarorð leikskólans eru leikur, gleði og vináttu. Unnið er eftir námsskrá sem hefur öðlast reynslu og fest sig í sessi. Einnig er unnið að þróunarverkefni með elstu börnunum. Á næsta ári verður tekin í notkun glæsileg viðbygging.

Verið velkomin í heimsókn í Rofaborg eða hafið samband við Þórunni Gyðu Björnsdóttur leikskólastjóra í síma 587-4816 / 693-9863.

» Við leitum að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.



Reykjavíkurborg  
Leikskólasvið

[www.leikskolar.is](http://www.leikskolar.is)

# Auka þarf jöfnuð og draga úr misskiptingu

## UMRÆÐAN

Lífskjör



**BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON**

Ójöfnuður hefur aukist mikið á Íslandi síðustu 14 árin. Ástæðurnar eru margar. Ein helsta ástæða er sú, að skattleysismörkin hafa ekki fylgt breytingum á verðlagi og kaupgjaldi. Ef skattleysismörkin hefðu fylgt launavísitölu frá 1988 væru þau í dag 140 þúsund á mánuði en þau eru aðeins 90 þúsund á mánuði. Önnur ástæða er sú, að lífeyrir elli- og örorkulífeyrisþega hefur dregist aftur úr í launþróuninni. Kjör þessara hópa hafa versnað mikið miðað við kjör launþega á almennum vinnumarkaði. Og þriðja ástæða en ekki sú veigaminnsta er sú, að hið rangláta kvótakerfi hefur fært gifurlega fjármuni til í þjóðfélaginu, frá mörgum til fárra. Kvótarnir eru nú á hendi örfárra sem raka saman miklum fjármunum í skjóli þess að hafa umráð yfir kvótanum.

### Ranglátt skattkerfi

Skattkerfið er mjög ranglátt. Skattar hafa verið lækkaðir mikið á fyrirtækjum og fjármagnseignum en í raun hafa skattar hækkað á einstaklingum, þar eð

skattleysismörk hafa ekki fylgt launavísitölu.

Miðað við staðtölur OECD jókst skattbyrðin úr 38% af landsframleiðslu 1990 í 48% af landsframleiðslu 2006. Á sama tíma hefur skattbyrðin á evrusvæðinu aukist úr 43% af landsframleiðslu í 45%. Skattbyrðin á Íslandi er því komin upp fyrir Evrópuméðaltal. Hækkun á skattbyrði um 10 prósentustig af landsframleiðslu er mjög mikil hækkun.

### Ójöfnuður hefur stóruð

Ójöfnuður hefur aukist mjög mikið. Í ítarlegri grein sem Stefán Ólafsson prófessor birti í tímaritinu Stjórnmal og stjórnsýsla haustið 2006 um aukningu ójafnaðar hér

á landi, færir hann óbyggjandi rök fyrir því, að ójöfnuður hafi aukist mun meira hér á landi en í grannlöndum okkar og raunar meira en í Bandaríkjunum, aðalríki auðvalds- skipulagsins. Ójöfnuður hjá fjölskyldum jókst um 40,7% á Íslandi á tímabilinu 1993-2005, þ.e. fyrir skatta. En eftir skatta hefur ójöfnuður á þessu tímabili aukist um 71,4%. Spurning er hvort réttara sé að miða þessar tölur við tekjur með fjármagnstekjum eða án þeirra. Án fjármagnstekna, eftir skatta, hefur ójöfnuður á umræddu tímabili aukist um 35,8% hér á landi. En með fjármagnstekjum, eftir skatta, hefur ójöfnuður aukist um yfir 70%. Það er því sama hvort miðað er við tekjur með eða

án fjármagnstekna: Ójöfnuður hefur aukist mikið. 35,8% aukning ójafnaðar er mjög mikið.

### Eykur ríkisstjórnin jöfnuð?

Ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks lýsir því yfir í stjórnarsáttmála sínum, að stjórnin leggi áherslu á að auka jöfnuð í þjóðfélaginu. Ríkisstjórnin segir, að hún muni stefna að því að lækka skatta á einstaklingum á kjörtímabilinu m.a. með því að hækka persónuafslátt. Það verður fylgst mjög vel með því hvernig það stefnumál að auka jöfnuð verður efnt. Hvernig er auðveldast að auka jöfnuð í þjóðfélaginu? Það verður best gert með aðgerðum á sviði almanna- trygginga og skattamála. Það þarf

að stórhækka bætur elli- og örorku- lífeyrisþega og afnema eða draga mikið úr öllum skerðingum lífeyris almanna-trygginga. Skerðingar vegna tekna úr lífeyrissjóðum á að fella niður. Enn hafa engar hækkunir á lífeyri almanna-trygginga átt sér stað frá því að nýja ríkisstjórnin tók við völdum. Þess er að vænta, að aðgerðir á þessu sviði sjái dagsins ljós strax í haust. Þá þarf að stórhækka persónuafsláttinn svo skattleysismörkin verði a. m.k 140 þúsund krónur á mánuði. Framangreindar ráðstafanir í trygginga- og skattamálu mundu hafa mikil jöfnunaráhrif.

Höfundur er viðskiptafræðingur.

## Töfra tæki



### Magimix matvinnsluvélin léttir þér lífið

Magimix matvinnsluvélin er óvenjulega stílhreint, kraftmikið og endingargott töfra- tæki fyrir alla þá sem kunna að meta gæði og góðan mat. Vélin er sérstaklega auðveld í notkun og hárbeytt stálhni- far tryggja fullkominn skurð.

Verð frá: kr. 21.500 stgr.

**magimix**

**EIRVÍK**

-hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík  
Baldursnes 6, Akureyri  
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

**Gefðu vatn**

Hjálparstarf kirkjunnar

www.hjelp.is

# FRÁBÆR SKÓLAFÉLAGI

Glæsileg fartölva frá Acer með 15.4" sérstaklega björtum CrystalBrite skjá. Intel örgjörvi, hraðvirkt vinnsluminni, þráðlaust net og geymslupláss fyrir 320.000 ritgerðir gera hana gjaldgenga í hvaða skólastofu sem er. Innbyggð vefmyndavél sem hægt er að nota á MSN og Skype opnar nýjar víddir í samskiptum við félagana. Lesari fyrir minnskortin úr myndavélinni þinni, nýjasta stýrikerfið frá Microsoft og 3 ára ábyrgð er síðan rúsínan í pylsuendanum.

**SVAR TRYGGING** **3 ÁRA ÁBYRGÐ**

**TILBOÐ:**

# 69.900.-

Stækkaðu minnið í 1024MB fyrir aðeins **3.900.-** ▶ Eða 2.526 kr. á mánuði í 36 mánuði!

**Bestu kaupin fyrir hagsýna nemandann!**

**3 ÁRA ÁBYRGÐ** **VÍÐTÆK TRYGGING** **acer VINSÆLAST Í EVRÓPU**

Eingöngu Acer fartölvur sem seldar eru af Svar tækni eða viðurkenndum endur-söluaðilum þess\*\* bera 3 ára ábyrgð. Svar tækni er eini viðurkenndi þjónustuaðili Acer á Íslandi.

Fyrir þá sem vilja vera algjörlega öruggir mælum við með tækjategyggingu TM sem er vídtæk vernd fyrir tölvuna í 3 ár. Tryggingin bætir tjon sem verða vegna skyndilegra, ófyriseðra atvika. Hún gildir hvar sem er í heiminum og er án eigin áhættu – ef þú hellir óvart kaffi yfir tölvuna þá færðu hana bætt!

Acer fartölvurnar hafa verið þær söluhæstu í Evrópu síðastliðin þrjú ár. Þú getur treyst því sem meirihluti Evrópu velur.

**SVAR tækni**

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

# Eigum við að lengja vinnudaginn?

## UMRÆÐAN

Efnahagsmál



GUÐMUNDUR  
GUNNARSSON

Undanfarna daga hafa verið birt nokkur viðtöl við nóbels-verðlaunahafann Edward C. Prescott um að lækka ætti skatta svo fólk fengist til þess að skila lengri vinnudegi. Hannes Hólmsteinn bauð svo upp á ráðstefnu um þetta málefni. Það liggur fyrir að norræn efnahagsstefna skilar besta árangri í heiminum. Þar spilar sterk verkalýðshreyfing stærsta hlutverkið og sama hefur verið uppi á teningnum hér. Flestir eru sammála um þennan mikla og góða árangur. Ég hef lúmskt gaman af þessu, því það eru ekki mörg ár síðan Hannes Hólmsteinn og aðrir ungir sjálfstæðismenn spáðu því að norræna stefnan gæti ekki annað en skattþint sjálfa sig í rúst. Það var þessi stefna sem verkalýðshreyfingin ásamt samtökum vinnuveitenda með Ásmund Stefánsson og víkinginn Einar Odd í broddi fylkingar lögðu upp með Þjóðarsáttinni og hefur skilað okkur þangað sem við erum í dag, ásamt framsýni Jóns Baldvins á sínum tíma með gerð viðskiptasamninga við Evrópurík. Aðilar vinnuarkaðsins hafa síðan þá ítrekað þurft að taka slaginn við stjórnvöld til að vernda þann árangur, eins og fram hefur komið í hvert skipti við endurnýjun kjarasamninga. Hannes Hólmsteinn segir aftur á móti að Þjóðarsáttin hafi ekkert verið nema stutt verðstöðvun, það hafi verið Davíð og hann sem einhendis hafi gert þetta. Valda hærri skattar minni starfslöngun? Hvers vegna ættum við að snúa stefnu okkar um 180° og fara að vinna meira? Prescott vék sér ítrekað undan því að svara þessum spurningum. Evrópubúar hafa flest-

ir fjögurra til fimm vikna sumarfrí og átta stunda vinnudag. Þetta eru þau lífsgæði sem við höfum barist fyrir í áratugi. Rafiðnaðarmenn hafa með markvissri baráttu stýtt vinnuviku sína úr 60 tímum í 46 á Þjóðarsáttartímanum og vilja ná lengra. Í Bandaríkjunum er sumarfrí ein til tvær vikur. Þar er vel þekkt að starfsmenn þora ekki að taka sér sumarfrí af ótta við atvinnumissi. Þar er vinnudagurinn miklu lengri en í Evrópu. Efnahagsframarir okkar á Norðurlöndum eru mun meiri en í Bandaríkjunum. Þar verða hinir ríku enn ríkari og millistéttin hefur steypt sér í skuldir samfara því að fátæku fólki hefur fjölgað. Almennur í Bandaríkjunum unum gagnrýnir heiftarlega heilbrigðiskerfið, þar er staðan sú að ef fyrirvinnan lendir í einhverju óláni þá er fjölskyldan kominn á vonarvöl. Frjálshyggjumennirnir telja lausnina á þessu liggja í auknu striti og lengri vinnudegi. Enga leti hjá almúganum takk fyrir, þá getur hann ekki greitt öll nýju þjónustugjöldin, sem sett eru til þess að vegna upp á móti skattalækkunum. Það eru örugglega margir af þeim sem liggja fyrir ofan miðjum tekjustiganum til í að lækka skatta. Vilja menn fórnna einkalífínu, sumarfríunum, menntakerfinu og heilbrigðiskerfinu fyrir það?

Hagfræðingar við Háskóla Íslands hafa sýnt fram á með haldgóðum rökum að kaupmáttaraukning hafi verið ójöfn. Gini-stuðull ráðstöfunartekna er að hækka mest þar sem markvisst hefur verið dregið úr tekjujöfnunarhlutverki skattkerfisins. Minnkandi tekjujöfnunaráhrif skattkerfisins má rekja til nokkurra þátta:

Persónuafslátturinn lækkaði á árunum 1993-2006.

Hátekjuskatturinn hefur verið aflagður.

Skattur af fjármagnstekjum er lægri en af öðrum tekjum. Vaxandi vægi fjármagnstekna í heildartekjum hefur þess vegna leitt til þess að

munur á tekjudreifingu heildartekna fyrir og eftir skatt hefur minnkað.

Meðaltækjur hinna tekjuhæstu hafa hækkað umfram tekjur annarra, einkum fjármagnstekjur þeirra.

Tekjur hinna lægst launuðu hafa hækkað það mikið að margir þeirra sem áður voru skattlausir greiða nú skatt.

Það eru launamenn sem sitja eftir í skattkerfinu á meðan peningamenn flytja sína peninga til annarra landa og eru ekki þátttakendur í rekstri þjóðfélagsins, einungis neytendur. Persónuafsláttur hefur ekki hækkað í samræmi við verðbólgu, vaxtabætur minnkað, barnabætur lækkað, skerðingarmörk öryrkja og aldraðra aukist. Það eru ákvarðanir stjórnvalda sem hafa mest áhrif á kaupmátt og ekki síst hjá þeim lægst launuðu. Nær öll vestræn ríki hafa aukið jöfnunaráhrif skatt- og velferðarkerfa sinna á meðan við höfum stefnt í öfuga átt hér. Skattleysismörkin eru sá þáttur skattkerfisins sem helst jafnar tekjuskjortinguna þegar aðeins er eitt skattþrep. Ef skattleysismörk fylgja ekki launavísitölu er gengið í átt til aukins ójafnaðar í tekjuskjortingunni á Íslandi. Einnig hafa frítekjumörk og skerðingarákvæði stjórnvalda valdið fátæku fólki hér á landi miklum skaða. Það er eins og sumir forsvarsmanna Sjálfstæðisflokksins skammist sín fyrir þróun efnahagsmála. Á svona ráðstefnum og í stórböðum erlendis hrósa þeir sér af því að hafa haft sjónarmið frjálshyggju að leiðarljósi við mótun efnahagsstefnu á Íslandi og náð lengra en þau ríki sem talin eru hafa náð lengst í þessum málum. Þeir vilja alls ekki kannast við árangur sinn hér á landi, eins og kemur fram í raðgreinum Hannesar Hólmsteins í Fréttablaðinu.

*Höfundur er formaður Rafiðnaðarsambandsins.*

## British Airways og umhverfið

### UMRÆÐAN

Umhverfismál

Íslendingar hafa tekið British Airways opnum örmum síðan félagið hóf reglulegt áætluð flug milli London og Keflavíkur fyrir rúmu ári síðan. Flugrekstur er ein þeirra atvinnugreina í heiminum, sem áhrif hafa á hitastig jarðar. Umræðan um umhverfismál fer sívaxandi um allan heim og vitund almennings og forráðamanna fyrirtækja um mikilvægi ábyrgari umgengni við náttúruna sömuleiðis. Langar félagið því að gera hér örlitla grein fyrir stefnu sinni, árangri og stöðu í umhverfismálum.

Síðastliðin sjö ár hefur British Airways lagt höfuðáherslu á að viðskipti með kolefniskvóta sé árangursríkasta leiðin til að draga úr útblæstri koltvísýrings í flugiðnaðinum í heiminum. Hefur flugfélagið verið í fararbroddi flugfélaga um allan heim að því er varðar áherslu á þetta fyrirkomulag og í raun eina flugfélagið sem tekið hefur þátt í mótun tillagna og stefnu í þessum efnem. Árangur þeirrar vinnu er meðal annars grundvöllur laga á vegum Evrópusambandsins um viðskipti með kolefniskvóta sem taka eiga gildi árið 2011. British Airways hefði kosið að lögin tækju gildi enn þá fyrir.

### Dregið úr umhverfisáhrifum

British Airways leitar ávallt leiða til að draga úr umhverfisáhrifum starfsemi sinnar. Sjást þess víða merki, svo sem í vali á nýjum og umhverfismildari þotum og búnaði, bifreiðum og tækjum sem starfsemi þarfnast um allan heim auk orkunotkunar í vinnurýmum svo fátt eitt sé nefnt. Sem dæmi má nefna að eldsneytisnýting flugflota British Airways hefur aukist um 27 prósent frá árinu 1990. Einnig má nefna að hin nýja flugstöð 5 á Heathrowflugvelli við London, sem félagið fær afhenta í september næstkomandi, ber skýr merki umhverfisáhersluna í fjárfestingum.

British Airways var fyrsta flugfélag heims til að bjóða viðskiptavinum sínum að kolefnisjafna ferðalag sitt með félaginu og eru uppi áform um að gera þá þjónustu við viðskiptavinina enn þægilegri en nú er þannig að fleiri kjósi að taka þátt. Í þessu sambandi má nefna að þær nýju þotur, sem félagið tekur í notkun á næstu árum, hafa í för með sér á bilinu 17-30 prósent minni útblástur koltvísýrings á hvern farþega í samanburði við núverandi flugflota.

British Airways er meðal stofnaðila að Sustainable Aviation Group, samtaka flugfélaga og geimfyrirtækja. Samtökin hafa sett sér það markmið að draga úr útblæstri koltvísýrings



BOLLI VALGARÐSSON

á hvern farþega um helming á næstu 20 árum. Einnig styrkir British Airways rannsóknir á sviði eldsneytisrannsókna og hefur jafnframt staðið fyrir verklegum tilraunum sem miða m.a. að því að auka eldsneytisnýtingu og draga úr útblæstri. Þá tekur British Airways þátt í rannsókn- um ESB, háskóla og flugvélaframleiðenda á áhrifum efri laga lofthjúps jarðar á flugvélar, en markmið þeirra er að auka skilning á þeim lögmálum sem þar ríkja til frekari þróunar flugvéla.

British Airways leggur mjög hart að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að finna leiðir til að strauflínulaga flugumferðarstjórn í því skyni að auka hagræði og draga úr útblæstri í Evrópu. Talið er að þær leiðir sem ræddar hafa verið geti dregið úr útblæstri um 12 prósent.

### Áhrif flugiðnaðarins

Þess miskilnings hefur gætt í umræðunni að flugstarfsemi í heiminum sé stærsti einstaki áhrifavaldur aukins hita í loft- hjúpi jarðar. Staðreyndin er á hinn bóginn sú að áhrifin eru fremur litil þegar heildarmyndin er skoðuð. Má nefna að umferð um vegi framleiðir sex sinnum meira magn gróðurhúsalofttegunda og heildarorkuframleiðsla heims sextán sinnum meira magn. Samkvæmt Sternskýrslunni svokölluðu (sjá „The Stern Report“ á vefnum), sem hagfræðingurinn Nicholas Stern kynnti fyrir breskum stjórnvöldum seint á síðasta ári, er flugiðnaðurinn ábyrgur fyrir um 1,6% af heildarframleiðslu gróðurhúsalofttegunda. Segir jafnframt að enda þótt iðnaðurinn legði ekkert að mörkum til að draga úr útblæstri myndi hlutdeild flugrekstrarins í heildarframleiðslu gróðurhúsalofttegunda ekki verða meiri en sem nemur 5% árið 2050. Er þá tillit tekið til fyrirsjáanlegs vaxtar í greininni og hliðaráhrifa, sem honum tengjast.

British Airways er eitt stærsta flugfélag heims og flytur árlega rúmar 33 milljónir farþega til um 140 áfangastaða í átta tíu löndum. Meginstarfsstöð flugfélagsins er á stærsta flugvelli heims, Heathrow við London. Þrátt fyrir að einstök áhrif flugrekstrar í heiminum á aukinn hita í andrúmsloftinu sé ekki mikil í heild tekur British Airways baráttuna gegn auknum gróðurhúsalofttegundum og fyrir mikilvægi aukinnar umhverfisverndar alvarlega og leggur sín lóð á vogarskálarnar í þeim efnem. Frekari upplýsingar um stefnu British Airways í umhverfismálum er að finna á vefsetri þess, ba.com.

*Upplýsingafulltrúi British Airways á Íslandi.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Á ég þetta allt virkilega skilið?

**Þórhildur Fjöla Kristjánsdóttir skrifar um auglýsingar:**

Þú átt það skilið... og þú ert þess virði... Ófár auglýsingar enda með þessum orðum. Á ég virkilega skilið að láta plata mig upp úr skónum til að kaupa rándýrar fegrunarvörur í þeirri von að ég verði ung að eilífu eða svo hárið mitt glansi eins og nýveiddur þorskur? Fegrunarvörur sem oft eru bara ósköp venjuleg sjampó eða rakakrem á uppsprengdu verði. Þessi markaðsetning gagnvart konum finnst mér óþolandi. Það er ekkert eðlilegra en að eldast og sjampó er bara sjampó. Mér finnst ég ekki eiga skilið að stanslausum heilapvotti og fegrunardýrkun sé endalaust þröngvað upp á mig. Mér finnst ég eiga skilið að vera ánægð með mig eins og ég er og eyða peningunum mínum í eitthvað skynsamlegra en dýr sjampó og hrukkukrem.

HVAÐ ER SÍMINN?

HVAÐ ER SÍMINN?

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is



# Office 1 Superstore SKÓLADÓT

Fullar búðir af nýjum skólavörum  
í verslunum okkar um land allt.



Office 1 Superstore



Kær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þorbjörg Eyjólfsson**

Hrafnistu Hafnarfirði, áður Noðurbraut 1,

lést fimmtudaginn 2. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Víðistaðakirkju mánudaginn 13. ágúst kl. 13.00.

- |                          |                        |
|--------------------------|------------------------|
| Sólveig Björgvinsdóttir  | Jóhannes Páll Jónsson  |
| Eyjólfur Björgvinsson    | Elsa Rúna Antonsdóttir |
| Guðfinna Björgvinsdóttir | Sigurður Emilsson      |
- barnabörnin og fjölskydur þeirra.



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýðug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Friðberts Halldórssonar**

Vallargötu 6, Súðavík,

sem lést miðvikudaginn 18. júlí. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki heimahjúkrunar á Ísafirði fyrir einstaka umhyggju og hlýtt viðmót.

- |                                 |                            |
|---------------------------------|----------------------------|
| Kristjana Magnea Jónatansdóttir | Árni Marinósson            |
| Halla Valdís Friðbertsdóttir    | Guðmunda Jóna Pétursdóttir |
| Hinrik Halldór Friðbertsson     | Árni Zophoníasson          |
| Ingibjörg Jóna Friðbertsdóttir  | Ægir Páll Friðbertsson     |
- barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tendamóðir, amma og langamma,

**Sigurlaug Guðmundsdóttir**

Birkihlíð 14, Sauðárkróki.

sem lést föstudaginn 3. ágúst sl. verður jarðsöngin frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 11. ágúst kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Skagafjarðar.

- |                           |                           |
|---------------------------|---------------------------|
| Guðmundur Frímansson      | Rakel Benediktsdóttir     |
| Guðlaugur Guðmundsson     | Guðný Erla Guðmundsdóttir |
| Brynjar Guðmundsson       | Ásdís Adolfsdóttir        |
| Rúnar Guðmundsson         | Guðrún Eggertsdóttir      |
| Sigurlaug Guðmundsdóttir  | Helgi Jóhann Sigurðsson   |
| Elva Björk Guðmundsdóttir | Gunnar Bragi Sveinsson    |
- barnabörn og barnabarnabörn.



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afa og langafi,

**Haukur Einarsson**

brúarsmiður, Austurgerði 7, Kópavogi,

sem lést á Landspítalanum föstudaginn 3. ágúst, verður jarðsöngin frá Kópavogskirkju föstudaginn 10. ágúst kl. 13.00

- |                      |                         |
|----------------------|-------------------------|
| Guðríður Gísladóttir | Ágústa Kristófersdóttir |
| Gísli Hauksson       | Skúli Halldórsson       |
| Erna Hauksdóttir     | Rúnar Ólafur Axelsson   |
| Valdís Hauksdóttir   | Sólveig Jónasdóttir     |
| Ósk Ásgeirsdóttir    | Marinó Eggertsson       |
- barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartans þakkir sendum við öllum þeim, sem með hlýðug nærveru og samúðarkveðjum minntust okkar ástkæru móður, tengdamóður og ömmu,

**Ásdísar Ingibergsdóttur**

Sólvangi, Hafnarfirði,

- sem lést miðvikudaginn 25. júlí. Guð blessi ykkur öll.
- |                            |                         |
|----------------------------|-------------------------|
| Arna Sigríður Brynjólfsson | Guðni Bjarnason         |
| Kristinn Brynjólfsson      | Heiða Ósk Stefánsdóttir |
| Sæunn Brynjólfsson         | Peter Lommerse          |
- barnabörn og fjölskyldur þeirra.



Okkar elskulega

**Ruth Halla Sigurgeirsdóttir,**

Ársölum 3,

sem lést á Landspítalanum 1. ágúst verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju á morgun, föstudag 10. ágúst, kl. 11.00. Blóm eru vinsamlega afþakkuð, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á sjóðinn Blind börn á Íslandi í síma 525 0000 og á klara@blind.is

- |                        |   |
|------------------------|---|
| Ólafur Axelsson        | Jón Axel Ólafsson                                     |
| Ólafur Ragnar Ólafsson | Jóhann Garðar Ólafsson                                |
| Hulda Dögg Proppé      | Kristín Ruth, Ólafur Ásgeir, Óttarr Daði, Róbert Aron |
| Elísa G. Jónsdóttir    | Jón Hannesson   |



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

**Ragnheiður Guðbrandsdóttir**

**Guðjohnsen**

áður til heimilis að Hvassaleiti 58, Reykjavík,

sem lést miðvikudaginn 1. ágúst í hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, Árskógum 2, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni föstudaginn 10. ágúst kl. 13.00.

- |                           |                                    |
|---------------------------|------------------------------------|
| Stefán Guðjohnsen         | Árný J. Guðjohnsen                 |
| Eiður Guðjohnsen          | Arnrunn Sigfúsdóttir               |
| Guðbrandur Þór Guðjohnsen | barnabörnin og fjölskyldur þeirra. |



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýðug við andlát og útför ástkærrar móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langlangömmu,

**Sigríðar Álfssdóttur.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sunnuhlíðar fyrir einstaka umhyggju og hlýtt viðmót.

- |                         |                        |
|-------------------------|------------------------|
| Fyrir hönd aðstandenda, | Kristján Gunnarsson    |
| Eygló Jónasdóttir       | Absalon Poulsen        |
| Álfheiður Jónasdóttir   | Guðmundur Jónasson     |
| Magnús Jónasson         | Rannveig Einarssdóttir |



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Bergþóra Sigmarsdóttir**

Skipasundi 57, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Langholtskirkju föstudaginn 10. ágúst kl. 13.00.

- |                      |                              |
|----------------------|------------------------------|
| Sveinn Karlsson      | Marius J. Lund               |
| Ásdís Karlsdóttir    | Elke Amend                   |
| Sigmar Karlsson      | Pétur H. Ísleifsson          |
| Sigríður Karlsdóttir | barnabörn og barnabarnabörn. |



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afa og langafi,

**Hlökkver Helgason**

áður til heimilis á Vesturgötu 69, Reykjavík,

lést 2. ágúst á Hrafnistu í Reykjavík. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 10. ágúst kl. 15.00.

- |                              |                          |
|------------------------------|--------------------------|
| Sigurður Hlökkversson        | María Pétursdóttir       |
| Hlökkver Hlökkversson        | Elinborg Pétursdóttir    |
| Sævar Hlökkversson           | Björg L. Ragnarsdóttir   |
| Hjálmar K. Hlökkversson      | Sigmar Teitsson          |
| Guðjón H. Hlökkversson       | Sigurlaug M. Ólafsdóttir |
| Hafdis Hlökkversdóttir       | Pétur Andrússon          |
| Gunnar Hlökkversson          |                          |
| Valgerður O. Hlökkversdóttir |                          |

**DIMITRI SHOSTAKOVICH (1906-1975) LÉST PENNAN DAG**

„Listamaður vinnur að næstu listasmíð sinni vegna þess að hann er ekki ánægður með þá fyrri.“

*Dimitri Shostakovich var rússneskt tónskáld sem lifði tímána tvenna í Rússlandi Sovéttímans.*



**tímamót**

timamot@frettabladid.is



NÝ ÞJÓNUSTA Gísli Sverrir og Garðar hjá R3-Ráðgjöf vilja vera þátttakendur í hvaða stofnunum og fyrirtækjum.

R3-RÁÐGJÖF: ÞJÓNUSTA VIÐ STARFSFÓLK SVEI

**Mörgum finnst fá utanaðkoma**

Þeir Gísli Sverrir Árnason og Garðar Jónsson hafa sett á laggirnar fyrirtækið R3-Ráðgjöf. Að sögn Gísla Sverris þjónar það einkum fólki innan opinbera geirans enda er hann með MPA-gráðu í opinberri stjórnsýslu og Garðar MSc-gráðu í altækri stjórnsýslu. „Það má segja að okkar helstu viðskiptavinir séu sveitarfélögin en einnig ríkisstofnanir og ráðuneyti,“ byrjar Gísli Sverrir þegar hann er meðinn að lýsa tilgangi fyrirtækisins. „Mörgum finnst gott að fá utanaðkomandi álit. Á hverjum tíma eru til dæmis sveitarstjórnarmenn að leita sér ráða og ráðgjafar út fyrir sínar raðir. Þó sveitarfélög séu víðast vel sett með

mannafla þá komast starfsmenn þeirra aldrei yfir að sinna öllum þeim verkefnum sem að stöðja. Við finnum það glöggt á þeim stutta tíma sem við höfum starfað að fólk er fegið að vita af okkar þjónustu því hana hefur vantað hér á landi.“

Báðir eru þeir Gísli Sverrir og Garðar reyndir sveitarstjórnarmenn og einnig var Gísli Sverrir forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar í átta ár. Það kemur því ekki á óvart að sérvið hans innan ráðgjafafyrirtækisins eru menningarmálin. „Eitt af aðalmarkmiðum í stefnu sveitarfélaganna er að sveitarstjórnir viðurkenni menningarmál sem eitt af sínum



**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík  
Sími 587 1960 www.mosaik.is



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afa og langafi,

**Einar Jónsson**

fyrirv. verslunarmaður, Njálsgötu 112 Reykjavík,

andaðist á líknardeild LSH Landakoti aðfaranótt sunnudagsins 5. ágúst sl. Útförin fer fram frá Fossvogskapelli föstudaginn 10. ágúst kl. 13.00. Börn, tengdabörn og barnabörn.

**MERKISATBURÐIR**

- 1851 Við slit Þjóðfundarins í Reykjavík hrópa þingmenn: „Vér mótmælum allir“.
- 1945 Bandaríski herinn varpar kjarnorkusprengju á japönsku borgina Nagasaki. 30 prósent borgarinnar eyðileggjast og 74 þúsund manns látast.
- 1965 Singapúr lýsir yfir sjálfstæði frá Malasíu.
- 1974 Varforseti Bandaríkjanna, Gerald Ford, er settur í embætti forseta eftir að Nixon segir af sér.
- 1979 Menntamálaráðuneytið gefur út tilkynningu um friðun gamla húsa á svonefndri Bernhöftstorfu í miðbæ Reykjavíkur.
- 1995 Jerry Garcia, gítarleikari Greatful dead, andast 53 ára að aldri.

**ÞETTA GERÐIST: 9. ÁGÚST 1969**

**Blóðbað á heimili Polanskis**

Sumarnótt eina, 9. ágúst 1969, var leikkonan Sharon Tate myrt á ógeðfældan hátt ásamt fjórum öðrum. Sharon, sem var eiginkona leikstjórans Romans Polanski og komin rúma átta mánuði á leið, sat á heimili sínu í Los Angeles með þremur vinum þegar Manson-fjölskyldan ruddist inn og drap þau öll með því að skjóta á þau og stinga með hnífum. Fjórdi fórnarlambið reyndist vera ungur maður sem var í heimsókn hjá vinnumanni Polanski-hjónanna, William Garretson, sem í fyrstu var grunaður um morðin. Roman Polanski sjálfur var staddur við myndatökur í Evrópu á þessum tíma. Einum og hálfum sólarhring síðar fundust önnur hjón myrt á heimili sínu mjög nærri heimili Polanskis.



Á báðum stöðum höfðu morðingjarnir ritað með blóði „Helter Skelter“ og „Death to the Pigs“ á vegg. Það kom lögreglunni til að endurskoða ákæru sína á hendur Garretson, og fleiri morð í svipuðum dúr leiddu til þess að grunur féll á Manson-fjölskylduna, trúarofstækishóp undir stjórn Charles Manson. Í janúar 1971 var Manson dæmdur ásamt þremur öðrum fyrir morðin sjö. Þau voru dæmd til dauða en dómnunum síðar breytt í lífstíðarfangelsi þegar dauðarefsing var afnumin í Kaliforníu.

**SHARON TATE** Myrt á óhugnanlegan hátt.

**AFMÆLI**

Whitney Houston söngkona er 44 ára.



Melanie Griffith leikkona er fimmtug.

Höskuldur Jónsson, fyrrverandi forstjóri ÁTVR, er sjötugur.



Eiríkur Smith listmálari er 82 ára.



ers konar framþróun með sveitarfélögum, ríkis-  
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

TARSTJÓRNA OG STOFNANA

**gott að  
ndi álit**

mikilvægustu verkefnum,“ bendir Gísli Sverrir á og segir þá félagi taka að sér að aðstoða fólk við skipulagningu og stjórn viðburða, sinna fræðslustarfi og sjá um kostun og öflun styrktaraðila. „Söfn eru stundum með tilbúin verkefni en vantar fjármögnun. Þá getum við komið til aðstoðar við peningaleitina,“ nefnir hann sem dæmi.

Fyrsta stóra viðfangsefni fyrirtækisins R3-Ráðgjafar var að vinna að stefnumótun í menningarmálum með öllum fimm sveitarfélögum á Suðurnesjum. Á grundvelli þeirrar stefnumótunar varð til menningarsamningur milli menntamálaráðuneytisins og sveitarfélaganna. „Fjöl mörg áhersluatriði komu fram í þessu vinnuþlaggi og auðvitað tekur sinn tíma, jafnvel mörg ár, að hrinda þeim öllum í framkvæmd,“ segir Gísli Sverrir og heldur áfram. „Þetta var mjög skemmtilegt verkefni og gefandi fyrir alla aðila. Segja má að stærsta skrefið hafi einfaldlega falist í því að þessi fimm sveitarfélög ætli sér að vinna saman, þó auðvitað verði sérkenni hvers og eins þeirra áfram í gildi. Það kom líka í ljós í þessari vinnu að á Suðurnesjum er blómstrandi menningarlíf og geysilega fjölbreyttir afþreyingarmöguleikar sem okkur sem búum á höfuðborgarsvæðinu sést oft yfir.“

Þó að Gísli Sverri hafi orðið tíðrætt um menningarmálin tekur hann fram að R3-Ráðgjöf sinni víðtækari þjónustu enda Garðar menntaður í gæðastjórnun og viðskiptafræði. „Það er styrkleiki okkar að við bjóðum aðkomu að ýmsum verkefnum í sambandi við skóla, félagsþjónustu og hina og þessa málaflokka sem sveitarfélög vinna að og getum tekið að okkur allt sviðið. Ekki bara hina faglegu þætti heldur líka fjármál, rekstur, áætlanir og allt slíkt.“

gun@frettabladid.is

**Haustið komið**

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

**ÚTILÍF**

# FÖGNUM SÝN 2

## LAUGARDAGINN 11. ÁGÚST Á PLANINU HJÁ VODAFONE Í SKÚTUVOGI

Á laugardaginn höldum við hátíð til heiðurs því að Enski boltinn hefst á Sýn 2.

Boðið verður upp á pylsur og gos fyrir alla fjölskylduna, Bylgjan verður á svæðinu og hoppukastalar fyrir börnin.

**TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ SÝN 2 OG FYLGSTU MEÐ FRÁ UPPHAFI.**



## STUÐ MILLI STRÍÐA Nútímaprælahald

ROALD VIÐAR EYVINDSSON FEGURÐ, HREYSTI, HREINLEIKI OG VINNUPRÆLKUN ÚTLENDINGA



Þegar ég var 15 ára upplifði ég eitt besta sumar unglingsáranna, en þá vann ég á leikjanámskeiði KFUK og KFUM.

Dagarnir voru hver öðrum skemmtilegri, þar sem farið var með börnin í skoðunarferðir og leiki og sungið um Jesú og vini hans út í eitt. Fyrir skemmtunina fékk ég greiddar um 500 krónur á tímann og varði peningunum að sjálfsgöðu skynsamlega í geisladiska, bíóferðir, sælgæti og gos.

Þegar maður býr í foreldrahúsum og er ekki enn orðinn áskrifandi að gluggapósti þarf maður sjaldnast að

hafa áhyggjur af því að eyða peningunum í annað en sjálfan sig. Á þessum tímamarki skiluðu 500 krónur á tímann í tvo mánuði mér sannkölluðu munaðarlífi.

Fimmtán árum, einum eiginmanni, tveimur köttum og nokkrum lánum síðar blasir allt annar veruleiki við og tæpast að maður gæti lifað á þessum sömu launum.

Tímakaupið myndi ekki einu sinni duga fyrir spólu og ætli það tæki ekki eina þrjá tíma að vinna fyrir bíóferð að sælgætinu meðtöldu.

Það er engu að síður eins og í lygasögu hversu algengt er að full-orðnu fólki séu greidd laun samþæfleg við laun fimmtán ára unglings í byrjun tíunda áratugarins.

Sögur af vinnuveitendum sem

notfæra sér þekkingarleysi erlendra starfskrafta til að svíkja þá um mannsæmandi laun og neita síðan jafnvel að borga hafa verið tíðar í fréttum og ef eitthvað er virðist þeim fara fjölgandi. Í raun er algjört aukaatriði hvort útlandingarnir séu einfaldlega duglegri við að leita réttar síns eða ekki. Það breytir því ekki að þetta er smánarblettur á þjóðinni.

Ekki er langt síðan við vorum sjálf undirokuð þjóð og því hefði mátt ætla að við nýttum reynsluna til koma vel fram við innflytjendur. Og þó? Kannski er löngunin til að ríkja yfir öðrum bara svona sterk, þar sem við höfum aldrei fengið almennilegt tækifæri til að sveifla svipunni.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**SÝN 2**  
enski boltinn



# Enski boltinn á Sýn 2 í Sjónvarpi Símans

Njóttu þess að horfa á Enska boltann í bestu mögulegu myndgæðum í gegnum Sjónvarp Símans.

Tryggðu þér áskrift að Sýn 2 í síma 512 5100.

Þú færð líka aðgang að yfir 1100 bíómyndum í SkjáBíói með einum takka á fjarstýringunni - aðeins í gegnum Sjónvarp Símans.

800 7000 - siminn.is

Síminn 

**ATH**

Dúóið Para-Dís heldur tónleika í Stykkishólmskirkju í kvöld kl. 20.30. Para-Dís hefur komið víða við í sumar. Lofa þau Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari og Kristján Karl Bragason píanóleikari sumarlegum frönskum tónum í Stykkishólmi með verkum eftir Sančan, Messiaen, Chopin, Widor og Gaubert.



# menning

menning@frettabladid.is



**MYNDLIST** Brotin milli hleina - innsetning Ingvaldar og BJNielsen verður sýnd almenningi í Skaffelli í kvöld en stærri sýning opnar þar á laugardag.

## Sex manna sýning á Seyðisfirði

Sýningarhöllin í Skaffelli á Seyðisfirði er öxullinn í sýningarhaldi á Austurlandi. Þar verður opnuð sýning á laugardag á verkum sex myndlistarmanna. Erla Þórarinsdóttir, Hulda Hákon, Jón Óskar og Steingrímur Eyfjörð sýna þar verk og Hildur Ingvaldardóttir Guðnadóttir og BJNielsen setja upp innsetningu á Vesturveggnum og verður sá hluti opinn gestum frá og með deginum í dag. Innsetningu sína kalla þau Brotin milli hleina. Verða listamennirnir með tónleika í kvöld kl. 22. Sýningararnar á Vesturveggnum í sumar eiga það sammerkt að vera unnar af listamönnum sem vinna jöfnum höndum í tónlist og myndlist.

Laugardagsopnunin er með öðrum blæ en atburður dagsins: Erla Þórarinsdóttir sýnir verkið „Sameign; opinber rými frá nýlendu- og sjálfstæðistíma“, Hulda mun sýna hluta verksins „MUNASKRÁ“, Jón Óskar sýnir nokkrar teikningar og Steingrímur Eyfjörð sýnir nýtt verk „Einar 1 til Einars 2“.

Verk Erlu Þórarinsdóttur samanstendur af sex málverkum af grunnflötum opinberra bygginga í Reykjavík, máluð í skalanum 1:50. Hegningarhúsið, Alþingishúsið, Hnitbjörg, Kristskirkja, Háskólinn og Hallgrímskirkja eru sam-eiginleg rými, viðmið okkar á önnur rými, hegðun okkar, verðmætamat og sjálfsmynd.

Verk Huldu Hákon, „MUNASKRÁ“ eru 350 spjöld þar sem á

eru lettraðar innihaldslýsingar á 350 kössum sem eru í geymslum Reykjavíkurborgar. Þar eru komnir kassarinnir sem starfsmenn borgarinnar notuðu þegar vinnustofa Jóhannesar Sveinssonar Kjarval var tæmd í lok sjöunda áratugarins.

Jón Óskar tínir saman í teikningum sínum flókinn myndheim, iðandi af tilvísunum í listasöguna, samfélagssöguna og sögu Jóns Óskars sjálfs og hans kynslóðar. Yfirbragð verkanna er því kannski torrætt en um leið kunnuglegt því þar er skráð í fljótaskrift frásögn okkar flestra sem lifað höfum sömu tíma og Jón hér uppi á Íslandi og í nálægum löndum, sem er í senn almennt og persónulegt því vinna hans og forvitni hafa opnað Jóni ýmsa sýn og þjálfað hann í þeirri list að tengja ólíkar nálganir og miðla í mynd og texta. Á ferli sínum hefur Jón haldið myndlistinni nokkuð utan við önnur störf sín en oft hefur þó opnað á milli og Jón nýtt sér efni úr hönnunarvinnu sinni og myndskreytingum til að vinna í myndlistarsýningu.

Steingrímur Eyfjörð sýni nýtt verk, „Einar 1 til Einars 2“ og er verkið útlekking á tveimur ljóðum eftir Einar Má Guðmundsson. Steingrímur er í brennidepli athygli sunnar í álfunni en hann er fulltrúi Íslands á Tvíæringnum í Feneyjum.

Sýningin er opin milli 13.00 og 18.00 alla daga og stendur til 11. nóvember. [pbb@frettabladid.is](mailto:pbb@frettabladid.is)

## Söngskólinn skorar á kóra

Söngskólinn í Reykjavík og menningarnótt efna til söngveislu á menningardaginn 18. ágúst, undir yfirskriftinni Syngjum saman við Söngskólann! Stefnt er að því að samfelld söngdagskrá verði í gangi við hús Söngskólans í Reykjavík, að Snorrabraut 54, frá 15 til 18.

„Við viljum fá Reykvíkinga til að koma og syngja með okkur,“ sagði Garðar Cortes, skólastjóri Söngskólans. Aðaláhersla verður lögð á að fá viðstadda til að hefja upp raust sína og taka þátt í fjöldasöng. „Við gerðum þetta í gamla daga þegar við vorum í Óperunni. Þá sungum við með borginni, það voru mörg þúsund manns á Arnarhóli og í Lækjar-



**SÖNGVEISLA Í UPSIGLINGU** Garðar Cortes, skólastjóri Söngskólans í Reykjavík, skorar á kóra og söngelskan almenning að mæta í söngveislu við skólann á menningarnótt.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

götu sem sungu saman,“ sagði Garðar. Óperukórinn, undir stjórn Garðars, mun ríða á vaðið og opna dagskrána, en þá tekur fjöldasöngur við.

Inn á milli munu kórar úr borginni syngja fyrir áheyrendur. „Söngskólinn skorar á alla kóra sem hafa áhuga og tækifæri til að mæta á svæðið til að koma og syngja tvö, þrjú lög fyrir okkur,“ sagði Garðar. Stjórnendur kóranna munu jafnframt aðstoða Garðar við stjórn fjöldasöngsins.

Söngskólinn óskar eftir því að áhugasamir kórar hafi samband, á söngskólinn@söngskolinn.is, til að fá nánari upplýsingar.

## Kirkjulistahátíð að hefjast

Kirkjulistahátíð í Reykjavík verður haldin í ellefta sinn dagana 11. -19. ágúst og teygir sig því yfir hinar stóru samkomuhelgar í Reykjavík, hinsegin daga og menningarnótt. Hátíðin var fyrst haldin árið 1987 á vígsluári Hallgrímskirkju og heldur því upp á tuttugu ára afmæli sitt með veglegri dagskrá að þessu sinni en yfirskrift hennar er Ég vil lofsyngja Drottin.

Fjórutíu erlendir listamenn koma hingað sem gestir hátíðarinnar, en alls munu á fjórða hundrað flytjenda bera uppi dagskrána og fullryða haldarar að ekki þekkist kirkjulistahátíðir í heiminum af þeirri stærðargráðu. Bakhjarlar Kirkjulistahátíðar hafa frá upphafi verið Listvinafélag Hallgrímskirkju, Reykjavíkurborgarstjórn og biskup Íslands. Tvö stærstu verk hátíðarinnar verða flutt bæði í Hallgrímskirkju og Skálholtsdómkirkju og er það í fyrsta sinn sem farið er út á land með listviðburði af hátíðinni.

Stærstu verk kirkjutónbókmenntanna hafa ávallt verið á dagskrá Kirkjulistahátíðar og í ár verða tvö stórverk flutt í upphafi og enda hátíðarinnar: H-moll messan eftir J. S. Bach, sem er eitt stórbrotasta tónverk allra tíma, og óratóran Ísrael í Egyptalandi eftir G. F. Händel, sem verður flutt í fyrsta sinn á Íslandi á hátíðinni, fyrst í Skálholtskirkju 17. ágúst og síðan í Hallgrímskirkju á lokatónleikum hátíðarinnar 19. ágúst.

**Góðir gestir**

Það er fríður hópur erlendra listamanna sem skreytir hátíðahaldið: Þeir fyrst að nefna kontratenór-söngvarann Robin Blaze en hann tók einnig þátt í hátíðinni 2005 og er því orðinn kunnugur og kunnur hér á landi. Hann syngur einsöng í báðum óratóriumum og leiðbeinir söngvurum í flutningi óratóru Händels. Einn fremsti bassasöngvari í heiminum í dag, Hollendingurinn Peter Kooij kemur



**TÓNLIST** H-moll messa Bach verður flutt á Kirkjulistahátíð en hún er löngum talin einn hápunktur kirkjulegra tónsmíða okkar menningarheims

einnig fram á hátíðinni, hinn heimfrægi þýski tenórsöngvari Gerd Türk sem og Monica Frimmer sópransöngkona.

Auk þeirra kemur Alþjóðlega barokksveitin í Haag í Hollandi nú í fimmta sinn til Íslands til að leika í Hallgrímskirkju undir stjórn Harðar Áskelssonar. Fjöldi innlendra listamanna tekur einnig þátt: Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari, Eyjólfur Eyjólfsson tenór og Svava Björnsdóttir myndlistarkona, sem setur upp sýningu í fordyri Hallgrímskirkju á hátíðinni.

**Jóhanna af Ör**

Rannsóknarhópurinn Deus ex cinema hefur starfað með Kirkjulistahátíð í tvígang. Aðkoma hópsins í ár er með þrennum hætti: kvikmyndin Vier Minuten sem hlaut kvikmyndaverðlaun kirkjunnar í fyrra er sýnd í Tjarnarbíói. Þá er varpað ljósi á danska kvikmyndagerðarmanninn Carl Theodor Dreyer. Sú dagskrá er tvískipt. Annars vegar málfing um kvikmyndagerð Dreyers og sýnd brot úr verkum hans. Svo er hans frægasta mynd, Pína Jóhönnu af Ör, sýnd á stóru tjaldi undir orgelinu í Hallgrímskirkju, við spuna og frumsamda tónlist organistans Wilfrieds Kaets. Er það tiltæki stórvíðburður út af fyrir sig, en myndin var

sýnd hér á landi fyrsta sinni í Kvikmyndaklúbba MR á sjöunda áratugnum. Hér er hún sýnd í endurgerðu eintaki en þetta höfuðverk Dreyers var illa leikið strax í upphafi dreifingar á sínum tíma.

**Bergman**

Þá verður kristilegi kvikmyndaklúbburinn með sérstaka dagskrá helgaða Ingmar Bergman: kvikmyndasýningum og málfingi. Þriðjudaginn 14. ágúst kl. 20 verða pallborðsumræður í Hallgrímskirkju. Þar verða sýnd brot úr kvikmyndum sem sýna guð og guðlega nærveru og fjallað um það hvernig kvikmyndagerðarmenn hafa sýnt guð á hvíta tjaldinu sem persónu eða á annan hátt. Dagskráin verður helguð minningu Ingmars Bergman. Meðal þátttakenda verða dr. Pétur Pétursson, sem gaf út bók um kvikmyndir Bergmans, og Oddný Sen kvikmyndafræðingur.

**Sálmáfoss!**

Sálmaveisla í Hallgrímskirkju er yfirskrift dagskrár sem fer fram á menningarnótt 18. ágúst. Hún hefst kl. 15 og stendur til kl. 21 og samanstendur af sálmaflutningi frá ýmsum stíltímabilum auk þess sem fjórir nýir íslenskir sálmur verða frumfluttir. Nýju sálmarnir voru pantaðir af Tónmenntasjóði kirkjunnar að frumkvæði Harðar Áskelssonar, söngmálastjóra þjóðkirkjunnar.

Síðast en ekki síst munu nýsköpun og gjörningar ungs listafólks á Listvöku unga fólksins skipa stóran sess á hátíðinni en Helgi Hrafn Jónsson, básunuleikari og söngvari, hefur umsjón með Listvöku unga fólksins á hátíðinni í ár.

Eins og á undanförunum hátíðum verða einnig á dagskrá stuttar hádegiskyrrðarstundir með ritningarlestri og tónlistarflutningi auk hátíðarmessu í Hallgrímskirkju sunnudaginn 12. ágúst og sunnudaginn 19. ágúst.

Framkvæmdastjóri Kirkjulistahátíðar er Inga Rós Ingólfsdóttir og listrænn stjórnandi er Hörður Áskelsson. Miðasala á hátíðina er hafin á [mídi.is](mailto:midis@frettabladid.is).

[pbb@frettabladid.is](mailto:pbb@frettabladid.is)

HVAÐ ER SÍMINN?

HVAÐ ER SÍMINN?



**BÓKMENNTIR** Þórgnýr lendir í ýmsum ævintýrum en sögurnar af honum og hans fólki eiga bæði erindi við unga og eldri lesendur.

## Þórgnýr kominn út

Bókaútgáfan Fjölvi var á sínum tíma brautryðjandi í útgáfu á evrópskum myndasögum hér á landi undir forystu Þorsteins Thorarensen. Hann réðist í að þýða Tin Tin og Asterix og gaf að auki út liðþjálfann Bluebeard og indíanasögur Kresse. Allar þessar sögur voru samdar af Evrópumönnum og voru hluti af fjölskrúðugu útgáfu-efni í harðspjaldabókum. Íðunn sótti í sama farið og þar komu út sögurnar um Sval og Val og fleiri. Á tímabili var útlit fyrir að útgáfa á myndasögum festi hér rætur og íslenskir lesendur yrðu hluti af hinni ríku evrópsku útgáfu á nýjum myndasögum.

Nú eru komnar út tvær bækur í hinum stóra báli um Thorgal sem er nefndur Þórgnýr í íslenskun Gunnar Thorarensen. Bækurnar um Thorgal hafa verið lengi á markaði og eru alls komnar út 29 sögur þeirra Rosinskis og Van Hamme. Fyrstu sögurnar á íslensku eru númer 7 og 14 í röðinni en þar er greint frá bernsku þeirra Árdísar og Þórgnýs. Ætlar útgefandinn að halda útgáfunni áfram í réttri röð nú þegar upphaf þessa fólks er kynnt í þessum tveim sögum.

Sögurnar um Þórgný voru upphaflega framhaldssaga í tímaritinu Tin Tin en þær eru belgískar að uppruna, Van Hamme er Belgi en Rosinski er pólskur. Hefur Van Hamme nú lokið hlut sínum að verkinu. Fyrirbærið er frekar gamalt, fyrsta bókin út í sérhefti 1980.

Þórgnýr er norrænn maður og eru sögurnar af honum og öllu hans fólki samslungnar norrænum fræðum miðalda. Þær eru í senn mannlíflýsingar, á mörkum margra frásagnarhefða í norður-evrópskum bókmenntum og láti menn heillast af góðri sögu er óhætt að mæla eindregið með þessari röð. Sagnaheimurinn teygist víðar í aðrar víddir, aðra heima og tekur þegar frá upphafi á sig sterkan keim af vísindaskáldsak og gildum hans.

Sagan af Þórgný er frábærlega teiknuð og full af ljúfri skemmtun og spennu. Verður vonandi áframhald á útgáfu þessari. Á meginlandi Evrópu njóta þær gríðarlegra vinsælda: síðasta hefti sem kom út í fyrra seldist í 280 þúsund eintökum á franska málsvæðinu

pbb@frettabladid.is

# GAY PRIDE NASA

11.08.2007

## DJ PÁLL ÖSKAR

**PÁLLI STJÓRNAR STUÐINU OG TREDUR UPP ÁSAMT LEYNIGESTUM**

OPIÐ FRÁ KL. 23.00 – 05.30  
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA

MIDÁVERÐ 1500 KR.  
FORSALA MIÐA Á NASA  
FIMMTUD. OG FÖSTUD.  
MILLI 13 OG 16

**NASA**

PAR SEM ÍSLENSKUM HOMMUM  
OG LESBIUM FINNST SKEMMTILEGAST  
AÐ DJAMMA.

# ÚTSALA

**ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-50%<sup>RESLÁTTUR</sup>** **REIÐHJÓL 30%<sup>RESLÁTTUR</sup>**

**GÖNGUSKÓR 30%<sup>RESLÁTTUR</sup>** **ÁÐEINS Í SKEIFUNNI VEIÐIÐEILD 35-50%<sup>RESLÁTTUR</sup>**  
AF ÖLLUM VEIÐIVÖRUM

**BAKPOKAR 30-70%<sup>RESLÁTTUR</sup>** **TJÖLD 20-50%<sup>RESLÁTTUR</sup>**

**50-70%<sup>RESLÁTTUR</sup>** AF ÖLLUM LÍNUSKAUTUM



**EVEREST**  
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN  
Skeifunni 6 og Dalvegi 18  
Sími 533 4450 / 577 4450 · www.everest.is

EVEREST SKEIFUNNI 6 OG EVEREST DALVEGI 18



### > GOTT GLÁP

Simpsons: The Movie: Engu máli virðist skipta hvort Hómer og fjölskylda séu á skjánum eða hvíta tjaldinu. Þau eru alltaf jafn myndin.  
Planet Terror: Síðari hluti The Grindhouse eftir félagana Quentin Tarantino og Robert Rodriguez. Hinn síðarnefndi blæs á allar gagnrýnisraddir og býr til skemmtilega skelfilega sögu um uppvakninga og konur með vélbyssur í stað fóta.

## bíó

bio@frettabladid.is



## KVIKMYNDANJÖRÐURINN GUÐJÓN DAVID KARLSSON LEIKARI

### Notebook fær mig alltaf til að gráta

**Hvaða mynd sástu síðast í bíó?** Simpsons, án efa skemmtilegasta mynd sem ég hef séð. Algjör snilld!  
**Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?** The Last King of Scotland, alveg mögnuð mynd.  
**Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?** Útlaginn. Atriðið þegar þeir skáru sig í handlegginn og sórust í fóstbræðralag bara gerði mig gjörsamlega kjafstopp. Ég var 6 eða 7 ára þegar ég sá myndina fyrst og eftir það horfði ég á hana oft í viku.  
**Hefur þú grátið í bíó?** Já, já. Oftast samt gleðitárum. Síðast á Simpsons í gærkvöldi. Ótrúlega myndin mynd, var ég búinn að segja það? Svo fær Notebook mig alltaf til að svona næstum því gráta. Úfff, hún

er bara svo falleg. Það er að segja myndin.  
**Uppáhalds íslenska persónan:** Þór og Danni í myndunum hans Þrains Bertels.  
**Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:** Chaplin án efa.  
**Mesta hetja hvíta tjaldsins:** The Three amigos.  
**Mesti skúrkurinn:** The Infamous El-guapo.  
**Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?** The Wedding Planner. Vond, vond, vond, vond.  
**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í,**



hverjig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér? Þetta væri svona dramatísk ævintýramynd með dassi af gríni. Um ungan dreng sem langar í hund en fær hann ekki en finnur síðan hund sem er í raun hundugl, hálfur hundur og hálfur fugl. Jóhannes Haukur vinur minn leikstjóri, Hallgrímur Ólafsson leikur aðalhlutverkið og svo myndu Hilmir Snær, Ingvar E. og Baltasar Kormákur leika statista.

## Harris leikstýrir

Bandaríski leikarinn Ed Harris hyggst setjast aftur í leikstjórastólinn og að þessu sinni leikstýra alvöru vestra.

Myndin hefur hlotið nafnið Appaloosa og mun Harris sjálfur leika aðalhlutverkið. Ed hefur einu sinni áður verið fyrir aftan tókuvélina, en það var í kvikmyndinni Pollock, þar sem hann lék líka, og var leikarinn tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn sem listamaðurinn Jackson Pollock.



Ed virðist hafa notið þess að leika í gæðamyndinni History of Violence því hann hefur fengið Viggo Mortensen til liðs við sig auk hinnar norsksættuðu Rene Zellweger.

Myndin segir frá tveimur kúreum sem er falið að koma á lög og reglu í litlum smábæ en honum er haldið í heljargreipum af rammspilltum fólga bæjarins.

**ED HARRIS** Hyggst leika kúreka á móti Viggo Mortensen í sinni næstu mynd.



**UMBREYTINGAR** Tæp tvö ár þurfti til að skapa trúverðuga umbreytinga, en kvikmyndin um þessa vélvæddu geimverur þykir ákaflega vel gerð.

## Umbreytingar líta dagsins ljós

**Kvikmyndin Transformers eða Umbreytingar var frumsýnd í gær hér á landi en hún þykir ein best heppnaða sumarmyndin. Myndin er byggð á frægum leikföngum frá 7. áratug síðustu aldar sem eiga rætur að rekja til Japans.**

Umbreytingar segir frá baráttu hinna góðu Autobots undir stjórn Optimus Prime og hinna miskunnarlausu Decepticons sem eru leidd-

ir áfram af Megatron (Galvatron). Stríð þessara andstæðu fylkinga sem berjast um völdin á plánetunni Cybertron berst alla leið til jarðar þar sem mannfólki er einungis það á taflborði hinna stríðandi fylkinga.

Umbreytingarnir komu fyrst fram á sjónarsviðið árið 1983 þegar japanski leikfangaframleiðandinn Takara mætti á leikfangasýningu í Tókýó og kynnti fyrir gestum og gangandi vélmenni utan úr geimnum sem gátu umbreytt sér í bíla, flugvélar eða aðra hversdagslega hluti. Bandaríska fyrirtækið Hasbro gleypiti við hugmyndinni og í kjölfarið var skrifað undir samstarfssamning sem fólst í sér að Hasbro myndi hanna og skapa nýjar persónur og hafa yfirumsjón með Ameríkumarkaðinum en Takara myndi framleiða og sjá um markaðinn í Japan.

Transformers-hugmyndin sló samstundis í gegn. Marvel-myndasögufyrirtækið tók leikföngin upp á sína arma og skapaði myndasögu-blöð um þessa kynlegu kvisti utan úr geimi. Fljótlega urðu síðan til teiknimyndir sem sýndar voru við miklar vinsældir hér á landi í morgunsjónvarpi auk teiknimyndar í fullri lengd.

Það var þó ekki fyrr en 23 árum eftir að leikföngin komu fyrst á markað að Hollywood bjó yfir nægjanlega fullkomnum tækni-brellum að leikin kvikmynd um vélmenn leit dagsins ljós. Hugmyndin kemur upphaflega frá Hasbro og leitaði fyrirtækið til kvikmyndaframleiðandans Dons Murphy. Murphy ætlaði að framleiða G.I. Joe en lagði hana til hliðar þegar Bandaríkjaher réðst inn í Írak árið 2003 og fór að undirbúa jarðveginn

fyrir Umbreytingana enda mikill aðdáandi teiknimyndanna. Hugmyndir að handritinu gengu manna á milli og leitaði Murphy til fjölmargra handritshöfundar sem reyndu allt hvað þeir gátu til að skapa trúverðuga sögu.

Hvorki gekk hins vegar né rak hjá Murphy og það var ekki fyrr en góðvinur hans, kvikmyndaframleiðandinn Tom De Santo, kom á fundi við Steven Spielberg að hreyfing komst á hlutina. Spielberg hefur þó nokkra reynslu af því að gera vinsælar geimverumyndir og hann vildi gera kvikmyndina ögn mannlegr. Spielberg leitaði til leikstjórans Michaels Bay og fékk hann til að taka verkið að sér þótt Bay hafi verið nokkuð efnis til að byrja með og talið að þetta yrði bara heimskuleg leikfangamynd.

En áhuginn kviknaði þegar hann fór í heimsókn til Hasbro-framleiðandans og kynnti sér leikföngin og söguna. Bay ýtti hins vegar öllu út sem gæti skaðað trúverðugleika kvikmyndarinnar. Allt var gert til að halda kostnaðinum niðri og voru tókudagarnir ekki nema 38 sem þykir fremur lítið miðað við umfang. Bay leitaði jafnframt til bandaríska hersins eftir aðstoð til að spara nokkra ára og vann sjálfur dag og nótt hjá Industrial Light & Magic við að hanna og skapa umbreytingana fyrir hvíta tjaldið.

Umbreytingarnir hafa fengið nokkuð góða dóma ef miðað er við álit gagnrýnenda á stórum og dýrum Hollywood-kvikmyndum. Aðdáendur leikfanganna hafa hins vegar skipst í tvo hópa og var Bay meðal annars hótað lífláti af mörgum óánægðum sem sökuðu einhverra persóna úr teiknimyndunum.

The Academy of Colour and Style

ALPJÓÐLEGT NÁM Í ÚTLITSRÁÐGJÖF

**AÚ**  
Anna & útlitið

VILTU VERÐA STÍLISTI?  
ÚTLITS- OG FÖRÐUNARSKÓLI

The Academy of Colour and Style er alþjóðlegur skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreiningu, fatastíll og textill. Eftir nám fá nemendur alþjóðlegt diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjú mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í lönskólanum í Reykjavík einu sinni í viku frá 18-22.



Anna F. Gunnarsdóttir

Stundaskrá	1. Önn	2. Önn	Starfsmöguleikar:
	Litgreining	Fatastíll	Innkaupastjóri
	Förðun út frá litgreiningu	Fatasamsetning	Útlitsráðgjafi
	Litasamsetning	Textill	Stílisti
			Verslunarstjóri

**Erna, stílisti**  
Ég hef unnið við förðun á Stöð 2 í 6 ár, þar á meðal við förðun keppenda í Idol og annarra sjónvarpsþátta hjá 365. Einnig vann ég við auglýsingar, mynbänd og myndatökur. Það er óhætt að segja að námið hefur hjálpað mér mikið í starfi minnu í förðun og stíliseringu.



**Skjöldur Mio, tiskuráðgjafi**  
Ég taldi mig vita flest allt um tisku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heilmikið um fatasamsetningu, textil, lifafræði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærlega í því sem ég er að gera.



**Ragnheiður, ráðgjafi**  
Ég hef alltaf haft áhuga á tisku og útliti. Námið opnaði mér nýja sýn á þetta áhugamál mitt. Auk þess er það mér mikils virði í tengslum við starf mitt.



UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

INNÞRITUN ER HAFIN FYRIR HAUSTÖNN

HVAÐ ER SÍMINN?



# SKÓLATILBOÐ

# TÖLVUVERSUN

með þjónustuna í lagi



**1GB**  
USB lykill  
FYLGIR

## ASUS FX51R FARTÖLVA

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár (1280x800)
- Intel Celeron M520 1.6GHz örgjörvi
- ATI RADEON Express X1100 128MB skjákort (shared)
- 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB 5400rpm SATA harður diskur
- Sound Blaster Pro hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0 og VGA út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Windows Vista Home Basic stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja

**VERÐ kr. 69.900**

ASUSAUKAHLUTAPAKKI



**1GB**  
USB lykill  
FYLGIR

## ASUS F5R FARTÖLVA

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár (1280x800) með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core Duo T2130 örgjörvi
- ATI RADEON Express X1100 128MB skjákort
- 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB 5400rpm SATA harður diskur
- Azaila samhæft hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0 og VGA út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja

**VERÐ kr. 89.900**

ASUSAUKAHLUTAPAKKI



## USB TALNABORÐ

USB talnaborð fyrir fartölvur

**kr. 990**



## GEISLADISKAR

Áprentanlegir CD diskar - 25 stk.

**kr. 1.490**



**1GB**  
USB lykill  
FYLGIR

## ASUS F3SE FARTÖLVA

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár (1280x800) með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core 2 DUO T5450 örgjörvi
- ATI MOBILITY™ RADEON® X2500 896MB skjákort
- 2GB DDRII 667MHz vinnsluminni
- 160GB 5400rpm SATA harður diskur
- Sound Blaster Pro hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- BlueTooth
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0, Firewire, VGA og DVI út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja

**VERÐ kr. 119.900**

ASUSAUKAHLUTAPAKKI



**1GB**  
USB lykill  
FYLGIR

## ASUS W5FM FARTÖLVA

- 12.1" TFT XGA skjár (1280x800)
- Intel Core 2 Duo T5600 1.86GHz örgjörvi
- Innbyggð Intel 945GM skjákort allt að 128MB minni (shared)
- 1GB DDRII 533MHz vinnsluminni
- 120GB 5400rpm harður diskur
- Azalia samhæft hljóðkort
- 10/100 Ethernet og WLAN 802.11a/b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD brennari
- 3 USB 2.0, FireWire og VGA út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Bluetooth
- Windows Vista Ultimate Stýrikerfi
- Norton Internet Security og Nero Essentials 7.0 fylgir
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja

**VERÐ kr. 179.900**

ASUSAUKAHLUTAPAKKI



## VÍRUSVÖRN

Ein besta vírusvörnin í dag

**kr. 4.990**

Keypt með tölvu  
kr. 2.990



## 320 GB FLAKKARI

ICY BOX harðdiska flakkari

**kr. 9.990**

JBL

ASUS

PHILIPS

SanDisk

JVC

Sarotech

CREATIVE

RAZER

PATRIOT MEMORY



## ASUSAUKAHLUTAPAKKI

- Vönduð optical mús **FYLGIR**
- Vönduð taska **FYLGIR**

SJÁIÐ FRÁBÆRT ÚRVAL TÖLVUBÚNAÐAR Í VERSLUN OKKAR

**TAKKAR**

TÖLVUVERSUN - SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 534 1000 - TAKKAR.IS

**Prófaðu...**

...að búa til að minnsta kosti einn skammt af sorbet, eða frauðis, áður en sumarið rennur sitt skeið. Eftirrétturinn er ljúffengur og svalandi og dágóður endir á sumarkvöldi.



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

**MATGÆÐINGURINN HAFSTEINN ÞÓRÓLFSSON SÖNGVARI****Sjálfdauð kengúra mest framandi**

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?** Í kræsingum er það sushi. Annars er það bara fiskur almennt, ég borða mikið af honum.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:** Með allri þjónustu og umgjörð, er það líklega máltíð sem ég fékk á veitingastað sem heitir La Fontaine í Kraká í Póllandi. Ég man ekki hvað ég fékk í forrétt, en ég fékk kanínu í aðalrétt, og svo einhvern svona designer-eftirrétt, hann var eitthvert ávaxtalistaverk. Þetta var stórkostlegt.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**

Mér finnst slátur og hrísgrjónagrautur eiginlega ógeðslegt.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:** Ég hugsa að það sé sojasósa, ég nota hana í staðinn fyrir olíu eða salt.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**

Það er bara sushið, það er í algjöru uppáhaldi. Ef ég hefði efni á því væri það í hvert einasta mál.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**

Þetta venjulega, mjólk, ost, brauð og smjör. Svo eru það sólþurrkaðir tómatar og ólífur, ég passa að það sé alltaf til.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**

Ætli ég yrði ekki rosalega sniðugur og tæki með mér paprikur og tóm-

ata og ávexti með fræjum, þá gæti ég gróðursett steinana og ræktað fleiri. Það þýðir ekki að eiga bara í eina máltíð.

**Hvað er það skrytnasta sem þú hefur borðað?**

Það hefur nú ekki verið neitt ofurskrýtið. Það mest framandi, miðað við það sem við borðum hérna heima, er bara kengúra. Hún var alveg einstaklega seig, ég hef örugglega fengið einhverja sjálfdauða. Hún var ekki mjög góð, en ég prófa hana örugglega aftur.

**Simmi grillar í kvöld**

Vala Matt ber að dyrum hjá fjölmíðlahjónunum Sigmundi Erni Rúnarssyni og Elínu Sveinsdóttur í Mat og lífsstíl í kvöld. „Þau eru með grillveislu fyrir okkur. Þau voru meðal annars með gómsæt rækjuspjót og kjúklingabringur í raspi, og bjuggu til rosalega góðar sósur með þessu,“ sagði Vala.

Hún segir heimsóknina hafa verið afar ánægjulega. „Það var gaman að koma heim til þeirra og



**RJÚKANDI RÆKJUSPIJÓT** Sigmundur Erni og Elín Sveinsdóttir framreiða grillveislu í Mat og lífsstíl í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

upplifa þessa notalegu stemningu sem þau kunna svo vel að búa til. Þau eru einstaklega samrýnd og greinilega miklir vinir og félagar. Þau kunna svo sannarlega að búa til svona töfrastundir, til dæmis í kringum góðan mat,“ sagði Vala.

**Rækjuspjót á grillið**

Risarækjur  
Ferskur ananas  
Rauð paprika  
Sæt chilisósa

Sósa:  
Hálfur rauðlaukur  
Hálf mangó  
Hálf rauð paprika

Ananas og paprika skorið í frekar þykka, grillvæna bita. Þrætt upp á spjót ásamt risarækjunum. Rækjurnar penslaðar með sætri chilisósu og spjótin grilluð.

Til að gera sósu með spjótunum er mangó, rauðlaukur og paprika saxað mjög smátt. Blöndunni vafið inn í álpappír, svo úr verði mót, og henni skellt á grillið í smá stund svo innihaldið blandist vel saman.

**Uppskrift Vanja Pestovich**

**Myndlistarkonan Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir á í fórum sínum mjög persónulega matreiðslubók. Hún segist samt ekki vera mikill myndarkokkur.**

Lóa undirbýr flutninga til Bandaríkjanna þessa dagana, þar sem hún ætlar að læra myndskreytingar og leikfangahönnun. Hún gaf sér þó tíma til að leyfa lesendum Fréttablaðsins að glugga í uppskriftabókina sína, sem er heimagerð og myndskreytt af Lóa.

Uppskriftina kallar Lóa Kjúklingarétt Vanja Pestovich. Henni fylgir undirtitillinn „Herra Pestovich tók ekki í mál að elda kjúkling fyrir færri en átta. Aftur á móti kenndi bitur reynsla honum að búast ekki við neinum í mat.“ Pestovich á rætur sínar að rekja til Berlínar. „Þegar ég bjó í Berlín fyrir þremur árum byrjaði ég að búa til uppskriftabók. Mér fannst fyndið að hafa svona bjánalegar og frekar sorglegar sögur við hverja uppskrift,“ útskýrði hún.

Rétturinn er kominn frá móður Lóa, sem hún segir afsþyrngugóðan kokk, en bókin er skreytt teikningum Lóa. „Ég keypti bókina í fornbókabúð og límdi nýjar blaðsíður ofan á þær gömlu,“ sagði Lóa, sem gældi á sínum tíma við hugmyndina um að gefa hana út. „En ég er náttúrulega með athyglisbrest dauðans, svo það hefur ekki gerst enn,“ sagði Lóa og hló við.

Lóa kveðst ekki góður kokkur, en pestórétturinn er leynivopnið hennar. „Ef fólk þekkir mig ekki get ég siglt undir fölsku flaggi sem góður kokkur eina kvöldstund,“ sagði hún hlæjandi.

sunna@frettabladid.is



**PESTÓKJÚKLINGUR LÓU** Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir matreiðir Kjúklingarétt Vanja Pestovich fyrir lesendur Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/LÓA

**KJÚKLINGARÉTTUR VANJA PESTOVICH**

8 kjúklingabringur  
8 mozzarella-sneiðar  
Pestó:  
Eitt búnt af basil  
1,5 dl af extra virgin ólífuolíu  
2 feit hvítlauskirf  
100 g ristaðar furuhnetur  
8 msk rifinn parmesan-ostur  
salt eftir smekk

Innihaldi í pestó er kastað í matvinnsluvél. Passið að hræra ekki of lengi, svo það breytist ekki í furuhnetusmjör.

Lemjið bringurnar og steikið á pönnu í 2 mín á hvorri hlið. Pestóið sett ofan á hverja bringu fyrir sig og ofan á það mozzarella-sneið. Bringunum skellt á fat og inn í ofn á um 175 gráður í 10 mín, eða þar til osturinn fer að bráðna.

Með kjúklingnum er gott að bera fram tagliatelle, blandað afgangnum af pestóinu, rífnum mozzarella og jafnvel steiktum kirsuberjatómötum.

**Veisluréttir Höllu**

Sælkeramatur og útilegur eiga sjaldnast samleið, en Halla Hauksdóttir hefur fundið leið til að sameina þessi tvö áhugamál sín. Fjölvi gaf nýlega út bók hennar, Veisluréttir ferðalangansins, þar sem Halla leiðbeinir ferðalangum um hvernig má elda veislumat uppi á fjöllum.

„Bókin fæddist þannig að við hjónin ferðuðumst mjög mikið um á bílum, og vorum orðin leið á hefðbundnum útilegum. Ég eldaði mikið af matarsúpum heima og átti til dæmis stóra uppskrift að fiskisúpu. Ég fór að frysta afgangana og taka þá með mér,“ útskýrir Halla. Þannig gátu hjónin gætt sér á gómsætum mat í útilegum, og eins uppgötvaði Halla að súpan hjálpaði til við að halda köldu í frystiboxinu.

„Í bókinni eru uppskriftir sem ég hef safnað að mér í gegnum tíðina. Þetta er leið til að taka heimaeldhúsið með,“ sagði Halla. Í Veisluréttum ferðalangans gerir hún tillögur að matseðlum og gefur góðar ábendingar um skipulag. „Með því að skipuleggja vel



**RÁÐ ÚR REYNSLUBANKANUM** Halla Hauksdóttir hefur mikla reynslu af ferðalögum, og kann að pakka í kæliboxið þannig að hægt sé að bera fram ljúffengan mat á fjöllum uppi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

og hafa mikið af tilbúnum mat með sér tekur stuttan tíma að elda, sem er yfirleitt vel þegið í útilegum,“ sagði Halla.

Í bókinni er jafnframt að finna ýmis ráð úr reynslubanka Höllu. Uppskriftirnar miðast við að farangurinn sé fluttur um í bílum, ekki á baki ferðalanga.

- sun



**PERSÓNULEG UPPSKRIFTABÓK** Lóa föntraði persónulega uppskriftabók, með sögum og myndskreytingum, þegar hún bjó í Berlín.

**Fróðleikur á BBC**

Á heimasíðu BBC, bbc.co.uk, er stór hluti helgaður öllu sem viðkemur mat og matreiðslu. Á meðal þess sem þar má nálgast er nokkurs konar orðabók yfir ýmsa framandi ávexti, þekktar eldunaræðferðir og rétti. Orðabókin er ómissandi uppspretta fróðleiks fyrir alla forvitna matarunnendur.

Þar má til dæmis fræðast um uppruna béchamel-sósu, finna uppskrift að rússneskum blinikökum, eða fræðast um allt frá pönnukökum til pektins.

Orðabókina, sem er eðli málsins samkvæmt á ensku, má finna á [bbc.co.uk/food/glossary](http://bbc.co.uk/food/glossary).



# Verðhrun

**20%**  
**VIÐBÓTAR-  
AFSLÁTTUR**

**NEXT**

**Kringlunni sími 551 3200**

# Levi's leitar að íslenskri tónlist

## > ENN EINN SKANDALLINN

Britney Spears er enn á milli tannanna á fólki. Nú segja fjölmiðlar frá villtri kvöldstund hennar á hóteli með háskólanema. Myndir náðust af Britney berbrjósta í heitum potti með folanum og þykir málið allt hið vand-ræðalegasta.



# fólk

folk@frettabladid.is

Fatafyrirtækið Levi's og VICE Magazine/Records eru að leita að nýrri tónlistarstórstjórnun á Norðurlöndunum.

Fyrirtækin eru að leita að tónlistarfólki, hljómsveitum og einstaklingum til að taka þátt í keppni sem fer nú fram á netinu. Eins og stendur hefur þátttaka frá Íslandi verið afar dræm. Steed Lord er eina íslenska hljómsveitin sem hefur skráð sig og því óska þeir sem halda keppnina nú eftir meiri þátttöku frá Íslandi.

Það eina sem þarf að gera til að vera með í keppninni er

að fara inn á heimasíðu hennar [www.levisounds.com](http://www.levisounds.com) og skrá sig til leiks. Að því loknu þurfa keppendur að setja lög eða myndbönd inn á síðuna til að kynna sig og reyna að fá sem flesta til að hlusta á lög sín á síðunni.

Til mikils er að vinna fyrir áhugasama svo sem plötusamningur við Universal í Skandinavíu og kynningarherferð um Norðurlöndin í boði Levi's.

Umsóknarfrestur í keppnina rennur út 19. ágúst þannig að hver fer að vera síðastur að skella sér í slaginn.



LEVI'S HLJÓMSVEITAKEPPNI Steed Lord er enn sem komið er eina íslenska hljómsveitin í hljómsveitakeppni Levi's á Norðurlöndunum.



SPILA NÝTT EFNI Hljómsveitin Leaves spilar á Organ í kvöld.

## Leaves á Organ

Hljómsveitin Leaves spilar á nýja tónleikastaðnum Organ við Hafnarstræti í kvöld.

„Þetta verða aðallega ný lög í bland við eitthvað klassískt. Mikið húllumhæ,“ segir Andri Ásgrímsson hljómberðsleikari Leaves.

Meðlimir Leaves eru langt komnir með upptökur á þriðju hljóðversplötu sinni og stefna á að gefa hana út á þessu ári. „Við erum eiginlega búnir að taka upp allt nema smá söng og ditterí hér og þar.“

Í lok mánaðarins heldur Leaves svo til Litháens til að spila á tónlistarháttíð þar ásamt Bloodhound Gang, Morcheeba, Ratatat og fleirum. Tónleikarnir fara fram í gömlum kastala.

Með Leaves á tónleikumum í kvöld spilar hljómsveitin Shadow Parade. Tónleikarnir hefjast kl. 21 og það kostar 500 kr inn.

# Umdeild mynd af Harry prins

Forsíða septemberútgáfu bandaríska tímaritsins Radar hefur valdið mikilli reiði á meðal almennings í Bretlandi en hún sýnir fáklæddan Harry prins sitjandi í hásæti með bjór í hendi.

Myndin af Harry er að sjálfsögðu unnin í tölvu og gerð á þann hátt að höfuð Harrys er komið fyrir á uppstilltum líkama. Myndin á að endurspegla þá ímynd sem Harry hefur skapað sér með lífernri sínu undanfarin ár, en þar sést hann klæddur í nærbuxur og náttslöpp með glennta fætur.

Umfjöllun tímaritsins fjallar um villt lífernri Harrys og er því haldið fram að prinsinn sé fyllibytta af verstu gerð og eiturlyfjaneytandi þegar svo ber til. Rætt er við ýmsa heimildarmenn innan bresku konungsfjölskyldunnar sem segja sögur af partístandi Harrys fram eftir nóttu og er meðal annars sagt frá því að Harry hafi misst af endurfundum menntaskóla síns fyrir skemmstu

þar sem hann var enn að sofa úr sér ölvun frá kvöldinu áður. Þá er sagt frá því að Harry hafi fyrr á árinu verið skipað af Karli föður sínum að taka sér tak og fara að haga sér betur.

Þetta er langt frá því að vera í fyrsta sinn sem orðspor hins 22 ára gamla Harrys bíður hnekk og hefur hann lengi haft orð á sér fyrir að vera vandræðagripur fyrir konungsfjölskylduna. Neyðarlegar myndir af honum hafa birst reglulega í fjölmiðlum en svo virðist sem flestum sérfræðingum bresku götublaðanna um málefni konungsfjölskyldunnar þyki myndbirting Radar vera fyrir neðan beltisstað og hreinlega dónaleg.

Myndin lýsi andúð Bandaríkjamanna á bresku konungsfjölskyldunni og myndbirtingin jaðri við að flokkast undir sama eineltið og Díana prinsessa varð fyrir hjá fjölmiðlum vestra á sínum tíma. Fólk í Bretlandi er almennt talið reitt vegna málsins og telur að illa sé vegið að prinsinum.

Talsmaður konungsfjölskyldunnar vildi ekki tjá sig um málið í gær.



## UMDEILDUR

Vafasamt lífernri Harrys hefur lengi verið í umræðunni ytra. Blaðið Radar þykir hins vegar fara yfir strikið í umfjöllun sinni.



**FRÍTT Í STRÆTÓ FYRIR NÁMSMENN!**

Í vetur verður frítt í strætó fyrir framhalds- og háskólanema á höfuðborgarsvæðinu. Nú geturðu lesið blöðin, sötrað kaffi og eignast nýja vini á leiðinni í skólann. Allt frítt.

Nánari upplýsingar á [rvk.is/betristraeto](http://rvk.is/betristraeto) og á [straeto.is](http://straeto.is)

HVAÐ ER SÍMINN?

HVAÐ ER SÍMINN?

# NÚTÍMALEGAR ORÐABÆKUR

*á einstöku skólatilboði*

## STÓRA ORÐABÓKIN

Yfirgripsmesta verk sem út hefur komið um íslenska málnotkun.

Yfir 1600 blaðsíður í stóru broti.

Rafræn útgáfa á geisladiski fylgir bókinni.

Skólatilboð:  
**9.980,-**

Leiðbeinandi verð:  
**15.940,-**



## STAFSETNINGARORÐABÓKIN

Yfirgripsmesta verk sinnar tegundar á íslensku.

736 blaðsíður.

65.000 flettiorð.

8.000 undirflettiorð.

Ýtarlegar ritreglur.

Skólatilboð:  
**6.980,-**

Leiðbeinandi verð:  
**8.430,-**

## ENSK-ÍSLENSKA ORÐABÓKIN

Loksins nútímaleg ensk-íslensk orðabók.

Hátt í 40.000 uppflettiorð á 870 blaðsíðum.

Gagnleg í vinnunni.

Ómissandi í daglegu lífi.

Skólatilboð:  
**6.980,-**

Leiðbeinandi verð:  
**8.430,-**



JPV

JPV ÚTGÁFA

[www.jpv.is](http://www.jpv.is)

**Nýtt í bíó** Sími: 553 2075 - bara lúxus

**LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR**

TRANSFORMERS	kl. 4, 7 og 10-POWER	10
PLANET TERROR	kl. 8 og 10.20	16
SIMPSONS enskt tal	kl. 4, 6, 8 og 10	L
SIMPSONS íslensktal	kl. 4 og 6	L

www.laugarasbio.is - Miðasala á [midi.is](http://midi.is)

**NÝTT Í BÍÓ!**

EIN BESTA ÁSTARSAGA ALLRA TÍMA BYGGÐ Á ÆVI RITHÓFUNDARINS JANE AUSTEN.

**TRANSFORMERS** PEIRRA STRÍÐ. OKKAR HEIMUR. Sínd í LÚXUS

**BECOMING JANE** BAKVIÐ ALLAR GÓÐAR ÁSTARMYNDIR ER FRÁBÆR SAGA

**PLANET TERROR** Bruce Willis, Rose McGowan, Fergie, Michael Biehn, Jeff Fahey. Yfir 40.000 á 11 dögum!

**EVAN ALMIGHTY** Die Hard 4.0

<b>SMÁRA BÍÓ</b> SÍMI 564 0000		<b>REGNBÖGINN</b> SÍMI 551 9000		
TRANSFORMERS	kl. 5-8-11	7	BECOMING JANE	kl. 5.30-8-10.30
TRANSFORMERS LÚXUS	kl. 5-8-11		PLANET TERROR	kl. 5.20-8-10.40
THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl. 4-6-8-10		THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl. 6.30-8.30-10.30
THE SIMPSONS MOVIE ISL. TAL	kl. 4-6-8-10		DEATH PROOF	kl. 5.20-8-10.40
EVAN ALMIGHTY	kl. 4-6			
DIE HARD 4.0	kl. 8-10.45	14		

450 kr. í bíó!

<b>HASKLABÍÓ</b> SÍMI 530 1919		<b>Starvation City</b> SÍMI 462 3500		
TRANSFORMERS	kl. 6-9	7	PLANET TERROR	kl. 8-10
THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl. 8-10		THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl. 6-8-10
THE SIMPSONS MYNDIN ISL. TAL	kl. 6		THE SIMPSONS MYNDIN ISL. TAL	kl. 6

MIDASALA Á [midi.is](http://midi.is)

**www.SAMbio.is (575 8900) midi.is**

**STÆRSTA MYND SUMARSINS**

DIGITAL mynd og hljóðgæði í SAMbíónum Álfabakka og Kringlunni

**PEIRRA STRÍÐ. OKKAR HEIMUR**

FRÁ MICHAEL BAY OG STEVEN SPIELBERG

FRÉTTABLAÐIÐ

★ ★ ★ NANCY DREW HJ. MBL

★ ★ ★ Georgia Rules

<b>ÁLFABAKKA</b>			
TRANSFORMERS	kl. 2-5-8-11	DIGITAL	10
TRANSFORMERS	kl. 2-5-8-11	VIP	10
NANCY DREW	kl. 6-8:10-10:20		7
GEORGIA RULES	kl. 5:30-8-10:30		7
HARRY POTTER 5	kl. 2-5-8-11		10
EVAN ALMIGHTY	kl. 2		L
<b>KEFLAVÍK</b>			
TRANSFORMERS	kl. 5-8-11		7
SIMPSONS MI-ENSKTAL	kl. 6-8		L
NANCY DREW	kl. 10		7
<b>AKUREYRI</b>			
TRANSFORMERS	kl. 5-8-11		10
HARRY POTTER 5	kl. 5		10
NANCY DREW	kl. 8-10		7

VIP SALURINN ER BARA LÚXUS

# Baltasar Kormákur í Independent

Nafn leikarans, leikstjórans og framleiðandans Baltasars Kormáks verður sífellt stærra í hinum alþjóðlega kvikmyndaheimi og í tilefni þess að mynd hans, A Little Trip to Heaven, kom út á DVD í Bretlandi í vikunni var hann í stuttu viðtali við hið virta blað Independent á þriðjudag. Um svokallað 5-mínútna viðtal er að ræða þar sem Baltasar er spurður hnyttinna spurninga sem eiga að gefa

innsýn inn í þá manneskju sem hann hefur að geyma. Baltasar kemur víða við í svörum sínum og segir meðal annars að það séu mikil mistök hjá íslenskum stjórnvöldum að leyfa hvalveiðar. Spurður um í hverju hann sé ekki svo góður að gera segir Baltasar: „Að koma mér í rúmið á kvöldin. Ég vil helst vinna á næturnar, sem er ekki mjög vinsælt hjá fjölkskyldunni.“



BALTASAR KORMÁKUR Er orðinn að þekktu nafni í kvikmyndabransanum.

# Hinsegin dagar hefjast

**Hinsegin dagar 2007 hefjast með pompi og prakt í dag.**

Dagskrá Hinsegin daga er víðamikil í ár, og Gleðigangan, sem er hápunktur hátíðarinnar og fer alla jafna fram á öðrum laugardegi í ágúst, er hápunktur hennar. Hátíðin hefist á því að Hinsegin klúbbur Q-bar opnar á hádegi, en hann verður opinn alla daga hátíðarinnar. Í kvöld halda Didda og Mina rakastan sína Elvis og Sarah Greenwood tónleika á Domo, og samkynhneigði plötusnúðurinn Qboy þeytir skífum á barnum sem kennir sig við sama bókstaf.

Eiginleg opunarhátíð Hinsegin daga fer fram í Loftkastalanum annað kvöld. Þar koma fram indverski dansarinn Sunny, sem mun einnig taka þátt í Gleðigöngunni, Magga Stína, sænska stúlkna-sveitin Pay TV, Jimmy Somerville og Miss Vicky. Gleðigangan leggur af stað frá Hlemmi kl. 14 á laugardag, og henni lýkur í Lækjargötu þar sem fjöldi tónlistarmanna treður upp.

Þar á meðal verða Sarah Greenwood, Friðrik Ómar, Hara-systur og fleiri góðir gestir. Páll Óskar lýkur kvöldinu með dansleik á Nasa, en eiginlegur lokapunktur hátíðarinnar er forsýning á kvik-



GLEÐIGANGA Dagskrá Hinsegin daga 2007 hefist í dag. Hápunktur hennar verður Gleðigangan næstkomandi laugardag, en hátíðinni lýkur með forsýningu á Hairspray. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

myndinni Hairspray, sem verður frumsýnd hér á landi 14. september næstkomandi.

Frekari upplýsingar um Hinsegin daga má nálgast á [gaypride.is](mailto:sunna@frettabladid.is).

# Svona er sumarið 2007

Það er sitt lítið af hverju á Astrópiu-kvikmyndaþlötunni. Nokkur ný popplög tekin upp sérstaklega fyrir plötuna, ný og nýleg lög af útkomnum eða væntanlegum plötum og kvikmyndaþónlistin sjálf sem Þorvaldur Bjarni samdi og sem hljóðrituð var af Sinfóníuhljómsveit Búlgaríu. Sá hluti er aftast á plötunni. Alls eru þetta tæpar 80 mínútur þannig að þetta er vel útlátinn þakki.

Það eru nokkrar leiðir til að búa til sannfærandi bíómyndarplötu. Ein þeirra er að fá gott tónskáld til að búa til kvikmyndaþónlist sem virkar jafnt í kvikmyndinni sem án hennar (dæmi: The Godfather eða Superfly). Önnur leið er að safna einfaldlega saman helling af flottum lögum (dæmi: Pulp Fiction). Astrópiu-platan reynir að fara báðar þessar leiðir.

Kvikmyndaþónlistin hans Þorvaldar Bjarna hljómar ágætlega, en hún gerir svo sem ekkert mjög mikið fyrir mann heima í stofu þó að maður geti ímyndað sér að hún virki vel í myndinni sjálfri. Frumsömdu popplögin sem eru líka

flest eftir Þorvald Bjarna eru nokkuð misjöfn að gæðum. Best er titillagið sem Stefán Hilmarsson syngur. Nýja útgáfan af laginu Sumarást sem Helgi Björns og Ragnhildur Steinunn syngja er ágæt. Þetta er flott lag eftir Lee Hazelwood sem nú er nýfallinn frá. Ragnhildur hefur sæta rödd sem hæfir því vel.

Það besta við Astrópiu-plötuna eru löginn sem voru ekki samin sérstaklega fyrir myndina. Þau eru mjög vel valin og bera plötuna uppí. Þarna eru nokkur af vinsælustu og bestu lögum sumarsins 2007 – Hold Me Closer með Motion Boys, Last Dance Before An Execution með Lödu Sport, Story Of A Star með Últra Mega Techno Bandinu Stefán og hið frábæra Verum í sambandi með Sprengjuhöllinni. Það er eitt af lögum ársins – flottur söngur, frábær texti og grípandi melódía. Þarna eru líka fín lög með FM Belfast, Togga, Pétri Ben, Steina og hljómsveitinni Wax.

Heildarsvipurinn er ekki sterkur, en það er samt alveg hægt að mæla með Astrópiu-plötunni sem



## TÓNLIST

### Astrópiu

Tónlistin úr kvikmyndinni

★ ★ ★

Sprengjuhöllin, Motion Boys, Últra Mega Techno Bandið Stefán, FM Belfast, Pétur Ben, Stefán Hilmarsson og Wax eru á meðal þeirra sem halda uppi þessari ágætu kvikmyndasafnplötu.

ágætlega heppnaðri safnplötu með nýrri og nýlegri tónlist. Svona er sumarið 2007 ... Trausti Júlíusson

HVÆÐ ER SÍMINN?

# Ég er ekki stjarna

Ofurfyrirsætan Kate Moss þolir illa að vera kölluð „stjarna“ í daglegri umræðu og umfjöllun fjölmiðla og segist hún hreinlega hata orðið. „Ég er engin stjarna heldur vinn mína vinnu eins og hver annar,“ sagði Moss í samtali við Women's Wear Daily-tímaritið. „Fyrir mér er stjarna einhver sem gengur niður rauða dregilinn öllum stundum. Ég geri það ekki,“ segir Moss en ekki er langt síðan hennar eigin tiskulína fór á sölu í verslunum Topshop. Þá er fyrirhugað að ilmur og hárvörur í hennar nafni fari á markað á næstu vikum. „Ég lít á sjálfa mig sem farsæla viðskiptakonu,“ segir Moss.

KATE MOSS Er tíður gestur á slúður-síðum ensku götublaðanna.



# Busta Rhymes kærður

Rapparinn Busta Rhymes hefur verið kærður fyrir grófa líkamsárás sem sögð er hafa átt sér stað í fyrrasumar og gæti Rhymes átt yfir höfuð sér nokkurra ára fangelsi verði hann fundinn sekur. Rapparinn er kærður fyrir að hafa lamið hinn tvítuga Roberto LeBron í ágúst í fyrra eftir að sá síðarnefndi hafði hrækt í átt að bifreið Busta í þann mund sem henni var ekið brott af tónleikastað. LeBron segir að rapparinn, ásamt níu manna fylgdarliði hans, hafi látið högginn dynja á sér og þar á meðal hafi Rhymes sjálfur sparkað í höfuð hans þar sem hann lá á götunni. Busta neitar sök.

Í VONDUM MÁLUM Busta Rhymes hefur orð á sér fyrir að vera ofbeldisfullur.



## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Coleen McLoughlin**, kærasta fót-boltamannsins **Waynes Rooney**, er komin með vinnu. Stúlkán sú hefur tekið að sér að vera andlit mat-vörudejunnar Iceland í Englandi ásamt söngkon-unni **Kerry Katona**. Iceland er sem kunnugt er í eigu **Pálma Haraldssonar** og félagar í Fons.



Fyrirverandi kærasta rapparans **P. Diddy** er handviss um að hann hafi haldið framhjá sér á meðan þau voru saman. Unnustan fyrirverandi, **Kim Porter**, er þó sannfærð um að Diddy hafi ekki haldið framhjá henni með leikkonunni

**Siennu Miller**. Fjölmíðlar vestanhafs hafa undanfarið mikið fjallað um meint ástarsamband Diddys og Miller, en hún er fyrirverandi kærasta **Judes Law**. „Hann hélt framhjá mér, það er ekki spurning. En það var ekki með Siennu, þau eru bara vinir,“ segir Porter.

Take That-söngvarinn **Gary Barlow** segir að hann og **Robbie Williams** hafi endanlega slíðrað sverðin. Söngvararnir áttu í hörðum deilum áður en Robbie hætti í hljómsveitinni árið 1995. Deilurnar héldu áfram þar til í fyrra að þeir hittust til að leysa málin. Agætlega fór á með þeim en andrúmsloftið var fremur kalt. Í síðustu viku hittust þeir svo aftur í Los Angeles og allt er í himnalagi á milli þeirra nú. „Við spjölluðum saman og erum aftur orðnir góðir vinir,“ segir Barlow.



Leikkonan **Michelle Pfeiffer** afþakkaði aðalhlutverkið í kvikmyndinni Ógnareðli árið 1992 vegna þess að hún þolir ekki nektaratriði. Pfeiffer bauðst sem sagt hlutverkið sem gerði **Sharon Stone** fræga en henni fannst myndin of gróf. „Ég gat bara ekki gert þetta. Pabbi minn var enn á lífi og ég er frekar feimin. Svo er ég líka frekar feimin þegar kemur að líkama mínum,“ segir Pfeiffer.



# HJÓNA RÚM

*fyrir*

# ENSKA BOLTANN

Þegar þú notar kreditkort þitt færðu Aukakrónur. Ef þú notar kortið hjá samstarfsaðilum okkar færðu enn fleiri Aukakrónur. Svo getur þú notað Aukakrónurnar til að kaupa það sem þig langar í hjá öllum samstarfsaðilum.

Þannig getur áskrift þín að Enska boltanum á Sýn2 lagt þér til Aukakrónur fyrir hjónarúmi í Betra Baki.

Aukakrónur eru fríbíndasöfnun Landsbankans. Við viljum umbuna fólk fyrir góð viðskipti á einfaldan og gagnsæjan hátt. Skráðu þig á aukakrónur.is, hringdu í síma 410 4000 eða komdu við í næsta útbúi Landsbankans. Vertu með. Það er einfalt. Aukakrónur: þær koma bara.

**Landsbankinn**

HVAÐ ER SÍMINN?







NÚ Á **2** STÖÐUM

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## MÁLNINGAR- OG MÚRVÖRUR

Fellsmúla - Reykjavík  
Njarðarbraut - Reykjanesbæ



Verð frá **399**

MÚRSKEIÐAR



Verð frá **195**

GLATTARAR



Verð frá **295**

MÚRBRETTI



Verð frá **99**

LÍMSPÁÐAR



**690**

MÚRSKEIÐAR, 3 STK



**390**

KALKKÚSTUR



**499**

HNÉHLÍFAR



**5850**

FLÍASÖG



Verð frá **395**

FLÍSAVERKFÆRI

### TILBOÐ!



**1495**

FLÍSASKERI



Verð frá **299**

HALLAMÁL



Verð frá **399**

SPARTLSPAÐAR



Verð frá **399**

ÞAKKÚSTAR



Verð frá **57**

MÁLNINGAPENSLAR



Verð frá **199**

PÚSSIKUBBAR




Verð frá **199**

BAKKAR OG FÖTUR



Verð frá **199**

MÁLNINGARKEFLI



**599**

MÁLNINGARRÚLLA



**299**

HRÆRA

## RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888  
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

## OPIÐ ALLA DAGA

Mánud. til föstud. kl 9 - 18  
Laugard. kl 10 - 17 (lokað á Njarðarbraut)  
Sunnud. kl 12 - 16 (lokað á Njarðarbraut)



**ENGIN MÖRK** Víkingar hafa ekki skorað deildarmark gegn Fylki síðan Viktor Bjarki skoraði 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Víkingar skora ekki gegn Fylki: **Markalausir í 341 mínútu**

**FÓTBOLTI** Víkingar vonast til þess að finna loksins leið framhjá Fylkisvörninni í leik liðanna í 12. umferð Landsbankadeildar karla í kvöld. Víkingar hafa leikið þrjá deildarleiki í röð og samtals í 341 mínútu án þess að ná að skora hjá Árbæingum. Víkingar komust 1-0 yfir með marki Viktors Bjarka Arnarssonar í leik liðanna 22. ágúst 2004 en Fylkismenn svöruðu með þremur mörkum og hafa síðan bætt við öðrum fjórum í þremur sigurleikjum.

Fylkir hefur unnið fimm leiki liðanna í röð í efstu deild, þar af tvo þá síðustu 1-0, en síðasti sigur Víkinga á Fylki var í Árbænum 11. september 1993. - óó

Breiðablik í úrvalsdeild karla: **Skelfilegt gengi suður með sjó**

**FÓTBOLTI** Blikar sækja í kvöld Keflvík heim í 12. umferð Landsbankadeildar karla en þeir hafa ekki sótt þrjú stig suður með sjó síðan 15. júní 1983 eða í rúmlega 24 ár.

Blikar unnu þá 2-0 sigur á Keflavík og mörkin skoruðu þeir Hákon Gunnarsson og Sigurður Grétarsson. Síðan hafa Blikar spilað níu leiki í efstu deild í Keflavík og aðra sex til viðbótar í Grindavík en aldrei náð að vinna.

Blikar hafa samtals fengið 3 stig út úr þessum 15 leikjum og markatalan er 11-35. - óó

Örn Ævar Hjartarson:

**Reynir fyrir sér í atvinnumennsku**

**GOLF** Örn Ævar Hjartarson mun í haust taka þátt í úrtökumótum fyrir evrópsku mótaröðina í golfi. Mörg þúsund kylfingar sækja um á ári hverju en aðeins um þrjátíu komast inn á mótaröðina.

„Ég hef verið að æfa vel og mikið í ár. Ég hef náð góðum hringjum inn á milli, til dæmis í Meistarumótum GS þar sem ég spilaði á ellefu höggum undir pari. Þetta sýnir að ég á alveg heima á meðal þeirra bestu í Evrópu þegar vel gengur,“ sagði Örn Ævar í samtali við Víkurfréttir. - hph

FH er fallið úr leik í Meistaradeild Evrópu eftir 1-1 jafntefli gegn BATE ytra í gær: **Í heildina erum við með jafn gott lið**

**FÓTBOLTI** Evrópuævintýri Íslandsmeistarar FH er lokið í ár eftir 4-2 tap samanlagt gegn hvítrússneska liðinu BATE. Síðari leiknum í gær lyktaði með 1-1 jafntefli þar sem Tryggvi Guðmundsson kom FH yfir úr víti í fyrri hálfleik sem hann fékk sjálfur, en BATE jafnaði metin á lokamínútnum þegar FH freistaði þess að sækja annað mark.

Auðunn Helgason fékk rautt spjald í fyrri hálfleik ásamt sóknarmanni BATE en hann var ekki sáttur við þann dóm. „Við byrjuðum vel, fórum framarlega og pressuðum á þá. Við gerðum þetta mjög vel, þetta leit vel út og við komumst



**TAP ÚTI** FH er fallið úr leik í Meistaradeildinni eftir tap í gær. Myndin er úr fyrri leik liðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

yfir. Svo er ég rekinn út af með annað gula spjaldið og þeirra maður

fékk beint rautt fyrir olbogaskot í mig. Dómarinn var tæpur á tímum og fyrri spjaldið mitt var fyrir litlar sakir. Við vorum sanngjarnt yfir í hálfleik og síðari hálfleikurinn var líka góður,“ sagði Auðunn við Fréttablaðið í gær.

„Við spiludum miklu betur en heima. Við töpuðum þessu í Kaplakrika, það var ekki ásættanlegt að tapa 3-1 þar. Við vorum ekki klárir þá, annað en í dag, og hefðum við betri úrslit að heiman hefðu möguleikar okkar á því að komast áfram verið töluverðir. Í heildina er þetta lið bara mjög svipað og við,“ sagði Auðunn.

- hph

Met féll í Evrópukeppni í gær: **Tryggvi orðinn markahæstur**

**FÓTBOLTI** Tryggvi Guðmundsson varð í gær markahæsti leikmaður íslensks liðs í Evrópukeppnum frá upphafi. Markið sem Tryggvi skoraði í gær var hans sjötta í Evrópukeppni en fyrir leikinn höfðu hann og fjórir aðrir skorað fimm mörk í Evrópu.

Áður áttu metið með Tryggva þeir Hermann Gunnarsson (Valur 5), Mihajlo Biberic (KR 4, ÍA 1), Ríkháður Daðason (KR 4, Fram 1) og Hörður Sveinsson (Keflavík 5). Tryggvi skoraði fjögur af mörkunum fyrir ÍBV á árunum 1996 og 1997 en hefur síðan skorað tvö mörk fyrir FH síðustu tvö sumur. - óó

## Íslendingar í eldlínunni á Englandi

Fimm Íslendingar eru í dag á mála hjá félögum í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu sem hefst á laugardaginn. Hlutverk þeirra á vellinum verður væntanlega misjafnt en tveir þeirra eru komnir til nýrra félaga.



### HEIÐAR HELGUSON (BOLTON)

Framherji, 29 ára

**Berst um stöður við:** Nicolas Anelka, Kevin Davies, Ricardo Vaz Te, Daniel Braaten.

**Leikir á síðasta tímabili:** 16 í byrjunarliði, 14 sinnum inn sem varamaður (fyrir Fulham).

**Kom til Englands:** 2000, til Watford.

Vinnsluhesturinn færði sig yfir til Bolton frá Fulham í sumar. Baráttueðli hans ætti að smelppassa inn í lið Bolton þar sem samkeppnin um stöður í framlínunni er mikil. Þarf að nýta sín tækifæri vel.

### BJARNI ÞÓR VIÐARSSON (EVERTON)

Miðjumaður, 19 ára

**Berst um stöður við:** Mikel Arteta, Tim Cahill, Phil Neville, Leon Osman, Lee Carsley.

**Leikir á síðasta tímabili:** 0

**Kom til Englands:** 2004, til Everton.

Bjarni hefur verið að banka fast á aðallífsdyrnar hjá David Moyes og gæti fengið langþráð tækifæri á þessari leiktíð. Bjarni sat tvívegis á varamannabekk aðallífsins á síðustu leiktíð en hann var meðal annars lánaður til neðrideildarliðsins Bournemouth þar sem hann öðlaðist góða reynslu. Bjarni verður að öllum líkindum ekki lánaður aftur.



### ÍVAR INGIMARSSON (READING)

Varnarmaður, 29 ára

**Berst um stöður við:** Ibrahim Sonko, Sam Sodje, Michael Duberry.

**Leikir á síðasta tímabili:** 38 í byrjunarliðinu.

**Kom til Englands:** Torquay 1999.

Einn af fáum leikmönnum sem spiluðu alla leikina og allar mínúturnar í deildinni í fyrra. Orðinn að varafyrirlíða og er einn af lykilmönnum liðsins. Kemur til með að spila stóra rullu hjá liði sem ætlar að berjast í efri hluta deildarinnar.

### HERMANN HREIÐARSSON (PORTSMOUTH)

Varnarmaður, 33 ára

**Berst um stöður við:** Sol Campbell, Linvoy Primus, Dejan Stefanovic, Andy O'Brien, Sylvain Distin, Djimi Traoré, Matthew Taylor.

**Leikir á síðasta tímabili:** 30 í byrjunarliði, einu sinni inn sem varamaður (fyrir Charlton).

**Kom til Englands:** 1997, til Crystal Palace.

Óvíst hvort hann verði vinstri bakvörður eða miðvörður en getur leyst báðar stöður vel. Stjóri liðsins, Harry Redknapp, lýsti yfir mikilli ánægju með að klófesta hann frá Charlton í sumar. Reynsla hans vegur þungt og hann ætti að ná að festa sig í sessi í byrjunarliðinu þrátt fyrir að vera kominn á efri ári.



### BRYNJAR B. GUNNARSSON (READING)


Miðjumaður, 31 árs

**Berst um stöður við:** John Oster, Kalifa Cisse, Emorse Fae.

**Leikir á síðasta tímabili:** 10 í byrjunarliði, 13 sinnum inn sem varamaður.

**Kom til Englands:** 1999, til Stoke.

Með reynslu sinni og fjölbærni hefur Brynjar skipað sess sem mikilvægur hlekkur í leikmannahópi Reading. Hann getur leyst fjölmargar stöður þrátt fyrir að kunna best við sig inni á miðjunni. Hann skoraði líka nokkur mikilvæg mörk á síðasta tímabili en hann gæti átt erfitt með að festa sig í sessi í byrjunarliði Steves Coppell.



**LOFTPRESSUR**  
Disilpressur, traustar og vistvænar  
Úrval af loftpressum fyrirbyggjandi

**SULLAIR**  
**IDNVELAR** WWW.IDNVELAR.IS  
Hvaleyrarbraut 20 - 220 Hafnarfjörður - S 414 2700

HVAÐ ER SÍMINN?

**ÞAÐ ER BARA EINN  
ALVÖRU SKÓMARKAÐUR**

**9.-19. ágúst**

# STÓRI SKÓMARKAÐURINN Í PERLUNNI

## Frábært vöruúrval! -frábær verð!

Dömu, herra og barnaskór í frábæru úrvali. Leðurstígvél, spariskór, sportskór, inniskór, útlífsskór, gúmmístígvél, ungbarnaskór, leðurtöskur, tautöskur, bakpokar, sokkar ofl. ofl...

## Nýjar og nýlegar vörur frá þekktum framleiðendum!

Vagabond, Blend, Rebook, Skechers, Conway, Sanilet, Flexi footwear, Timeless, No Doubt, Sixty Seven, Six Mix, SMS UK, Betty Blue ofl. ofl.

## NÝTT!

Útlífssfatnaður frá Didrikson á alla fjölskylduna!!! Regngallar, öndunarfatnaður, hanskar, jakkar og buxur.

## EINFÖLD VERÐ

500

1000

2000

3000

4000

5000

6000

### Opnunartími

Opið alla daga frá 12.00 til 18.00

Markaðurinn er á jarðhæð Perlunar frá fimmtudeginum 9.ágúst til sunnudagsins 19. ágúst.

Komdu og gerðu skókaup ársins á stærsta skómarkaði landsins...





Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.05**  
**Matur og lífsstíll**

Matur og lífsstíll er hressandi lífsstílsþáttur þar sem hin eina sanna Vala Matt heimsækir þekktu Íslendinga og fylgist með þeim töfra fram uppáhaldsréttina sína. Gestir þáttarins að þessu sinni eru fjölmiðlahjónin Sigmundur Ernir og Elin Sveinsdóttir.



► **VIÐ MÆLUM MED**  
**Kingdom lögmaður**  
**Sjónvarpið kl. 21.05**

Nýr, breskur gamanmyndaflokkur með Stephen Fry í aðalhlutverki. Lögmaðurinn Peter Kingdom býr og starfar í smábæ í sveitasælnni í Norfolk. Hann er sérvitur en hjartahlýr og virðist ánægður með lífið. Dulurfullt hvarf bróður hans skyggir þó á lífsgleði hans. Meðal leikenda eru auk Stephens Fry þau Hermione Norris, Celia Imre, Phyllida Law, Tony Slattery og Karl Davies.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.50 Bæn
- 07.05 Morgunvaktin
- 09.05 Laufskálinn
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Dragspilið dunar
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.03 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregni
- 12.50 Dánarfregni og auglýsingar
- 13.00 Sakamálaheitið: Mótalekur
- 13.15 Vít og breitt
- 14.03 Útvarpssagan: Hótel Kalifornía
- 14.30 Miðdegistónar
- 15.03 Jónas frá Hriflu og Laugarvatn
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregni
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Viðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregni og auglýsingar
- 19.00 Laufskálinn
- 19.40 Útvarpsleikhúsið: Mæja spæja
- 20.00 Heima er best
- 20.40 Sérðu það sem ég sé ?
- 21.00 Út um græna grundu
- 21.55 Orð kvöldsins
- 22.15 Kvöldsagan: Ævintýri Artúrs Gordons Pym
- 22.45 Kvöldtónar
- 23.10 Söguhraðlestin
- 00.10 Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

**FA SIRKUS**

- 17.15 Insider
- 17.45 Skífulistinn
- 18.30 Fréttir
- 19.00 Ísland í dag
- 19.40 Entertainment Tonight
- 20.10 True Hollywood Stories (1:8) (e)
- 21.00 Daisy Does America (3:8) (e)
- 21.30 Bestu Strákarnir (16:50)
- 22.00 The Riches (11:13) Glæný, bandarísk þáttaröð með Minnie Driver í aðalhlutverki. Wayne og Dahlia Malloy hafa eytt ævinni í ferðalög og svikastarfsemi með sígaunum en telja að það sé kominn tími til að breyta til. Þau setjast því að í venjulegu úthverfi og gera sitt besta til þess að falla í hópin.
- 22.50 Ghost Whisperer (25:44) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjándans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda. Melinda er nýgift og rekur antikbúð í smábænum þar sem hún býr.
- 23.35 E-Ring (1:22) Spennuþáttur úr smíðju Jerrys Bruckheimer með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T. Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrum CIA-maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.
- 00.20 Jake 2.0 (3:16) (e)
- 01.00 Entertainment Tonight (e)
- 01:25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

**BBC PRIME**

6.15 The Roly Mo Show 6.30 William's Wish Wellingtons 6.35 Teletubbies 7.00 House Invaders 7.30 The Week the Women Went 8.00 Small Town Gardens 8.30 Perfect Properties 9.00 Garden Challenge 9.30 Wild New World 10.30 One Foot in the Grave 11.00 As Time Goes By 11.30 My Family 12.00 Hetty Wainthropp Investigates 13.00 Waking the Dead 14.00 House Invaders 14.30 Bargain Hunt 15.15 Bargain Hunt 16.00 As Time Goes By 16.30 My Family 17.00 Staying Put 17.30 Staying Put 18.00 Waking the Dead 19.00 Spooks 20.00 Kiss Me Kate 20.30 Nighty Night 21.00 Waking the Dead 22.00 One Foot in the Grave 22.30 Spooks 23.30 As Time Goes By 0.00 My Family 0.30 EastEnders 1.00 Waking the Dead

**DR 1**

6.00 SommerSummarum 7.35 Yu-Gi-Oh! 7.55 Ctrl Z 8.15 Drengen og Tyrannen 8.30 Shin Chan 8.40 Shin Chan 8.50 Haj med luftpost 9.20 Vagn på floden 10.00 TV Avisen 10.10 De moderne familier 10.40 Med rygæk 11.05 Vi elsker korsang 11.35 Familiejagten 12.05 Dawsons Creek 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 TV Avisen med vejret 13.05 Pigebandet Frank 13.30 SommerSummarum 15.05 Dragejægerne 15.30 Fandango med Sine 16.00 Når næsehøret hedder Oscar 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Sherlock Holmes 17.55 Huset på Christianshavn 18.30 Sommertid 19.00 TV Avisen 19.25 SportNyt 19.30 Landsbyhospitalet 20.15 Forsvundet 21.45 OBS 21.50 Musikprogrammet

**NKI**

6.00 Teddy og Annie 6.15 Uglar i mosen 6.40 Noahs dyrebare øy 7.05 Gjengen på taket 7.24 Moro med dyr 7.35 I hodet på Áva Burman 7.45 Grusomme grøss 8.00 Laura 8.25 Med hjertet på rette staden 9.10 Jukeboks: Vitenskap 10.00 Jukeboks: Sport 11.00 Jukeboks: Ut i naturen 12.00 Jukeboks: Country 13.10 The Tribe - Den nye morgendagen 13.35 Byttelånene 14.00 Verdensserien i sandvolleyball 15.50 Oddasat - Nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Bosse 16.10 Nå er det nå 16.40 Distriktnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Viten om 18.00 Løvebakken 18.25 Festivalsommer 18.55 Distriktnyheter 19.00 Siste nytt 19.10 Sommeråpent 20.10 Kalde spor 21.00 Kveldsnytt 21.15 Kalde spor 22.05 Norge i dag 22.15 Golf: Scandinavian TPC 22.45 Hairy Bikers kokebok

**SVT 1**

7.15 Hej hej sommar 7.16 Lillas smågodis 7.40 Unge greve Dracula 10.00 Rapport 10.05 Melita möter 13.00 Eddie Constantine - mer än tuff på bio 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 15.00 Sista terminen 15.30 Kunskap och vetande 16.00 Lantmusen och stadsmusen 16.25 Stora maskiner 16.30 Hej hej sommar 16.31 Lillas smågodis 16.55 Unge greve Dracula 17.30 Rapport 18.00 Vid kungens bord 19.00 Övernakade 20.00 Planeten - version 2007 21.00 Rapport 21.10 Uppdrag granskning - sommarspecial 22.10 Sändningar från SVT24 4.00 Gomorron Sverige

Frá kr. 2.790.000

TUCSON SPORT

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS skriðvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 16" álfelgur
- Hiti í framsætum
- Hiti undir þurkublöðum
- Leðurstýri og leður á girhnúð
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Loftkæling A/C
- Samlitur

TUCSON SPORT

Frá kr. 27.700 á mánuði\*

Bíll á mynd: Hyundai Tucson Sport

HYUNDAI

www.hyundai.is

Hyundai hefur gæðin

Bíllasamningur n.v. 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskerfa 50% JPV / 50% CHF.

51255050

Auglýsingasími

- Mest lesið

## MORGUNMATURINN



„Það er ekki langt síðan ég gerði nýja uppgötvun hvað morgunmat varðar. Það er hvítlaukskotascæla, vínber og kasjú-hnetur, öllu hrært saman í skál. Ljúffengt, hollt og gefur manni aukinn kraft.“

Porvaldur Bjarni Porvaldsson  
tónlistarmaður

# Hönnun Steinunnar verðlaunuð í Köben

Fatahönnuðurinn Steinunn Sigurðardóttir hlaut í gær norræn hönnunarverðlaun að nafni Gínan. Það er danska tiskutímaritið IN sem veitir verðlaunin, sem eru fimm ára gömul. „Það er alltaf gaman að vinna hönnunarverðlaun,“ sagði Steinunn ánægð í samtali við Fréttablaðið, en hún var stödd í Kaupmannahöfn þar sem tiskuvikan er í fullum gangi. Hönnun Steinunnar undir eigin nafni hefur vakið mikla athygli, en fyrr á ferli sínum starfaði hún meðal annars hjá Calvin Klein, Gucci og La Perla.

„Þau tilnefna hönnuði frá öllum Norðurlöndunum til þessara verðlauna. Í ár voru það þrír Svíar, einn Dani og ég,“ útskýrði Steinunn, sem kvaddist að sjálfsögðu ánægð

með að hafa komið Íslandi á kortið. Þegar Fréttablaðið náði tali af Steinunni var tiskusýning hennar nýafstaðin. „Þetta var ofsalega skemmtileg sýning og mörg hundruð manns að horfa á dönsk módel í íslenskri hönnun,“ sagði Steinunn kát. Hún selur jafnframt hönnun sína á kaupstefnu sem haldin er samhliða tiskuvikunni, eins og fleiri íslenskir hönnuðir.

„Þetta er stór vettvangur fyrir íslenska hönnun, og ég get sagt að það eru öll hótélherbergi í Kaupmannahöfn fullbókuð út af tiskuvikunni og því sem henni tilheyrir,“ sagði hún. „Hingað koma allir af Norðurlöndunum, og þetta eru að verða mjög stórar sýningar. Það eru fleiri, fleiri tiskusýningar á



VERÐLAUNAHÖNNUBUR Steinunn Sigurðardóttir hlaut norrænu hönnunarverðlaunin Gíuna í gær, en hönnun hennar undir eigin nafni hefur vakið mikla athygli.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

dag, sem eru svo sýndar á stórum skjáum í bænum, eins og sýningin okkar í dag,“ sagði Steinunn, sem

snýr aftur heim í dag. „Ég þarf að fara í annað ferðalag, vinnan kallar,“ sagði hún.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. fuglsnef 6. hljóm 8. frjó  
9. gilding 11. tímaeining 12. egó 14.  
nautnalyf 16. utan 17. af 18. þrjóna-  
varningur 20. bor 21. heimsálfa.

LÓÐRÉTT 1. mats 3. ógrynni 4. tré 5.  
síðasti dagur 7. sósa 10. fjör 13. tilvist  
15. frumefni 16. spíra 19. ætíð.

## LAUSN

LÖBRET: 1. dóms, 3. of, 4. gífurur,  
mál, 16. ála, 19. sl.  
5. gær, 7. maíónes, 10. táp, 13. líf, 15.  
án, 17. frá, 18. les, 20. al, 21. astla.  
LÁRÉTT: 2. gogg, 6. óm, 8. fræg, 9.  
mat, 11. ár, 12. sjálf, 14. óþjóm, 16.

## VEISTU SVARID?

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Georgía
- 2 Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir
- 3 Í janúar 2008



HEIMILIÐ Hjónakornin festu kaup á þessu glæsilega húsi við Goðabraut á Dalvík þar sem vafalítið verður troðið út úr dyrum á morgun.

SVANHILDUR OG LOGI: OPIÐ HÚS Á DALVÍK ANNAÐ KVÖLD

## Elda 120 lítra af fiskisúpu

„Undirbúningurinn er að skríða af stað,“ segir sjónvarpskonan Svanhildur Hólm Valsdóttir en hún hyggst ásamt eiginmanni sínum, Loga Bergmanni Eišssyni, taka virkan þátt í Fiskideginum mikla sem haldinn verður hátíðlegur á Dalvík um helgina.

Á föstudeginum fyrir hátíðina er hefð fyrir því að bæjarbúar bjóði gestum upp á fiskisúpu á heimilum sínum og ætla þau Svanhildur og Logi ekki að vera neindir

eftirbátar í þeim efnum og munu reida fram dýrindis súpu fyrir gesti og gangandi. Þau hjónakornin festu sem kunnugt er kaup á einbýlishúsi við Goðabraut þar nyrðra og hafa verið með annan fótinn þar í sumar.

„Ég reikna með að þetta verði svona 120 lítrar af súpu og ég vonast til að leyfa að minnsta kosti tvö hundruð gestum að smakka á súpunni,“ útskýrir Svanhildur en til að elda herlegheitin hefur verið keyptur sérstakur mötuneitispottur sem ætti að rúma hina miklu súpu. Kokkurinn vildi hins vegar ekki gefa of mikið upp um uppskriftina, sagði uppistöðuna vera ferskan fiskur, rjóma og áfengi en síðan yrði þrjónað í kringum

kræsingarnar eins og stemningin leyfði. „Ég var í matarklúbbi Vöku-Helgafells þegar ég var að byrja að búa og þar rakst ég á þennan grunn.“

Sjónvarpsfólkið er alls ekki óvant því að elda fiskisúpu fyrir fjölda fólks en þau hafa árlega boðið vinum sínum í mikla fiskisúpuveislu fyrir menningarnóttina í Reykjavík. Þeir gestir verða hins vegar að bíta í það súra epli að fá engar kræsingar þetta árið og neyðast til að leggja land undir fót ef þeir vilja fá súpu þetta árið.

Svanhildur viðurkennir að þetta sé í fyrsta skipti sem hún taki þátt í Fiskideginum mikla þótt oft hafi hana dauðlangað að fara. „Mamma og pabbi hefur farið hingað ár hvert og alltaf hringt í mig þegar hápunktinum er náð og sagt mér hversu gaman þetta væri. Það hefði því þurft eitthvað meiriháttar stórslys til að koma í veg fyrir að ég væri með,“ segir Svanhildur en talið er að um þrjátíu þúsund gestir muni sækja Dalvík heim og gæða sér á hvers kyns fiskmeti.

freyrgjiga@frettabladid.is



SVANHILDUR OG LOGI Elda dýrindis fiskisúpu sem gestir Fiskidagsins mikla geta gætt sér á heimili þeirra hjóna.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum þótti einkar vel heppnuð um síðustu helgi. Þúsundir Íslendinga skemmtu sér í góðu veðri en einn gestur vakti athygli öðrum fremur. Var þar um að ræða **Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur** menntamálaráðherra sem spásseraði um Herjólfssdal glæsileg að vanda. Eftir því var tekið hversu alþýðlegur ráðherrann var og þótti greinilegt að hún skemmti sér hið besta.

**Jón Sigurðsson**, aðstoðarforstjóri FL Group, er vinnusamur maður. Hann hefur náð langt þrátt fyrir ungan aldur og það þykir ekki síst vera því að þakka að hann er alltaf að sinna vinnunni. Þannig var Jón með allan varann á fyrir skemmstu þegar hann tók þátt í að steggia vin sinn. Jón ferðaðist um með einkabílstjóra meðan þrautir voru lagðar fyrir stegginn, ef ske kynni að eitthvað kæmi upp á í vinnunni sem hann þyrfti að sinna.

Mikið hefur verið rætt og ritað um einkaflugvél **Björgólfs Thors Björgólfssonar**, ríkasta manns landsins. Vélina notar Björgólfur til að ferðast milli landa í viðskiptaerindum og þykir hún hið mesta þarfapung. A þrjúdagsskíð var einkaþotan hins vegar víðs fjarri þegar umbreytingarárstírin kom með vél Flugfélags Íslands frá Akureyri til höfuðborgarinnar. Með í för var kona hans, **Kristín Ólaf**, og tveggja ára sonur þeirra, **Daniel Darri**. Öll var fjölskyldan sumarleg í klæðnaði og hafði greinilega notið verslunarmannahelgarinnar. - hdm



**VÍSIR.IS**  
Fyrstur með fréttirnar

HVAÐ ER SÍMINN?

## Þórhallur ræður sér fulltrúa

„Þetta er ekki aðstoðarmanneskja eins og auðkýfingarnir eru með,“ segir Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri RÚV, en nýverið var auglýst eftir starfi fulltrúa dagskrárstjóra í Efstaleiti. Einhverjir fengu þá grilli í hausinn að þarna væri dagskrárstjórinn að feta í fótspor forstjóra stórfyrirtækjanna og auðjöfra sem flestir hafa talsmenn eða svokallaða „aðstoðarmenn“ á sínum snærum til að svara fyrir sig og taka símann.

Þórhallur þvertur fyrir það að þetta sé einhver persónulegur aðstoðarmaður hans heldur sé um að ræða nýtt starf. „Það hefur



verið hér framleiðslustjóri á dagskrárdeildinni sem er að hætta og umræddu starfi er ætlað að ganga inn í það starf en með einhverjum breytingum þó,“ útskýrir Þórhallur. „Þetta er því í raun nýtt starfsheiti byggt á gömlum merg sem tekur um leið nokkrum breytingum. Starfið fær nokkur ný hlutverk en missir um leið önnur,“ bætir hann við.

- fgg

ÞÓRHALLUR Fulltrúi dagskrárstjóra er ekki aðstoðarmaður að hætti auðkýfinga og forstjóra stórfyrirtækja.



Upplýsingar og skráning:  
544 4500 / [www.ntv.is](http://www.ntv.is)

# VILTU AUKA MÖGULEIKA ÞÍNA Á VINNUMARKAÐNUM?

Í krefjandi vinnuumhverfi er nauðsynlegt að búa yfir afburða færni og fjölbreyttri þekkingu. Markmið starfsnáms okkar er að styrkja einstaklinginn og þjálfa hann til verka og sjálfstæðra vinnubragða.

## ☀ STARFSNÁM OG NÁMSBRAUTIR

Hnitmiðuð námskeið sem leggja áherslu á að styrkja einstaklinginn og þjálfa hann í verki og sjálfstæðum vinnubrögðum. Nám sem eykur möguleika þína á vinnumarkaðnum.

### **Skrifstofu- og tölvunám**

258 stundir - Verð: 233.000.-  
2 morgunnámskeið byrja 3. september  
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. september

### **Fjármál og rekstur**

132 stundir - Verð: 154.000.-  
Morgunnámskeið byrjar 4. september  
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 3. september

### **Sölu- og markaðsnám**

264 stundir - Verð: 233.000.-  
Morgunnámskeið byrjar 3. september  
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. september

### **Skrifstofunám & hönnun**

414 stundir - Verð: 389.000.-  
2 morgunnámskeið byrja 3. september  
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. september

### **Sölnám & hönnun**

420 stundir - Verð: 389.000.-  
Morgunnámskeið byrjar 3. september  
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. september

### **Skrifstofu- og rekstrarnám**

462 stundir - Verð: 449.000.-  
2 morgunnámskeið byrja 3. september  
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. september

### **Sölu-, markaðs- og rekstrarnám**

396 stundir - Verð: 366.000.-  
Morgunnámskeið byrjar 3. september  
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. september

## ☀ BÓKHALDSNÁM & NAVISION

Í bókhaldsnámi NTV er lögð rík áhersla á að kenna grunnhugtök og vinnubrögð við bókhald. Einnig er kennt á Navision tölvubókhaldskerfið sem mjög víða er notað.

### **Grunnnám í bókhaldi**

108 stundir - Verð: 105.000.-  
Morgunnámskeið byrjar 10. september  
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 10. september

### **Navision viðbótarnám**

24 stundir - Verð: 31.000.-  
Launabókhald, sala og viðskiptamenn,  
fjárhagsbókhald frh. og birgða og tollakerfi.

## ☀ MARGMIÐLUN OG GRAFÍK

Mjög góð námskeið fyrir byrjendur og einnig þá sem hyggja á nám í margmiðlun og grafík og vilja starfa á því sviði.

### **Auglýsingatækni**

156 stundir - Verð: 186.000.-  
Kvöldnámskeið byrjar 10. september

### **Photoshop Expert**

72 stundir - Verð: 106.000.-  
Kvöldnámskeið byrjar 7. nóvember

### **Photoshop grunnnám**

30 stundir - Verð: 31.000.-  
Morgunnámskeið byrjar 10. september  
Kvöldnámskeið byrjar 5. september

### **Myndbandavinnsla – Adobe Premiere**

36 stundir - Verð: 39.000.-  
Kvöldnámskeið byrjar 18. september

## ☀ SÉRHÆFT NÁM & FORRITUN

NTV hefur frá stofnun skólans 1996 lagt mikla áherslu á sérhæft nám byggt á alþjóðlegum grunni. Markmið okkar er að bjóða sérhæft nám sem hentar vinnumarkaðnum sem best.

### **Tölvuviðgerðir**

72 stundir - Verð: 105.000.-  
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 24. september

### **MCP XP netstjórnun**

108 stundir - Verð: 139.000.-  
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 10. september

### **MCSA 2003 netstjórnun**

150 stundir - Verð: 299.000.-  
Helgarnámskeið byrjar 8. september

### **Kerfisstjórnun**

180 stundir - Verð: 233.000.-  
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 24. september

### **Forritun og kerfisfræði**

240 stundir - Verð: 286.000.-  
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 11. september

### **MCDST DIPLOMANÁM**

108 stundir - Verð: 139.000.-  
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 18. september

## ☀ ALMENNT TÖLVUNÁM

### **Tölvunám - fyrstu skrefin**

30 stundir - Verð: 32.000.-  
Morgunnámskeið byrjar 25. september  
Kvöldnámskeið byrjar 24. september

### **ECDL-tölvunám**

78 stundir - Verð: 69.000.-  
Morgunnámskeið byrjar 11. september  
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 24. september



**INNTRITUN FYRIR HAUSTÖNN 2007 STENDUR YFIR!**

**ntv**



## BAKÞANKAR

DR. GUNNA

### Kringlan, 2067

Vöðalega er þessi krúttlegur, segir forseti Íslands, Guðrún Lára Dagbjartsdóttir, og veifar ævagömlum gema. Hún og forsætisráðherrann, Ari Walczak-Thors, eru mætt til að vera viðstödd þegar tímahylkið í Kringlunni er opnað, 68 árum eftir að það var innsiglað. Ha, ha, ég man eftir svona frá afa, segir Guðrún og lyftir upp kaffivél. Nú, þegar næstum tveir áratugir eru liðnir síðan herferðin Kaffilaust Ísland 2050 bar tilætlaðan árangur, eru kaffivélar jafn sjaldséðar og stráskykurskór.

**FRÉTTAMENN** mynda í gríð og erg þegar Guðrún og Ari skoða gamla dótið sem árið 1999 þótti lýsandi fyrir samfélagið. Fremst eru myndavélar NFS, sem opnaði aftur þegar það þótti raunhæft, sama mánuð og íbúatala Íslands fór yfir fimm milljónir. Ísland er ríkasta land í heimi og hér búa eintómir auðmenn. Öllum álverksmiðjum landsins hefur fyrir löngu verið breytt í vatnsátöppunarverksmiðjur og Jón Ólafsson – Water-king, eins og hann er kallaður – er valdamesti maður í heimi og enn í fullu fjöri þökk sé Liv4ever-pillunum frá Decode, verðmætasta fyrirtæki í heimi.

**OPNUN** tímahylkisins er fyrsta skrefið í niðurrifi Kringlunnar. Stórvirkar vinnuvélar bíða mallandi í kring á meðan mektarfólkið skoðar gamla dótið. Rekstur Kringlunnar hefur ekki gengið vel síðasta áratuginn, enda liggur straumurinn í stærri verslunarmiðstöðvar, Geldinganeshöllina, Esjudraum og í stærstu búð í heimi, Þingvallahöfði. Á lóð Kringlunnar er fyrirhugað að koma upp svartholi, en manngerð svarthol, bæði stór og smá, hafa fyrir löngu leyst öll mengunarmáttamála.

**MAN** einhver eftir þessu?, spyr Guðrún glettin. Kliður fer um viðstadda þegar forsetinn bendir á kókflösku í hrúgunni. Eiturefnaeild íslenska hersins er sem betur fer á staðnum og fjarlægir flöskuna varlega. Framleiðsla á kók var hætt árið 2029 eftir mörg döpur ár. Heims-heilsuþylgjan og vatnsskorturinn gerði út af við drykkinn, sem margir töldu eilífan. Lífrænt ræktaða kókið festi sig aldrei í sessi.

**NEI** sko, hérna er tekjublaðið frá 1999, segir Ari og flettir gulnuðu blaðinu. Það er ýkt steikt hvað margt hefur breyst á ekki lengri tíma, segir Guðrún og kíkir yfir öxlina á honum. Já, að hugsa sér að jafn tilgangslítið fólk hafi einu sinni toppað þessa lista, segir Ari og hristir hausinn. Tekjublaðið 2067 eru einmitt nýkomið út og eins og vanalega raða kennarar sér í öll efstu sæti. Á eftir Water-king og Kára Stefáns auðvitað.



## Vertu í góðu sambandi



**Sharp GX-29**  
Stílhreinn og þægilegur samlokusími. Fyrir þá sem eru að leita að traustum talsíma. VGA myndavél, Bluetooth, tölvupóstur og netting tryggja gott samband um allt land.

16.900 kr.



**Nokia 6300**  
Einstaklega þunnur og handhægur margmiðlunarsími sem óhætt er að mæla með. Nokia 6300 mætir þörfum þínum og kemur þér í samband þegar á þarf að halda. 2 mp myndavél, Bluetooth, net, útvarp og MP3 spilar.

29.900 kr.



**Meistaradeildarboltar**  
Hinir vinsælu meistaradeildarboltar fást í verslunum okkar og eru á sérstöku tilboði fyrir **Og1** viðskiptavinum. Almenn verð 1.990 kr.

990 kr.

Komdu til okkar í Vodafone verslunina í Skútuvoði 2 laugardaginn 11. ágúst, kl. 11–15. Pylsur, blöðrur, boltar og frábær símatilboð. Tryggðu þér um leið Enska boltann og fáðu þér áskrift að Sýn 2.

Gríptu augnablikið og lifðu núna

